# FRÉTTABLAÐIÐ

246. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 21. OKTÓBER 2015




Mættur á fund Fjármálaráðherra, sem heldur um budduna í viðræðum ríkisins við starfsmenn, fer í gegnum hóp fólks frá SFR, SLFÍ og LL við stjórnarráðið í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hótað uppsögn fyrir að styðja verkfall

**Yfirlæknir á Heilsugæslunni í Árbæ hvatti samstarfsmenn til að styðja verkfall ritara og vildi lágmarka þjónustu á meðan á verkfalli stæði.**

**KJARAMÁL** Gunnar Ingi Gunnarsson, yfirlæknir á Heilsugæslunni í Árbæ, sendi bréf til starfsmanna heilsugæslunnar í aðdraganda verkfalls ritara stöðvarinnar. Hvatti hann starfsmenn til að virða verkfallsrétt stéttarinnar alveg eins og var gert þegar læknar og hjúkrunarfræðingar fóru í verkfall. Þá var bara bráðatilfellum sinnt en nú fær fólk sem á bókaðan tíma í flestum tilfellum fulla þjónustu. Yfirstjórn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) hefur sent frá sér leiðbeiningar til starfsmanna um vinnufyrirkomulag til að starf heilsugæslunnar laskist ekki.

Í bréfi sínu til lækna, hjúkrunarfræðinga og móttökuritara Heilsugæslunnar í Árbæ segir Gunnar Ingi að líkt og í verkfalli lækna og hjúkrunarfræðinga muni Heilsugæsla Árbæjar bara sinna neyðartilfellum á þeim tíma sem félagsmenn SFR verða í verkfalli. „Næstum óbreytt móttaka sjúklinga […] gerir verkfall SFR að ömurlegum sýndarveruleika í starfsemi HH,“ segir í bréfinu.

Vegna bréfsins hefur Gunnari Inga borist formlegt bréf frá HH um að vegna háttalags og framgöngu hans verði gripið til „viðeigandi úrræða“. Hann er sagður hafa brugðist starfsskyldum sínum í þágu stofnunarinnar og ekki farið eftir fyrirmælum.

Gunnar Ingi fær frest þar til á morgun til að svara. Þá tekur stofnunin ákvörðun um hvort honum verði veitt skrifleg áminning, sagt upp með tilskildum fresti eða rekinn án uppsagnarfrests.

> **Sjálfur væri ég til í að takmarka verulega öll viðtöl alla fjóra boðaða verkfallsdagana – þó þannig auðvitað, að allri bráðaþjónustu verði sinnt á dagvinnutíma.**
>
> Úr bréfi Gunnars Inga Gunnarssonar yfirlæknis til samstarfsfélaga



Gunnar Ingi staðfestir að hann hafi fengið bréfið en vildi ekki tjá sig frekar að svo stöddu. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að annar yfirlæknir á heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu hafi fengið sambærilegt bréf. Ekki náðist í Svanhvíti Jakobsdóttur, forstjóra HH, við vinnslu fréttarinnar. **– ebg** / sjá síðu 4

## Arctica Finance ásælist Arion

**VIÐSKIPTI** Verðbréfafyrirtækið Arctica Finance hefur að undanförnu verið í sambandi við fagfjárfesta sem kynnu að vilja skoða kaup á Arion banka.

Í hópi þeirra fjárfesta sem rætt hefur verið við eru lífeyrissjóðir og aðilar tengdir Guðbjörgu Matthíasdóttur í Vestmannaeyjum.

Sú vinna hefur þó ekki enn leitt til viðræðna við slitabú Kaupþings um eignarhluti, samkvæmt svari frá Kaupþingi.

Hópur kröfuhafa Glitnis hefur boðist til að afsala sér hlut sínum í Íslandsbanka. Þetta var tilkynnt í fyrrinótt. Gangi tilboðið eftir verður 95 prósenta hlutur í bankanum þá hluti stöðugleikaframlags vegna afnáms hafta. **– jhh** / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** Farnir að vekja athygli Stærstu hjólreiðamerki heims hafa lýst yfir áhuga á samstarfi við nýsköpunarfyrirtækið Lauf Forks.



**SKOÐUN** Fornleifar þurfa ekki að koma á óvart. 14-15

**SPORT** Æfingahópur valinn á sterkt æfingamót í Noregi. 16

**MENNING** Gyrðisvaka og dómur um Rakarann frá Sevilla. 22-24

**LÍFIÐ** Erum í dag komin aftur til framtíðar. 28

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





Yfir 800 vörur fyrir hrekkjavöku

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




**Í dag** mun norðanátt leika um landið og kólnar þá í veðri hjá okkur. Sólríkt verður sunnan- og vestanlands, en íbúar á Norður- og Austurlandi mega búast við ýmist slydduéljum eða skúrum. Hiti verður allt að 7 stigum og þá hlýjast á Suðurlandi.

SJÁ SÍÐU 20

# Með togara í togi



Danski dráttarbáturinn Westsund kom til Reykjavíkur í gær frá Grænlandi með skuttogarann Ísbjörn í togi. Skuttogarinn var dreginn mannlaus yfir hafið. Samkvæmt upplýsingum frá Faxaflóahöfnum verður togaranum lagt við Grandabakka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Karp um kjör stóð fram eftir kvöldi í gær

**KJARAMÁL** Ekki voru líkur á að viðræðum lyki með samningi í gærkvöldi á fundi samninganefndar SFR, Sjúkraliðafélags Íslands og Landssambands lögreglumanna og samninganefndar ríkisins hjá ríkissáttasemjara. Viðræður stóðu í mestallan gærdag og var fundi ekki lokið þegar blaðið fór í prentun. Til stóð að halda viðræðum áfram í dag.

Viðræður gengu betur í gær en á mánudag eftir að tókst að leysa hnút sem þá myndaðist.

Tímabundnu verkfalli sem hefur staðið yfir frá aðfaranótt mánudags lauk í nótt. Kennt verður í Háskóla Íslands í dag og vínbúðir ÁTVR verða opnaðar í fyrsta sinn frá laugardegi. Hins vegar stendur ótímabundið verkfall enn yfir á Landspítalanum, hjá sýslumannsembættum, Ríkisskattstjóra og Tollstjóra. – þea

## Vilja ráða fjölda fulltrúa sjálf

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Tillögu borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins um að Reykjavíkurborg fái sjálfdæmi varðandi fjölda borgarfulltrúa var vísað til forsætisnefndar borgarinnar á fundi borgarstjórnar í gær.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum á Reykjavíkurborg að vera með 23 til 31 borgarfulltrúa eftir sveitarstjórnarkosningar 2018.

„Borgarstjórn á fyrst og fremst að taka afstöðu til þess hvort þörf er á fjölgun borgarfulltrúa eða ekki,“ sagði Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, á fundi borgarstjórnar í gær.

Hann sagði að ótækt væri að ráðstafa fjármagni í fjölgun kjörinna fulltrúa á meðan borgin glímir við að rétta af erfiða fjárhagsstöðu sína.

Hafnarfjörður og Kópavogur hafa þegar útfært lögin og eru með lágmarksfjölda fulltrúa, 11 talsins. – srs

## Komst af í Útey og er orðin varaborgarstjóri

**NOREGUR** Hin 27 ára Khamshajiny Gunaratnam hefur verið skipuð aðstoðarborgarstjóri Óslóarborgar. Marianne Borgen, frambjóðandi Sósíalíska vinstriflokksins, var skipuð borgarstjóri á dögunum en Gunaratnam var frambjóðandi Verkamannaflokksins.

Gunaratnam fluttist til Noregs frá Srí Lanka þegar hún var þriggja ára og tók síðar meir þátt í ungliðastarfi Verkamannaflokksins.

Hún er ein þeirra sem lifðu af árás Anders Behring Breivik í Útey árið 2011. Í viðtali við bandaríska fjölmiðla sagði hún að hún hefði ávallt talið Útey öruggasta stað veraldar fram að árásinni og að hún hefði synt í land til að flýja Breivik. „Ég var búin að ákveða að það væri betra að drukkna heldur en að verða skotin.“ – srs






# Byggir grun á gögnum frá Landspítalanum

Útlendingastofnun byggir grun sinn um málamyndahjónaband víetnamskra hjóna á myndbandi úr brúðkaupi þeirra og fullyrðingu frá Landspítalanum. Spítalinn kannast ekkert við málið. Hjónin búa saman og eiga ársgamla dóttur.




Útlendingastofnun sendi lögreglu beiðni um að rannsaka hjónaband ungra hjóna eftir að þau höfðu eignast saman barn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STJÓRNSÝSLA** Útlendingastofnun fór þess á leit við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að hún hæfi rannsókn á hjónabandi fólks frá Víetnam tveimur mánuðum áður en stofnunin fékk fólkið í viðtal til sín. Starfsfólk Útlendingastofnunar telur að hjónabandið sé til málamynda.

Hjónin höfðu eignast barn þegar Útlendingastofnun sendi beiðni sína til lögreglunnar. Maðurinn er með varanlegt landvistarleyfi en leyfi konunnar er runnið út.

Grunur Útlendingastofnunar byggðist á myndbandi úr brúðkaupi hjónanna. Í bréfi til lögreglunnar segir: „Starfsmenn Útlendingastofnunar hafa horft á myndbandið og virðist X líða afar illa í eigin brúðkaupi.“

Þá segir jafnframt: „Upplýsingar hafa borist frá Landspítala um að X væri mjög ung og barnaleg og maðurinn hennar óframfærinn.“

Einnig kemur fram í bréfinu til lögreglu að Útlendingastofnun hafi ekki getað boðað hjónin í viðtal því ekki hafi tekist að finna túlk sem stofnunin sjái sér fært að nota.

„Útlendingastofnun hefur ekki sömu rannsóknarheimildir og lögreglan. Mér leikur forvitni á að vita hvernig stofnunin komst yfir upplýsingar um umbjóðanda minn frá Landspítalanum,“ segir Björg Valgeirsdóttir, lögmaður hjónanna.

Hún spyr: „Hver á Landspítalanum svaraði því svo að hún væri ung og barnaleg og maðurinn hennar óframfærinn? Ég tel að það sé með öllu óheimilt að ræða á þennan máta um sjúklinga, hvað þá við þriðja aðila á borð við Útlendingastofnun.“

Björg gefur lítið fyrir hugmyndir Útlendingastofnunar um að um málamyndahjónaband sé að ræða. Umbjóðendur hennar séu ástfangið par og nýbakaðir foreldrar. „Að halda því fram að hjónaband þeirra sé sviðsett er ekkert nema fyrirsláttur.“

Ekki náðist í Kristínu Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, við gerð fréttarinnar. Þegar Fréttablaðið hafði samband við Landspítalann vegna málsins kom starfsfólk af fjöllum. „Við könnumst ekki við þetta mál. Sú tilkynningaskylda sem við höfum á Landspítalanum samkvæmt lögum er til barnaverndaryfirvalda,“ segir Guðný Helga Herbertsdóttir, deildarstjóri samskiptadeildar Landspítalans.

snaeros@frettabladid.is

**Útlendingastofnun hefur ekki sömu rannsóknarheimildir og lögreglan.**



Björg Valgeirsdóttir héraðsdómslögmaður

### Hvað er málamyndahjónaband?

Málamyndahjónaband er hjónaband sem ekki er stofnað til af ást eða væntumþykju. Því er ætlað að hafa praktískan tilgang, svo sem til þess að fá dvalarleyfi eða ríkisborgararétt í einhverju landi eða önnur lagaleg áhrif.

TOYO TIRES
driven to perform

# Nú er Toyo í kortunum!




Veðurspá laugardagsins 24. október.

BETRA GRIP ÁN NAGLA!
TOYO TIRES
driven to perform



# Veldu öryggi!

Snögg umskipti er eitt helsta einkenni íslenskrar veðráttu, með tilheyrandi breytingum á færð og öryggi í umferðinni. Þökk sé veðurfræðingum okkar getum við brugðist við þessum aðstæðum í tíma með réttum dekkjum.

Nú eru umhleypingar, snjókoma og hálka í kortunum víða um land og því bendum við á að það er akkúrat veður fyrir Toyo harðskeljadekk.

Veldu öryggi með Toyo harðskeljadekkjum.



Söluaðilar um land allt

Bílabúð Benna
590 2045 | BENNI.IS

Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

NESDEKK

# Framboð heilbrigðisstarfsmanna ekki í takt við spár

**HEILBRIGÐISMÁL** Framboð á starfsfólki innan helstu heilbrigðisstétta var meira en spár gerðu ráð fyrir í tilfelli hjúkrunarfræðinga og minna í tilfelli lækna.

Þetta kemur fram í skriflegu svari Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra til Steingríms J. Sigfússonar, þingmanns vinstri grænna. Hjúkrunarfræðingum hefur fjölgað of hratt en læknum of hægt.

Í svarinu kemur fram að framreiknuð spá um mannaflaþörf fjögurra helstu heilbrigðisstétta landsins til ársins 2030 séu byggðar á skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2006 og spá velferðarráðuneytisins um mannaflaþörf frá árunum 2011 til 2012.

Stéttirnar sem spárnar ná til eru stéttir lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og sjúkraþjálfara. Þær gerðu ráð fyrir stöðugri fjölgun innan stéttanna til áranna 2015 og 2017 þar sem fækkun er spáð vegna hækkandi starfsaldurs starfsfólks innan geirans.

Raunfjölgun heilbrigðisstarfsmanna hefur þó ekki haldið í við spárnar, til að mynda var fjöldi hjúkrunarfræðinga árið 2014 meiri en spáð var eða um 250 hjúkrunarfræðingum meira en gert var ráð fyrir. Þá hefur læknum fjölgað hægar en spáð var, til dæmis hefur útgefnum starfsleyfum lækna fækkað úr 94 árið 2009 í 45 árið 2014.

Þá er gert ráð fyrir að hækkandi aldur innan heilbrigðisstétta muni geta komið til með að hafa áhrif á mönnun en í stéttum lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða er meðalaldur starfsfólks á bilinu 47 til 50 ára nema hjá sjúkraþjálfurum, þar er meðalaldurinn 42 ár. – srs


Hjúkrunarfræðingum hefur fjölgað meira en spár gerðu ráð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Kannabisefnin voru geymd í tveimur málningarfötum í bíl ákærða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Kannabis ræktað í Hnífsdal

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Vestfjörðum kom upp um kannabisræktun í heimahúsi í Hnífsdal í október á síðasta ári. Tveir karlar, 31 árs og 22 ára, og þrítug kona hafa verið ákærð vegna málsins. Fólkið tengist fjölskylduböndum.

Það var þann 13. október á síðasta ári sem bíll eldri mannsins valt ofan í Sunddalsá í Norðdal í Strandabyggð. Þegar lögreglu bar að garði fann hún tvær málningarfötur sem höfðu verið í bifreiðinni. Þær höfðu að geyma samtals 439 grömm af kannabisefnum.

Í kjölfarið var gerð húsleit heima hjá manninum í Hnífsdal, Ísafjarðarbæ. Þar fundust þrjár kannabisplöntur sem ræktaðar voru í sölu- og hagnaðarskyni, að mati ákæruvaldsins.

Maðurinn er einnig ákærður fyrir að hafa fimm sinnum ekið undir áhrifum kannabisefna. Maðurinn neitaði að veita þvagsýni í öll skiptin. – snæ

## Skoða stofnun hamfarasjóðs

**STJÓRNSÝSLA** Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur verið falið, að tillögu forsætisráðherra, að setja saman og fara fyrir starfshópi um stofnun hamfarasjóðs.

Kostir slíks sjóðs verði kannaðir og möguleikar á samþættingu eða sameiningu Bjargráðasjóðs og Ofanflóðasjóðs í nýja sjóðinn skoðaðir.

Vonast er til að umgjörð tryggingа- og bótamála vegna náttúruhamfara verði með þessu treyst. Þá er hópnum falið að leggja fram tekjumöguleika slíks sjóðs. – srs

# Heilsugæslan sögð sýna stéttinni fádæma virðingarleysi

**Ágreiningur er á milli SFR og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um hvað felist í undanþágulista móttökuritara. Framkvæmdastjóri SFR segir yfirstjórn heilsugæslunnar sýna stéttinni hroka og deyfa kjarabaráttu hennar með því að halda starfi heilsugæslustöðva í fullum gangi í verkfalli.**

**KJARAMÁL** Þegar hjúkrunarfræðingar og læknar fóru í verkfall á heilsugæslustöðvum landsins lá þjónusta heilsugæslustöðvanna niðri að langmestu leyti. Skjólstæðingum var vísað frá en bráðatilfellum sinnt. Nú eru móttökuritarar og aðrir félagsmenn SFR í verkfalli en starfsemi heilsugæslunnar er í fullum gangi.

„Þegar aðrar stéttir fóru í verkfall var heilsugæslustöðvunum lokað og yfirstjórn Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu gerði engar athugasemdir. En nú stígur yfirstjórnin fram og heldur heilsugæslukerfinu gangandi með því að beita skertri vinnuskyldu," segir Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri SFR.

Ekki er svarað í síma á heilsugæslustöðvunum eða tekin sýni en þar sem skjólstæðingar bóka tíma með marga vikna fyrirvara þá standast þeir tímar og fólk fær nær fulla þjónustu. „Það er verið að deyfa kjarabaráttu starfsmannanna á lægstu laununum með því að sinna öllum og hafa opið fyrir alla þjónustu."

Þórarinn segir starfsemi heilsugæslustöðvanna löglega en að ólík viðbrögð yfirstjórnar heilsugæslunnar við verkfalli stéttanna lýsi hroka hennar í garð þessara starfsmanna.

„Yfirstjórnin sýnir þessari stétt algjört virðingarleysi. Ritararnir eru fremstir á færibandinu, taka á móti fólki og vísa áfram. Eðli málsins samkvæmt ætti fólk því ekki að komast til lækna þar sem ritarar eru í verkfalli. En þetta er bara látið ganga upp núna."

Að meðaltali starfa fjórir til fimm móttökuritarar á heilsugæslustöðvunum. Stöðvarnar eru með undanþágu fyrir einn starfsmann. Skilningur SFR er að viðkomandi starfsmaður sinni eingöngu bráðatilfellum og að komist ekki til læknis en Þórarinn segir yfirstjórn Heilsugæslunnar segja þvert nei við þeim skilningi.

„Það er fullkominn ágreiningur um það á milli okkar. Það sem þau eru búin að kalla yfir sig frá okkar hendi er að við munum taka þetta rækilega til skoðunar við gerð næsta undanþágulista. Við förum í það mál strax eftir þessa verkfallslotu."

Þórarinn segir einstaka menn innan heilsugæslunnar með hjartað á réttum stað og bendir á Gunnar Inga Gunnarsson, yfirlækni á heilsugæslustöðinni í Árbæ, sem hefur fengið hótun um uppsögn vegna stuðnings við verkfall móttökuritara. „Þetta eru menn sem segja þvert nei við þessari framkomu og vilja sýna þessum hópi sömu virðingu og þeir fengu í sínu verkfalli. En svo á að hengja fólk fyrir slíkt." erlabjorg@frettabladid.is



Verkfallsverðir SFR hafa verið víða á ferðinni hjá stofnunum ríkisins að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Auglýstu bólusetningu gegn inflúensu

Í Fréttatímanum á föstudaginn auglýsti Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu að skipulögð bólusetning gegn inflúensu væri hafin og að fólk gæti leitað upplýsinga á næstu heilsugæslustöð. Þetta var í miðri verkfallslotu móttökuritara sem sjá um að veita slíkar upplýsingar og bóka tíma í bólusetningu. Samkvæmt heimildum blaðamanns lentu móttökuritarar í erfiðum aðstæðum vegna þessa, reiðum skjólstæðingum sem kvörtuðu sáran og heimtuðu þjónustu.

> Það er verið að deyfa kjarabaráttu starfsmannanna á lægstu laununum með því að sinna öllum og hafa opið fyrir alla þjónustu.
>
> Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri SFR








Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn af Reddot award í sínum flokki árið 2015. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

Hyundai i20 - Verð frá 2.450.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

reddot award 2015 winner car design

EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,8 l/100 km* FRÍTT Í BÍLASTÆÐI / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 5,6 l/100 km*. **Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.**
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

# Búist við að bankinn verði seldur aftur

**Kröfuhafar í Glitni bjóða ríkinu Íslandsbanka sem hluta af stöðugleikaframlagi. Sameining við Landsbankann væri ekki í samræmi við samkeppnislög. Íslenskt verðbréfafyrirtæki ásælist Arion banka.**

**VIÐSKIPTI** Hópur kröfuhafa Glitnis hefur boðist til að afsala sér öllu hlutafé í Íslandsbanka til íslenskra stjórnvalda, en eigið fé bankans nemur 185 milljörðum króna. Tilkynning um þetta barst fjölmiðlum á fimmta tímanum í fyrrinótt.

Þessi ákvörðun felur í sér breytingar á fyrri tillögunni um stöðugleikaframlag Glitnis til ríkisins í tengslum við áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta. Sú tillaga barst ríkinu 8. júní. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, telur að þessi breyting sé tilkomin vegna þess að menn hafi ofmetið möguleikana á því að selja bankann og taka söluandvirðið úr landi.

Eftir breytingarnar er ljóst að ríkið mun fara að fullu með eignarhlut í Íslandsbanka og 97,9 prósenta hlut í Landsbankanum. Litlar líkur eru þó á því að bankarnir verði sameinaðir. „Í flestöllum öðrum löndum þætti það eðlilegt næsta skref, en það eru ýmis önnur sjónarmið í þessu litla hagkerfi okkar, sem líka þarf að horfa til. Það er ljóst að við þurfum að gæta að samkeppnissjónarmiðum á fjármálamarkaði,“ sagði Bjarni þegar mbl.is spurði hann um málið í gær.

Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir að ákvæði samkeppnislaga kunni að standa samrunanum í mót. „Samkvæmt núgildandi samkeppnislögum myndi þessi samruni sæta mjög ítarlegri skoðun og fyrirfram er mjög ósennilegt að hann yrði samþykktur, að minnsta kosti ekki án ítarlegra skilyrða. Nema að ákvæði sérlaga takmarki áhrif samkeppnislaga varðandi samrunann.“

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, segir að búist sé við því að ríkið muni selja bankann aftur. „Bankinn hefur verið í söluferli og verður það áfram. Við höfum fundið fyrir áhuga frá erlendum aðilum og lítum á eignarhald ríkisins sem tímabundið,“ segir í svari Birnu til Fréttablaðsins.

**Samkvæmt núgildandi samkeppnislögum myndi þessi samruni sæta mjög ítarlegri skoðun og fyrirfram er mjög ósennilegt að hann yrði samþykktur, að minnsta kosti ekki án ítarlegra skilyrða.**



Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur við lagadeild HR

**Bankinn hefur verið í söluferli og verður það áfram. Við höfum fundið fyrir áhuga frá erlendum aðilum og lítum á eignarhald ríkisins sem tímabundið.**



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

Bjarni Benediktsson segir ekki breytingar í farvatninu á stöðugleikaframlagi Kaupþings banka. Verið sé að útfæra framlagið, hvernig búið ætli að standa við yfirlýsingar sínar frá í júní. Ekki standi til að ríkið eignist Arion banka en slitabú Kaupþings heldur á 87 prósenta hlut í bankanum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verðbréfafyrirtækið Arctica Finance rætt við fjárfesta um kaup á Arion banka. Á meðal þeirra sem rætt hefur verið við eru lífeyrissjóðir og aðilar tengdir Guðbjörgu Matthíasdóttur, eiganda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum. Bókfært virði 87 prósenta hlutar Kaupþings í Arion er um 145 milljarðar króna. Þess utan er hlutur íslenska ríkisins í bankanum. **jonhakon@frettabladid.is**

## Heræfingar í fullum gangi



Portúgalskir og bandarískir landgönguliðar taka þátt í Trident Juncture 2015 heræfingu NATO á Pinheiro da Cruz æfingasvæðinu í Portúgal í gær. Þriggja vikna heræfingar NATO hófust í byrjun vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Frambjóðendum demókrata fækkar vestanhafs

**BANDARÍKIN** Jim Webb, sem sóst hefur eftir útnefningu demókrata til forsetaframboðs í Bandaríkjunum, dró sig í gær úr kosningabaráttunni. Ástæðuna sagði hann ósætti við flokkinn, sem hann segir hafa gefist upp á Suðurríkjum Bandaríkjanna.

Webb hefur ekki hrifið kjósendur og hefur fylgi hans mælst í kring um eitt prósent, örlítlu meira en fylgi Lincolns Chafee og Martins O'Malley. Þremenningarnir tóku þátt í sjónvarpskappræðum demókrata ásamt Hillary Clinton og Bernie Sanders, sem njóta margfalt meira fylgis. Kosningabarátta Webbs hefur verið lítilfjörleg. Hann hefur ekki haldið neina stóra viðburði, tilkynnti um framboð sitt í bloggfærslu og hefur samtals eytt 24 dögum í kosningabaráttu utan rafheima. **– þea**



SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu 1.330 km án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC**.



**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

Kynning (á ensku) sem Christof Leuze heldur

*Bók handa heiminum*
Gralsboðskapurinn
„Í ljósi sannleikans“



Laugardaginn
24.10.2015
kl. 09:30
Aðgangur ókeypis

Menningarhúsinu Gerðubergi
Gerðubergi 3–5, 111 Reykjavík
Skipuleggjandi: GRAL-NORDEN
www.is.gral-norden.net
vasey-leuze@gral-norden.net
Sími: 842 2552

**Gervigreindarhátíðin** 2015

**Terminator við þröskuldinn:**
Er gervigreind hættuleg?

Gervigreindarhátíðin 2015 verður haldin í HR (V101), föstudaginn 23. október.

15.00 **Kynning** Dr. Hannes H. Vilhjálmsson
- Stjórnandi Gervigreindarseturs HR

15.10 **Killer Robots Coming Soon: What Can We Do?**
Dr. Noel Sharkey
- Emeritus Professor of AI and Robotics, U. Sheffield

15.55 **Why an AI Lab Needs an Ethics Policy**
Dr. Kristinn R. Þórisson
- Stjórnandi Vitvélastofnunar Íslands

16.15 **Kaffi**

16.30 **Pallborðsumræða: Ethics of AI, Robotics & Neurological Enhancement**
Noel Sharkey, Kristinn R. Þórisson, Salvör Nordal
Fundarstjóri: Þorbjörn Kristjánsson heimspekingur

17.05 **Gervigreindarsýning og hressing**

*Fyrirlestrar og umræða fara fram á ensku*

ÖSSUR CADIA

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Justin Trudeau, næsti forsætisráðherra Kanada, segir greinilegt að kjósendur vilji breytingar. NORDICPHOTOS/AFP

# Óvæntur sigur Trudeaus í Kanada

**Lofar hærri sköttum á hátekjufólk en skattalækkunum á millitekjufólk. Hyggst lögleiða maríjúana en ætlar ekki að banna konum að klæðast niqab-slæðum.**

**» Richard Nixon, þáverandi forseti Bandaríkjanna, gantaðist með það 1970, að Justin Trudeau, þá kornabarn, ætti eftir að verða forsætisráðherra í Kanada.**

**KANADA** Frjálslyndi flokkurinn í Kanada vann óvæntan sigur í þingkosningunum á mánudag. Stephen Harper, leiðtogi Íhaldsflokksins, var fram á síðustu stundu talinn eiga sigurinn vísan.

Sigurvegarinn Justin Trudeau, leiðtogi Frjálslynda flokksins, sagði kjósendur hafa sent skýr skilaboð, nú eigi að gera breytingar í landinu.

Harper og Íhaldsflokkurinn hafa verið við völd samfleytt í níu ár, en þegar úrslitin voru ljós sagðist Harper jafnframt ætla að segja af sér sem leiðtogi íhaldsmanna.

Kosningaloforð Trudeaus snerust ekki síst um að jafna kjör í landinu, hækka skatta á hátekjufólk en lækka þá á millitekjufólk. Þá ætlar hann að auka ríkisútgjöld til að styrkja innviði og koma efnahagslífinu á skrið, jafnvel þótt það kosti tímabundinn fjárlagahalla.

Þá lofaði hann því að lögleiða maríjúana í Kanada en ætlar ekki að banna konum að klæðast niqab, andlitsslæðum múslima, sem Harper hafði sagst staðráðinn í að banna.

„Í kvöld er Kanada að verða aftur eins og það var hér áður fyrr,“ sagði hann í ávarpi sínu eftir að kosningaúrslitin voru orðin ljós. „Við unnum sigur á neikvæðri sundurlyndispólitík með jákvæðri sýn sem þjappar Kanadamönnum saman.“

Frjálslyndi flokkurinn fékk 39,5 prósent atkvæða og 184 af 338 þingsætum. Trudeau og félagar hans eru þar með komnir með traustan þingmeirihluta.

Íhaldsflokkurinn hlaut 32 prósent og 102 þingsæti, en þriðji flokkurinn í slagnum, Nýi demókrataflokkurinn, fékk aðeins 19,2 prósent atkvæða og 41 þingmann. Allt fram á síðustu stundu var Nýja demókrataflokknum spáð góðu fylgi, en drjúgur hluti þess virðist hafa ákveðið seint að halla sér heldur að Frjálslynda flokknum.

Trudeau er 43 ára gamall, sonur Pierre Trudeau sem var forsætisráðherra Kanada nánast óslitið frá 1968 til 1984, að undanskildu tæpu ári þegar andstæðingur hans, Joe Clark, sat í embættinu 1979-1980.

Fjölmiðlar vestra hafa rifjað upp að árið 1970, þegar Pierre Trudeau hitti Richard Nixon, þáverandi Bandaríkjaforseta, hafi Nixon spaugað með að sonur kanadíska forsætisráðherrans, hinn nokkurra mánaða gamli Justin, myndi seinna meir einnig verða forsætisráðherra í Kanada. **gudsteinn@frettabladid.is**

## Úrslit kosninganna

**39,5%**
**184 ÞINGSÆTI**
***Frjálslyndi flokkurinn***
Leiðtogi **Justin Trudeau**

**32%**
**102 ÞINGSÆTI**
***Íhaldsflokkurinn***
Leiðtogi **Stephen Harper**

**19,5%**
**41 ÞINGSÆTI**
***Nýi demókrataflokkurinn***
Leiðtogi **Thomas Mulcair**

**4,8%**
**10 ÞINGSÆTI**
***Quebec-bandalagið***
Leiðtogi **Gille Duceppe**

**3,4%**
**1 ÞINGSÆTI**
***Græningjar***
Leiðtogi **Elizabeth May**

**Sá allra hljóðlátasti frá Bosch**



BOSCH

**BOSCH - Blandari**
MMB 65G0M

Einstaklega hljóðlátur. 800 W. „Thermo-safe“ hágæða-gler sem þolir heita og kalda drykki. Tilvalinn til að mylja klaka fyrir kalda drykki. Stiglaus stilling. Öll plastefni, sem komast í snertingu við matvæli, eru laus við BPA.

**Verð:**
**24.900 kr.**

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is





ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

EINSTAKT OPNUNARTILBOÐ



ÞRIGGJA RÉTTA KVÖLDVERÐUR & TVÖ LÉTTVÍNSGLÖS.
**6.900** KR.

HÁDEGISFJARKINN - **1.990** KR.
ALLA VIRKA DAGA

HAPPY HOUR DAGLEGA 17-19

HELGARBRUNCH FRÁ **1.990** KR.

BORG RESTAURANT
PÓSHÚSSTRÆTI 11 - 101 REYKJAVÍK
s: 578-2020
BORGRESTAURANT.IS





**Útlendingastofnun synjaði 25 hælisumsóknum fyrir síðustu helgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Einn fékk hæli en 25 synjun

**STJÓRNSÝSLA** Einum Líbýumanni var veitt hæli sem flóttamanni síðastliðinn föstudag þegar Útlendingastofnun birti ákvarðanir í 26 málum. Tuttugu og fimm var synjað um hæli. Þetta staðfestir Skúli Á. Sigurðsson, lögfræðingur hjá Útlendingastofnun.

Af þeim sem synjað var um hæli voru sautján Albanar og fjórir Makedóníumenn

Fjórum Sýrlendingum var ekki veitt vernd þar sem þau voru nú þegar með vernd erlendis. Ákvarðanirnar voru nærri tvöfalt fleiri en venjulega.

„Ástæðan fyrir því að þetta voru svona margir, venjulega höfum við verið að birta tíu til fimmtán ákvarðanir á viku, er sú að lögreglan þarf að birta ákvarðanir fyrir okkur og fyrir rúmri viku voru þeir að flytja brotamenn úr landi til síns heima,“ segir Skúli Á. Sigurðsson. **– sg**


BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

**Stuðningsfulltrúi óskast**

Óskað er eftir stuðningsfulltrúa til afleysinga við Borgarholtsskóla. Um 70% starf er að ræða. Umsóknir beristtil skólameistara, **bryndis@bhs.is, fyrir 27. október.**

***Skólameistari***

IÐNÓ



ANNAR TENÓR
*eftir*
GUÐMUND ÓLAFSSON

Sýnt í IÐNÓ
Föstudaginn - 23.okt - kl.20:00
Sunnudaginn - 25.okt - kl.16:00
Fimmtudaginn - 29.okt - kl.20:00

Miðapantanir á **Midi.is** og í síma: **562 9700**




**Telati-fjölskyldunni frá Albaníu var synjað um hæli hér á landi á föstudaginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nær útilokað að Telati-fjölskyldan fái hér hæli

**Erfitt getur verið fyrir fólk frá Albaníu að fá dvalarleyfi vegna atvinnu hér á landi. Lögfræðingur með sérhæfingu í málefnum útlendinga telur dvalarleyfi af mannúðarástæðum bestu lausnina fyrir Telati-fjölskylduna.**

**STJÓRNSÝSLA** Ólíklegt er að Telati-fjölskyldan frá Albaníu komi til með að fá dvalarleyfi hér. Þar sem Albanía stendur fyrir utan EES þá njóta íbúar landsins ekki sömu ívilnana og ríkisborgarar EES, þeir geta aftur á móti sótt um dvalarleyfi hér á landi.

Margs konar dvalarleyfi eru til, má þar nefna dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar, náms, atvinnu og á grundvelli mannúðar. Svo virðist sem fjölskyldan nái hins vegar ekki að uppfylla skilyrði þeirra.

Fjölskyldan hefur gefið það út að hún vilji vinna hörðum höndum og eignast gott líf á Íslandi. „Við viljum gjarnan vinna hörðum höndum og sjá um okkur sjálf. Við þurfum ekki endilega hæli eða styrk frá ríkinu, bara tækifæri til að búa okkur sjálf til líf í landinu,“ sagði Aleka Telati í viðtali við Fréttablaðið í síðustu viku.

Á dögunum buðust báðum foreldrunum störf hjá Gló. Ólíklegt er hins vegar að atvinnutilboðið dugi til að fá dvalarleyfi. Hægt er að fá dvalarleyfi á grundvelli atvinnu ef einstaklingur er sérfræðingur, atvinnumaður í íþróttum eða ef ríkir skortur á vinnuafli. Hjónin eru ekki með sérfræðiþekkingu til að fá dvalarleyfi á grundvelli hennar.

Hins vegar gætu þau mögulega fengið leyfi vegna skorts á vinnuafli sem ríkir í þjónustugeiranum. Fyrir hrun voru þess háttar dvalarleyfi algeng. „Ef það er skortur á vinnuafli getur fólk sótt um slík leyfi, og það fer í gegnum Vinnumálastofnun að hluta. Það þarf samt að auglýsa það innan EES fyrst,“ segir Skúli Á. Sigurðsson, lögfræðingur og verkefnastjóri hælissviðs hjá Útlendingastofnun. Jafnvel ef foreldrarnir gætu fengið leyfi vegna skorts á vinnuafli er það dvalarleyfi tímabundið, auk þess gætu börnin ekki fengið að vera með þeim. „Ef þú ert sérfræðingur þá getur fjölskyldan þín fengið að vera hérna sem aðstandandi sérfræðings, en það á ekki við þegar um ræðir skort á vinnuafli,“ segir Skúli.

> Mér fyndist einfaldast að veita þeim dvalarleyfi á grundvelli mannúðar vegna erfiðra aðstæðna heima fyrir og erfiðra aðstæðna barnanna.
>
> Helga Vala Helgadóttir lögfræðingur



Skúli segir mikilvægt að halda því til haga að hæliskerfið sé neyðarkerfi, það sé einungis ætlað þeim sem er ógnað í heimaríki sínu. „Það er ekki ætlað sem einhvers konar tæki til búferlaflutninga. Það er mjög mikilvægt að greina á milli þeirra sem eru í sárri neyð, annars vegar af því að líf þeirra og frelsi er í hættu, og hins vegar þeirra sem eru að leita sér að vinnu. Þú getur hvergi í heiminum gengið inn í land og fengið að vera þar eins og ekkert sé nema einhverjir gagnkvæmir samningar liggi fyrir um það. Albanía er ekkert undanskilin þessum reglum frekar en önnur ríki. Þegar fólk kemur í rauninni undir því yfirskini að sækja um vernd gegn ógnun sem virðist ekki vera fyrir hendi, þá skapast þar með enginn réttur til einhvers annars leyfis til að vera hérna, þó að það sé þungbært að snúa aftur til síns heima,“ segir Skúli.

„Undanfarin ár hefur reynst mjög erfitt að fá dvalarleyfi á grundvelli atvinnu,“ segir Helga Vala Helgadóttir, lögmaður með sérhæfingu í málefnum útlendinga. Hún telur að dvalarleyfi af mannúðarástæðum sé besta lausnin. „Mér fyndist einfaldast að veita þeim dvalarleyfi á grundvelli mannúðar vegna erfiðra aðstæðna heima fyrir og erfiðra aðstæðna barnanna,“ segir hún.

Dvalarleyfi af mannúðarástæðum eru veitt vegna heilbrigðisaðstæðna, íþyngjandi félagslegra aðstæðna í heimalandi og vegna annarra íþyngjandi ástæðna. Aðstæðurnar þurfa hins vegar að vera mjög brýnar, til dæmis mjög knýjandi heilbrigðisástæða þegar ekki er fyrir hendi heilbrigðisþjónusta í heimalandinu. Að sögn Skúla eru mjög sjaldan veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum hér á landi.

**saeunn@frettabladid.is**

# FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

# ÞVOTTADAGAR

22% afsláttur

**AEG** hafa verið vinsælustu þvottavélar á Íslandi í áratugi og eru enn, og tæknilega fullkomnari.

**22%** afsláttur af öllum **AEG** þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum.

# LOKADAGAR




22% afsláttur

3JA ÁRA ÁBYRGÐ

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

Lavamat 61460TL

Tekur 6 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 93.520,-**

Verð áður kr. 119.900,-



22% afsláttur

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

3JA ÁRA ÁBYRGÐ

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

Lavamat 62271F

Tekur 7 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 85.720,-**

Verð áður kr. 109.900,-



22% afsláttur

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

3JA ÁRA ÁBYRGÐ

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

Lavamat 62471F

Tekur 7 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 93.520,-**

Verð áður kr. 119.900,-



22% afsláttur

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

3JA ÁRA ÁBYRGÐ

10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

Lavamat 76485FL

Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 116.920,-**

…r kr. 149.900



22% afsláttur

**AEG**

**ÞURRKARI - BARKALAUS**

T61270AC

Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

**Nú kr. 95.520.-**

Verð áður kr. 119.900,-



22% afsláttur

**AEG**

**ÞURRKARI - BARKALAUS**

T76280AC

Tekur 8 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

**Nú kr. 101.320.-**

Verð áður kr. 129.900,-



22% afsláttur

**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**

FSILENCM2P

Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 39db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 101.320,-**

Verð áður kr. 129.900,-

STÁL **Nú kr. 109.120,-**

Verð áður kr. 139.900



22% afsláttur

**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**

F66692MOP

Topplaus, undir borðplötu Hljóðlát 43db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 116.920,-**

Verð áður kr. 149.900,-

STÁL **Nú kr. 124.720,-**

Verð áður kr. 159.900

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Lokað næsta laugardag.

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |


KVIKA
kvika.is


*Leiðandi þekkingarafl birtir þér ótal ný tækifæri.*
*Við erum banki umbreytinga.*

# Aftur á upphafsreit



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Fari svo að ríkið eignist Íslandsbanka að fullu, líkt og tillaga kröfuhafa bankans gerir ráð fyrir, minnir staðan um margt á ástandið áður en lagt var upp í söluferli bankanna sumarið 2001. Þá hétu bankar ríkisins Landsbanki og Búnaðarbanki (í stað Íslandsbanka nú).

Tryggja þarf að höndumglegar takist til en í síðustu atrennu að einkavæðingu ríkisbanka hér á landi. Meðal þess sem skoða þarf á þeirri vegferð er af hverju kröfuhöfum Íslandsbanka hugnast ekki að eiga í honum 95 prósenta hlut. Gæti verið að þar séu á ferðinni sömu ástæður og hamla hér erlendri fjárfestingu og áttu sinn hlut í því að í fyrri atrennu að einkavæðingu tókst ekki að finna erlendan kjölfestufjárfesti til að kaupa hlut í gömlu ríkisbönkunum?

Í marslok 2009 kynnti finnski bankasérfræðingurinn Kaarlo Jännäri skýrslu sína um íslenskt fjármálaeftirlit. Í skýrslunni fjallaði hann um bakgrunn og aðdraganda hruns fjármálakerfisins hér, þar á meðal upphafið að fallinu, einkavæðingu bankanna. Jännäri sagði bagalegt að í því ferli hafi verið horfið frá fyrirætlunum um dreifða eignaraðild og pólitík látin ráða för.

Um leið sagði Jännäri í skýrslu sinni að smæð landsins, sveiflukennt og lokað hagkerfi með krónu sem gjaldmiðil, hafi fælt erlenda banka frá. Í þessum efnum hefur ekkert breyst. Raunar hefur aðdráttarafl landsins fyrir erlenda fjárfesta minnkað enn vegna gjaldeyrishaftanna.

Hafi sala bankanna á sínum tíma eitthvað kennt okkur þá er það að flas er ekki til fagnaðar þegar kemur að einkavæðingu fjármálafyrirtækja og að helmingaskiptareglur gamalla valdaflokka eru ólíklegar til að verða til farsældar fái þær að ráða för.

Þess vegna er áhyggjuefni að innlendir fjárfestar undirbúi tilboð í hlut ríkisins í bönkunum nú. Sömu rök gilda nefnilega og áður um að ákjósanlegt sé að fá erlent eignarhald að íslensku bönkunum og þá um leið gjaldeyri til að greiða niður erlend lán ríkisins.

Bankarnir eru hins vegar eftir sem áður ágætiseign og skila eigendum sínum ríkulegum arði. Fari svo að ríkið eignist bankana tvo þá liggur ekkert á að losa um þá eign. Nær væri að búa svo um hnúta í íslensku efnahagsumhverfi að sala þeirra skili sem mestu, svo sem með fullri aðlögun íslensks fjármálakerfis að því evrópska, bæði hvað varðar regluverk og gjaldmiðil.

Í tilkynningu fjármála- og efnahagsráðuneytisins, aðfaranótt þriðjudags, um breytta tillögu hóps kröfuhafa Glitnis vegna stöðugleikaframlags þrotabúsins til ríkisins, kemur fram að framkvæmdahópurinn um losun fjármagnshafta telji að tillögurnar falli að settum stöðugleikaskilyrðum. Því gæti verið ágætt að leysa mál kröfuhafa Íslandsbanka með þessum hætti. Ríkið er ekki verr sett með banka í fórum sínum, svona að því gefnu að reksturinn og í framhaldinu söluferli verði unnið á faglegum forsendum. Þar hræða sporin.

> Hafi sala bankanna á sínum tíma eitthvað kennt okkur þá er það að flas er ekki til fagnaðar þegar kemur að einkavæðingu fjármálafyrirtækja.

## Halldór







## Frá degi til dags

**Banki í fangið**

**Tilkynning berst úr fjármálaráðuneytinu á aðfaranótt þriðjudags um að Íslandsbanki sé líklega orðinn eign ríkisins. Óneitanlega er kómískt að fjármálaráðherra, sem rembst hefur við að selja banka, skuli fá einn í fangið. Íslensk stjórnmál eru einnig alveg laus við skýrar línur. Á vakt fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins fjölgar bönkum í eigu ríkisins um banka sem var einkavæddur af Steingrími J. Sigfússyni. Ekki er nema von að þjóðin klóri sér í hausnum yfir gömlu flokkunum og fylki sér um Pírata í stórum stíl.**

**Bankaklúður**

**Samdægurs lætur fjármálaráðherra hafa það eftir sér að leynimakk Arion banka á sölu símans til vildarvina bankans hafi verið algjört klúður. Ólíðandi sé að fáir útvaldir búi við sérkjör og engin þolinmæði sé fyrir slíku í íslensku þjóðfélagi. Fagnaðarefni er að ráðherra taki þarna skýra afstöðu með almannahag gegn sérhagsmunum fárra sem leika sér með hlutabréf. Almannahagsmunir eru ríkir í málinu og þarna kristallast munurinn á stjórnmálamönnum; hverjir gagnrýna gerning Arion og hverjir ekki. Forsætisráðherra hefur til að mynda ekki viljað tjá skoðun sína á málinu við Fréttablaðið þótt ítrekað hafi verið leitað eftir því. sveinn@frettabladid.is**

# Hennar líf vér kjósum



Kristján Jóhannesson
nemandi í klassískum söng við Konservatoríið í Vínarborg

Nú þegar allt lítur út fyrir að gamli skólinn minn ætli að deyja drottni sínum langt fyrir aldur fram vegna valdatafls hinna háu herra í borgarstjórn annars vegar og þeirra í ráðuneyti mennta- og menningarmála hins vegar, get ég ekki lengur orða bundist.

Hvorki ég né foreldrar mínir sjáum eftir þeim fjármunum sem við lögðum í fimm ára langt söngnám mitt við Söngskóla Sigurðar Demetz. Það sama er ekki hægt að segja um ráðamenn. Núverandi stjórnvöld virðast í ofanálag ekki heldur hafa mikinn áhuga á að fjármagna framhaldsnám söngvara eða annarra sem stunda háskólanám, ef út í það er farið.

Síðan ég hóf nám hér ytra fyrir rúmu einu og hálfu ári hafa framfærslulánin sem ég þigg frá Lánasjóði íslenskra námsmanna lækkað um sem nemur rúmri hálfri milljón króna á ári.

**Tæplega starfi sínu vaxnir**

Ef borgarstjóri og ráðherra mennta- og menningarmála eru ekki tilbúnir til þess að veita fjármuni til eflingar mannauðs eru þeir tæplega starfi sínu vaxnir. Ef við sem þjóð sjáum okkur ekki fært að fjárfesta í menningu komum við til með að hafa lítið annað að státa af en þetta snotra sker sem við byggjum. Hvað verður þá um Gunnar og Njál, Snorra og Egil, Jónas og Kiljan, Kaldalóns og Leifs, Kjarval og Erró, Björk og Sigurrós? Verður mín kynslóð sú síðasta til þess að halda út í tónlistarnám og efla þannig veg okkar og menningu í samfélagi þjóðanna?

**Skal glaður lifa á grjónagraut**

Hér með biðla ég til þeirra sem valdið hafa að gera eins og skáldið býður og kjósa líf þessarar þjóðar, sögur hennar og ljóð, áður en framtaksleysi þeirra drepur mikilvægan póst í menningarlífi okkar. Ég skal glaður lifa á grjónagraut í staðinn.

> Ef borgarstjóri og ráðherra mennta- og menningarmála eru ekki tilbúnir til þess að veita fjármuni til eflingar mannauðs eru þeir tæplega starfi sínu vaxnir.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Fornleifar þurfa ekki að koma á óvart




**Oddgeir Isaksen**
verkefnastjóri fornleifaskráningar á Minjastofnun Íslands

**Orri Vésteinsson**
prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands

Í sumar hafa fundist í miðbæ Reykjavíkur fornleifar frá sitthvorum enda Íslandssögunnar – skáli frá víkingaöld við Lækjargötu og hafnargarðar frá fyrri hluta 20. aldar neðan við Arnarhól. Í báðum tilfellum var ráðist í fornleifauppgröft vegna þess að fyrirhugað er að byggja á lóðunum og í báðum tilfellum hefur sprottið upp umræða um nauðsyn þess að varðveita minjarnar. Í báðum tilfellum hefur verið ánægjulegt að fylgjast með framkvæmdaaðilum lýsa yfir vilja til að nýta minjarnar með einhverjum hætti í fyrirhugaðri uppbyggingu. Hins vegar er ljóst að svigrúmið til að taka góðar ákvarðanir um slík mál er þröngt þegar fornleifarnar koma í ljós í miðju hönnunar- og framkvæmdaferli.

Þetta þarf ekki að vera svona. Að það skuli leynast hafnargarðar undir bílastæðunum við Tryggvagötu eru engin tíðindi. Hafnargarðar voru hlaðnir framan við Hafnarstræti á ýmsum tímum milli 1880 og 1940 og hlutar af þeim hafa áður komið fram við uppgröft. Til eru ljósmyndir og mælingauppdrættir frá fyrri hluta 20. aldar sem sýna nákvæmlega hvar garðarnir liggja og nóg er vitað um dýpt kjallara þeirra húsa sem byggð hafa verið á yngri fyllingum til að hægt sé að segja með góðri vissu hvar garðarnir hafa varðveist og hvar þeim hefur verið raskað.

Ólíkt hafnargörðunum hefði ekki verið hægt að vita fyrirfram að víkingaaldarskáli leyndist á lóðunum á mótum Lækjargötu og Skólabrúar en skálastæðið er hins vegar innan gamla túns Reykjavíkurbæjarins og í gömlum túnum má alltaf vænta fornleifa. Líkur á að rekast á fornleifar innan gamalla túna eru hundraðfalt meiri en utan þeirra. Ábyrg áætlanagerð um byggingaframkvæmdir í gömlu túni hlýtur því að ganga út frá þeim möguleika að fornleifar geti komið í ljós.

## Misbrestur

Á síðustu áratugum hefur verið unnið gríðarlegt starf við að kortleggja fornleifar á Íslandi, bæði þær sem sjást á yfirborði og eins hinar sem ekki sjást en heimildir eru til um. Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur skrá um fornleifar í Reykjavík og býr að auki yfir mikilli þekkingu til að meta hvar áður óþekktar fornleifar geta leynst. Þekkingarskortur er því ekki ástæðan þegar fornleifar lenda í uppnámi vegna framkvæmda heldur misbrestur á að fyrirliggjandi þekking sé nýtt í undirbúningnum.

Stór veikleiki í kerfi okkar er að fyrir utan friðlýstar fornleifar – sem eru t.d. engar í miðbæ Reykjavíkur – tekur skipulagsgerð á Íslandi sjaldnast nokkurt mið af fornleifum eða menningarlandslagi. Frumákvarðanir um landnýtingu eru teknar án þess að slíkum verðmætum sé gaumur gefinn og þegar fornleifar koma svo í ljós – oft bara dögum eða vikum áður en framkvæmdir hefjast – getur valið aðeins staðið á milli þess að láta fornleifarnar fara eða hætta við framkvæmdirnar. Oftast eru það fornleifarnar sem verða undir í þeirri togstreitu. Ef framkvæmdaaðilar og leyfisveitendur vendu sig á að kynna sér þá þekkingu sem til er um fornleifar áður en byrjað er að hanna og grafa væri mun hægara um vik að varðveita og virkja þau verðmæti sem í fornleifum felast.




Kort Borgarsögusafns sem sýnir hvar leifar af hlöðnum köntum er að finna undir fyllingum við höfnina í Reykjavík.

**Þekkingarskortur er því ekki ástæðan þegar fornleifar lenda í uppnámi vegna framkvæmda heldur misbrestur á að fyrirliggjandi þekking sé nýtt í undirbúningnum.**

NISSAN
Innovation that excites

NISSAN MICRA
NETTUR, ÓDÝR OG HLAÐINN BÚNAÐI



NISSAN MICRA VISIA
ELDSNEYTISNOTKUN 5,0 L/100 KM*
VERÐ FRÁ: 1.990.000 KR.

Staðalbúnaður er meðal annars: Handfrjáls Bluetooth símabúnaður, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, rafknúið léttstýri, ESP stöðugleikastýring og AUX tengi fyrir iPod o.fl.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM70988

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Fyrstu stig Arsenal-liðsins í Meistaradeildinni á tímabilinu.




Manuel Neuer, markvörður Bayern München, gerði stór mistök þegar Olivier Giroud kom Arsenal í 1-0 á móti Bayern á Emirates-leikvanginum í gær eins og sést hér fyrir ofan en fyrr í leiknum hafði Neuer átt eina af markvörslum tímabilsins. Neuer var hetja en varð skúrkur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Viljum finna taktinn í liðinu

**Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari valdi í gær æfingahóp fyrir sterkt æfingamót í Noregi í næsta mánuði. Það er nóg að gera hjá landsliðsþjálfaranum eftir að hann byrjaði aftur í fullu starfi hjá HSÍ**

**HANDBOLTI** Alexander er meiddur og getur því miður ekki verið með. Það er bæði nárinn og öxlin sem eru að plaga hann,“ segir Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari en hann valdi í gær 20 manna æfingahóp fyrir æfingamót í Noregi sem fer fram í upphafi næsta mánaðar. Aron mun fara með 18 leikmenn á mótið.

Alexander Petersson er stærsta nafnið sem vantar í hópinn en hann er að glíma við meiðsli enn og aftur eins og þjálfarinn segir. Liðsfélagi Alexanders hjá Rhein-Neckar Löwen, Stefán Rafn Sigurmannsson, er ekki valinn að þessu sinni en í hans stað kemur Bjarki Már Elísson.

**Samkeppni í horninu**

„Stefán er í erfiðri stöðu hjá sínu félagsliði þar sem hann fær fá tækifæri. Ef tækifærin verða fá komast menn úr leikæfingu. Þetta eru smá skilaboð á Stebba að hann verði að fá fleiri leikmínútur. Hann er ekkert úr myndinni og stóð sig ágætlega í okkar verkefnum síðasta sumar,“ segir þjálfarinn um Stefán Rafn. Aftur á móti er Bjarki að spila mun meira hjá Füchse Berlin þangað sem hann kom í sumar.

„Hann hefur staðið sig ágætlega þar og nú fær hann tækifæri til þess að sýna sig. Það er samkeppni á milli hans og Stefáns. Þar erum við með tvo góða stráka sem er jákvætt. Nú er það Bjarki sem fær tækifærið.“

**Hreiðar snýr aftur**

Hreiðar Levý Guðmundsson markvörður hefur ekki verið valinn í hópinn lengi og kom því einhverjum á óvart að sjá hann aftur í hópnum.

„Hreiðar er í mjög góðu formi þessa dagana og hefur verið að æfa vel. Nú er tækifæri fyrir hann til þess að setja pressu á hina,“ segir landsliðsþjálfarinn en Aron Rafn Eðvarðsson hefur ekki spilað mikið síðan hann fór til Álaborgar. „Dyrunum er ekki lokað á neinn á meðan hann spilar vel.“

**Tveir nýliðar**

Tveir nýliðar fá tækifæri að þessu sinni. Framarinn Arnar Freyr Arnarson, sem var ein af stjörnum U-19 ára liðsins í sumar, og svo markahæsti leikmaður Olís-deildarinnar, Theodór Sigurbjörnsson úr Eyjum.

„Theodór hefur spilað mjög vel fyrir ÍBV í vetur og er á mikilli siglingu. Það er verið að verðlauna hann fyrir það. Þetta er gott tækifæri til þess að sjá þessa leikmenn á æfingum þar sem þeir fá meiri mótspyrnu en í deildinni hér heima. Arnar Freyr er línumaður og framtíðarmaður. Getur spilað bæði í vörn og sókn. Hann hefur gott af því að fá nasaþefinn af þessu og við viljum vinna með honum enda efnilegur. Ef hann heldur rétt á spilunum þá getur hann bætt sig mikið.“

Strákarnir okkar eru á leið á Evrópumótið í Póllandi í janúar og verður ekki mikill tími fyrir undirbúning. Aron vill því nýta þessa viku með liðinu vel.

„Við viljum finpússa hluti í þessu móti og finna taktinn í liðinu. Við verðum að vinna í varnarleiknum líka og koma nýjum mönnum inn. Ólafur Bjarki er til að mynda klár aftur eftir meiðsli og þetta mót nýtist vel til þess að koma honum aftur í gang með okkur.“



Aron Kristjánsson hefur í nægu að snúast þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA

## Hópurinn

MARKVERÐIR
**Aron Rafn Eðvarðsson**, Álaborg
**Björgvin P. Gústavsson**, Bergischer
**Hreiðar L. Guðmundsson**, Akureyri

AÐRIR LEIKMENN
**Arnar Freyr Arnarsson**, Fram
**Arnór Atlason**, St. Raphael
**Arnór Þór Gunnarsson**, Bergischer
**Aron Pálmarsson**, Veszprém
**Ásgeir Örn Hallgrímsson**, Nimes
**Bjarki Már Elísson**, Füchse Berlin
**Bjarki Már Gunnarsson**, Aue
**Guðjón Valur Sigurðsson**, Barcelona
**Guðmundur Á. Ólafsson**, Mors-Thy
**Kári Kristján Kristjánsson**, ÍBV
**Ólafur Bjarki Ragnarsson**, Eisenach
**Róbert Gunnarsson**, PSG
**Rúnar Kárason**, Hannover-Burgdorf
**Snorri Steinn Guðjónsson**, Nimes
**Tandri Már Konráðsson**, Ricoh HK
**Theodór Sigurbjörnsson**, ÍBV
**Vignir Svavarsson**, Midtjylland

**Aftur í skrifstofustarf**

Aron var upprunalega ráðinn í 100 prósent starf sem landsliðsþjálfari en það var lagt á hilluna um tíma á meðan hann stýrði danska liðinu Kolding. Þeim tíma er lokið og Aron aftur kominn í fullt starf hjá HSÍ. Hann er með mörg járn í eldinum enda þarf ýmislegt að bæta.

„Eitt af mínum fyrstu verkefnum var að koma þjálfaramenntun aftur á koppinn og það er á góðri leið. Svo erum við búin að koma Afrekshópi í gang. Það eru 18-23 ára strákar sem eru að æfa saman einu sinni til tvisvar í mánuði. Þar er fylgst með framgangi þeirra og unnið með þeim á réttan hátt. Einnig rætt við þjálfara þeirra og reynt að vinna með þeim svo hægt sé að fá það besta úr leikmanninum,“ segir Aron, en líka er unnið í styrktarþjálfuninni en lengi hefur verið gagnrýnt að íslenskir handboltamenn séu á eftir er kemur að þeim hluta.

„Við héldum námskeið um daginn varðandi uppbyggingu handboltamannsins. Við ýtum undir að félög byrji fyrr með líkamlega þjálfun og geri hana markvissari. Svo er meiningin að koma með innblástur í kraftþjálfunina hjá eldri strákunum.“

Aron og HSÍ hafa einnig verið að vinna með markvarðaþjálfun og svo á að setja saman teymi sem sér um andlega þáttinn. Það er því nóg að gera hjá þjálfaranum þó svo hann sé ekki að keppa og æfa reglulega.

„Auðvitað saknar maður þess stundum að vera ekki að vinna daglega með mönnum en þetta er líka skemmtilegt. Allt annar taktur en öðruvísi.“ henry@frettabladid.is

## Nýjast

**Meistaradeildin**

**E-riðill**
**BATE - Barcelona 0-2**
0-1 Ivan Rakitic (48.), 0-2 Ivan Rakitic (65.),
**Leverkusen - Roma 4-4**

**Stig liða:** Barca 7, Leverk.4, Bate 3, Roma 2.

**F-riðill**
**Arsenal - Bayern M. 2-0**
1-0 Olivier Giroud (77.), 2-0 M. Özil (90.+4)

Fyrstu stig Arsenal. Manuel Neuer varði frábærlega í fyrri hálfleik en gerði stór mistök í þeim síðari.

**Zagreb - Olympiakos 0-1**
0-1 Brown Ideye (79.). Alfreð Finnbogason sat allan tímann á varamannabekknum.
**Stig liðanna:** Bayern 6, Olympiakos 6, Zagreb 3, Arsenal 3.

**G-riðill**
**Dynamo Kiev - Chelsea 0-0**

**Porto - Maccabi 2-0**
**Stig:** Porto 7, Kiev 5, Chelsea 4, Maccabi 0.

**H-riðill**
**Valencia - Gent 2-1**

**Zenit - Lyon 3-1**
**Stig liða:** Zenit 9, Valencia 6, Lyon 1, Gent 1.

BRYNDÍS OG SNÆFELLSSTELPURNAR Í HEIMSÓKN Í KVÖLD
Íslandsmeistaraefnin í kvennaliði Hauka fá verðugt verkefni í Domino's-deild kvenna í körfubolta í kvöld þegar liðið tekur á móti ríkjandi Íslandsmeisturum Snæfells á Ásvöllum. Bæði lið hafa unnið sína leiki til þessa á mótinu, Helena Sverrisdóttir var mögnuð í eina sigri Hauka og Bryndís Guðmundsdóttir tryggði Snæfelli annan sigurinn í röð í sínum fyrsta leik með Hólmurum. Leikurinn verður í beinni á Stöð 2 Sport 6 og á Vísi.

SÁ FYRSTI SEM BYRJAR MÓTIÐ Á TVEIMUR ÞRENNUM
Grindvíkingurinn Jón Axel Guðmundsson er fyrsti leikmaðurinn í sögu úrvalsdeildar karla sem nær þrennu í fyrstu tveimur deildarleikjum tímabilsins en þessi 18 ára strákur (verður 19 ára eftir tæpa viku) var með þrennu á móti FSu í 1. umferð Domino's-deildar karla (16 stig, 10 fráköst og 10 stoðsendingar) og á móti Hetti í 2. umferðinni (24 stig, 10 fráköst og 11 stoðsendingar). Aðeins tveir aðrir leikmenn hafa náð tveimur þrennum í október, fyrsta mánuði tímabilsins, en það eru þeir Pavel Ermolinski með KR í október 2010 (1. og 4. umferð) og Emil Barja með Haukum í október 2013 (1. og 4. umferð).



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.15 | **Meistarad.kvöld** | Sport 4 HD |
| 18.30 | **CSKA-Man. Utd.** | Sport HD |
| 18.30 | **PSG-Real Madrid** | Sport 3 |
| 18.30 | **Malmö - Shakhtar** | Bravó |
| 18.30 | **Man.City - Sevilla** | Sport 5 |
| 19.10 | **Haukar – Snæfell** | Sport 6 |
| 19.15 | **Haukar – Snæfell** | **Schenkerh.** |
| 19.15 | Hamar - Grindavík | Hverag. |
| 19.15 | Stjarnan - Keflavík | Ásgarður |
| 20.00 | Fram - Aftureld. | Framhús |




MARKAÐURINN
Miðvikudagur 21. október 2015
41. tölublað | 9. árgangur
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



# Við það að slá í gegn

Stærstu hjólamerki heims hafa lýst áhuga á samstarfi við Lauf Forks

Vörumerkið er orðið vel þekkt í hjólaheiminum

347 milljóna hefur verið aflað í þremur hlutafjáraukningum

»6



»2
**Stefnir vill kaupa húsnæði Alvotech**
Húsnæðið er í eigu Róberts Wessman.

»4
**Þúsund milljarða hlutabréfamarkaður**
Heildarvirði félaga í Kauphöll Íslands hefur vaxið hratt undanfarið.

»8
**Svipmynd: Árni Stefán Jónsson**
Formaður SFR segir kjarabaráttuna nú yfirvegaðri en áður.

»10
**Landamæri verði opnari**
Lars Christensen skrifar um nýjasta Nóbelsverðlaunahafann í hagfræði.

»12
**Á hálum ís**
Stjórnarmaðurinn skrifar um nýlega dóma Hæstaréttar Íslands í hrunmálum.



## SKJÓÐAN

# Breytt vinnumarkaðslíkan eða nýtt samfélagslíkan?

**EKKERT** vinnumarkaðslíkan er í notkun hérlendis – alla vega ekkert sem nein sátt ríkir um. Aðilar hins almenna vinnumarkaðar reka upp harmakvein þegar háskólamenntað fólk krefst leiðréttingar á launakjörum sínum og algerlega er talið fráleitt að hífa laun láglaunafólks svo hátt að fólk eigi raunhæfa möguleika á að lifa af launum sínum. Slíkt veldur allt að sögn of mikilli þenslu í hagkerfinu, sem aftur leiðir til verðbólgu sem allir vita að hækkar verðtryggðu lánin sem flestir burðast með sem myllustein um hálsinn.

**ÞESS VEGNA** eru skilaboðin frá aðilum hins almenna vinnumarkaðar, Seðlabankanum og stjórnvöldum skýr; þrátt fyrir að allir séu af vilja gerðir til að lagfæra launakjör háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og láglaunafólks skal fólk sætta sig við örlitla flís því verðtryggingin gleypir allar leiðréttingar og lagfæringar, og gott betur. Allt umfram flísina veldur kjaraskerðingu þegar upp er staðið.

**HVÍ SKILUR** fólkið þetta ekki? Kannski ríflega fjögur hundruð milljarða hagnaður nýju bankanna frá hruni, á sama tíma og fólkið hefur mátt herða sultarólar, glepji sýn? Skyldi launaskrið stjórnenda stórfyrirtækja og banka skapa glýju í augum almúgans? Skyldi afhending sameiginlegra þjóðarauðlinda til fámennrar klíku fyrir slikk pirra pöpulinn svo mjög að hann ani endalaust út í vinnudeilur? Er þetta kannski bara öfundsýki?

**EÐA ER** kannski kominn tími til að gera róttækar breytingar; ekki aðeins skipta um vinnumarkaðslíkan heldur ráðast á sjálft samfélagslíkanið? Taka til endurskoðunar hinn svonefnda „samfélagssáttmála“ sem hvort eð er stendur ekki undir nafni þar sem hér er engin sátt. Það sést af síendurteknum vinnudeilum, sem skaða samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

**NÚ ER** Ísland ekki eina landið sem stendur frammi fyrir því að gríðarlegur auður safnast á hendur örfárra á meðan millistéttin breytist í lágstétt og lægst launaða fólkið getur mögulega átt í sig, eða á, eða þak yfir höfuðið – en alls ekki allt í senn. Það réttlætir ekki ástandið hér á landi að aðrir búi við sams konar vanda.

**SAMKEPPNISSTAÐA** flestra íslenskra fyrirtækja, annarra en útgerðarfyrirtækja og nokkurra stærstu fyrirtækja landsins, er afleit vegna gríðarlega mikils fjármagnskostnaðar. Öll milljarðahundruðin sem renna inn í bankana draga úr getu íslensks atvinnulífs til að greiða mannsæmandi laun á sama tíma og háir vextir og gjaldtaka banka sogar til sín sífellt stærri hluta ráðstöfunartekna almennings.

**NÝTT** vinnumarkaðslíkan á Íslandi hlýtur að byggjast á því að tekið verði á ofurhagnaði banka og markaðslausnir verði notaðar til að verðleggja aðgang að takmörkuðum auðlindum í sameiginlegri eigu þjóðarinnar. Málið snýst ekki um réttlæti eitt og sér heldur ekki síður um samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs til framtíðar.

## Kauphöllin

MESTA HÆKKUN SÍÐUSTU VIKUNA
**Síminn**
**6,0%**

MESTA LÆKKUN SÍÐUSTU VIKUNA
**HB Grandi**
**-1,7%**

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Gunnar V. Andrésson**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

www.pwc.is

**PwC býður á námskeið**

Sem lið í aukinni þjónustu PwC er okkur sönn ánægja að bjóða þér á námskeið um tekjuskatt.

Á námskeiðinu verður farið yfir dæmi um útreikning tekjuskatts og tekjuskattsskuldbindingar eða tekjuskattsinneignar hjá einkahlutafélagi.

Aðgangur er ókeypis, en vegna sætafjölda biðjum við þig vinsamlega um að skrá þig á www.pwc.is

**Staður og stund:**
Miðvikudagurinn 28. október
Kl. 9:00-10:30
PwC, Skógarhlíð 12

pwc



Stefnt er að því að húsnæðið verði tekið í notkun í byrjun næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Stefnir vill kaupa í húsnæði Alvotech

**Stefnir, dótturfélag Arion banka, er í viðræðum um að kaupa meirihluta í húsnæði Alvotech við Sæmundargötu. Félag í eigu Róberts Wessman á húsnæðið. Arion banki lánar félaginu fyrir stærstum hluta byggingarkostnaðarins.**

SRE II, fasteignasjóður í rekstri Stefnis, dótturfélags Arion banka, á í viðræðum um að kaupa 51 prósents hlut í húsnæði Alvotech sem nú er í byggingu við Sæmundargötu. Þetta staðfestir Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri Stefnis. Hann segir viðræðurnar langt komnar en fyrst þurfi að greiða úr ákveðnum fyrirvörum áður en kaupin gangi í gegn.

Fasteignafélagið Sæmundur ehf., sem er í eigu Róberts Wessman, forstjóra Alvogen, systurfélags Alvotech, á húsnæðið samkvæmt því sem fram kemur á Fasteignaskrá ríkisins. Félagið keypti húsnæðið af Alvotech í febrúar árið 2014. Lóðin er í eigu Reykjavíkurborgar en Vísindagarðar Háskóla Íslands leigja Alvotech hana.

**51%**
**hlut mun sjóðurinn SRE II eignast í húsnæði Alvotech gangi kaupin í gegn.**

Róbert Wessman mun sjálfur leggja til minnst 20 prósent af byggingarkostnaðinum en 4,2 milljarða lánalína frá Arion banka á að standa undir að hámarki 80 prósentum af byggingarkostnaði samkvæmt því sem haft var eftir Halldóri Kristmannssyni, framkvæmdastjóra hjá Alvogen, í Stundinni í ágúst. Búist er við að húsið kosti milli 5,5 og sex milljarða króna í byggingu.

Kaupverðið liggur ekki fyrir en Alvotech mun leigja húsnæðið af eigendum þess.

Alvotech stefnir að því að hefja starfsemi í húsnæðinu í byrjun næsta árs. Fyrirtækið hyggst á næstu mánuðum ráða fjörutíu vísindamenn í viðbót við þá sextíu sem þegar hafa verið ráðnir. Fjörutíu starfsmenn að auki verða einnig ráðnir á næstu mánuðum. Alvotech mun vinna að þróun líftæknilíðstæðna sem vonast er til að komist á markað árið 2019.

**ingvar@frettabladid.is**

## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 21. október**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
Vinnumarkaður í september 2015

**Fimmtudagur 22. október**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
Vísitala kaupmáttar launa í september 2015
Greiðslujöfnunarvísitala í nóvember 2015
Vísitala lífeyrisskuldbindinga í september 2015
Mánaðarleg launavísitala í september 2015
**ÖSSUR**
Uppgjör þriðja ársfjórðungs

**Föstudagurinn 23. október**
**LÁNAMÁL RÍKISINS**
Útboð ríkisbréfa

**Mánudagur 26. október**
**ICELANDAIR**
Uppgjör þriðja ársfjórðungs íbúðarhúsnæðis

**Þriðjudagur 27. október**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
Viðskipti með atvinnuhúsnæði í september
**KÓPAVOGUR**
Fjárhagsáætlun ársins 2016 birt

Vísir Allar markaðsupplýsingar

## Vikan sem leið

**13,7**
**MILLJARÐAR KRÓNA** var greiðslukortavelta erlendra ferðamanna í september. Veltuaukningin milli ára nam 4,3 milljörðum eða 46 prósentum.

**6,9%**
**HAGVÖXTUR VAR Í KÍNA** á síðustu þremur mánuðum samkvæmt opinberum hagtölum. Er það minnsti hagvöxtur frá árinu 2009. Hagfræðingar hafa dregið töluna í efa og sagt raunverulegan hagvöxt mun minni.

**475**
**MILLJARÐA HÆKKUN** gæti orðið á verðtryggðum skuldum heimilanna gangi svörtustu hagspár Samtaka atvinnulífsins eftir. Þar er miðað við að launahækkanir verði 45-50 prósent til ársloka 2018 og a.m.k. níu prósenta verðbólga.



# Vandað skrifstofuhúsnæði til leigu

Hjá Reitum færðu bæði stórt og lítið skrifstofuhúsnæði tilbúið til afhendingar eða lagað að þínum þörfum.



**Höfðabakki í Reykjavík**
**416 eða 908 m²**
Með útsýni.



**Hátún í Reykjavík**
**650 m² hús**
Tilbúið til afhendingar.



**Dalshraun í Hafnarfirði**
**400 eða 650 m²**
Innréttað að þínum þörfum.

Kynntu þér fleiri kosti á reitir.is

REITIR
*Velkomin til starfa*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Styrking krónu gæti hamlað vexti á markaðnum

**Heildarvirði félaga sem skráð eru í Kauphöll Íslands er einungis um fjórðungur af því sem var í júlí 2007. Félögin hafa hækkað verulega í verði undanfarið ár. Sérfræðingur í eignastýringu Virðingar telur hækkanirnar þó hafa staðið undir sér.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Mikil uppsveifla hefur átt sér stað á hlutabréfamarkaði undanfarin misseri eftir erfið hrunár. Markaðurinn er í dag metinn á 1.000 milljarða króna og hefur nær fimmfaldast að verðmæti frá ársbyrjun 2011. Enn er þó langt í land að hann nái sömu hæðum og fyrir hrun, þegar hæst stóð í stönginni nam virði markaðarins 3.800 milljörðum króna í júlí 2007. Það sem hefur einkennt uppbyggingu innlends hlutabréfamarkaðar eftir hrun er að allar nýskráningar hafa falið í sér sölu á þegar útgefnu hlutafé og áhugi fjárfesta annarra en banka og lífeyrissjóða á að byggja upp markað virðist vera mjög takmarkaður. Þetta segir Eggert Þór Aðalsteinsson, sérfræðingur í eignastýringu Virðingar, en hann hélt erindi um horfur á hlutabréfamarkaði á fundi Virðingar á föstudaginn.

Eggert telur að uppsveiflan á hlutabréfamarkaði undanfarið, til að mynda 60% hækkun á aðalvísitölunum, OMGI8 GI og GAMMA á einu ári, hafi staðið undir sér. „Það er svo margt sem er að vinna með félögunum, bæði innri og ytri aðstæður. Í ytri aðstæðum er það þessi mikla lækkun sem við sjáum á olíuverðinu. Fyrir okkar hagkerfi sem er háð olíuverði þá kemur þetta sérstaklega félögum eins og Icelandair Group, HB Granda og Eimskipum til góða. Markaðsaðstæður fyrir Marel hafa líka verið mjög góðar, lækkun hrávöruverðs og matvælaverðs hefur hjálpað þeim mjög mikið auk þess sem hagræðing á rekstri félagsins hefur tekist vel," segir Eggert í samtali við Markaðinn. Kauphallarfyrirtæki séu fjárhagslega sterk um þessar mundir og helstu verðkennitölur hafi langt í frá hækkað upp úr öllu valdi. Hann bendir á að þar sem markaðurinn er tiltölulega lítill þá sé vægi Icelandair og Marels ansi mikið í hlutabréfavísitölum. „Þau eru um helmingur í hvorri vísitölu þannig að mikil hækkun á þessum tveimur félögum hefur mikil áhrif á heildarávöxtunina. Á síðasta ári hefur Icelandair hækkað um 80% og Marel um 110%," segir Eggert.

Annar ársfjórðungur á hlutabréfamarkaði var almennt mjög góður og yfir væntingum greiningaraðila. Eggert segir ýmislegt benda til þess að sá þriðji verði einnig sterkur. Á næstu misserum gæti styrking krónunnar undanfarnar vikur hins vegar farið að hafa neikvæð áhrif. „Við erum kannski ekki búin að sjá þetta koma fram í rekstrartölum, en þetta mun hafa neikvæð áhrif á félög með kostnað í krónum en litlar sem engar tekjur í krónum. Styrkingin gæti einnig dregið úr vexti ferðaþjónustunnar og haft neikvæð áhrif á sjávarútveginn. Hlutfallslega hafa tekjur Icelandair í íslenskum krónum verið að minnka en launakostnaður er hins vegar nær allur í íslenskum krónum. Það eru ákveðnar blikur á lofti núna, sérstaklega út af krónunni, en það er margt mjög hagstætt enn, olían er enn þá lág og verð sjávarafurða hefur haldist hátt, sérstaklega í botnfiski. Sterk króna mun þó hjálpa innanlandsfyrirtækjunum eins og til dæmis Högum," segir Eggert. Þá hefur skörp kröfulækkun á skuldabréfamarkaði vegna innflæðis frá erlendum fjárfestum síðustu vikurnar verkað jákvætt á hlutabréfamarkaðinn, enda geri fjárfestar lægri ávöxtunarkröfu til hlutabréfa þegar áhættulausir lækka.

Eggert telur að miðað við þá miklu eftirspurn sem hefur verið eftir hlutabréfum gæti markaðurinn hæglega tekið við fleiri nýjum félögum. Hann bendir á að mikil eftirspurn hafi verið þegar Síminn fór á markað. Hins vegar sé staðan sú núna að ekki að sé að koma neitt nýtt félag á markað fyrr en á seinni hluta næsta árs, þegar Ölgerðin og Skeljungur stefna á markað. „Hlutabréfamarkaðurinn hefur verið undir talsverðum þrýstingi til hækkunar. Það er mikið innflæði á hann úr öllum áttum," segir Eggert. Hann telur að markaðurinn gæti tekið við fjórum til fimm fyrirtækjum núna. „Markaðurinn er ansi einsleitur. Það vantar félög inn á markað til dæmis úr orkugeiranum, fjármálageiranum, sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Það eru þrjú fasteignafélög, þrjú tryggingafélög og tvö fjarskiptafélög á markaði, en þetta endurspeglar ekkert endilega íslenskt atvinnulíf. Það vantar meginstoðirnar sem eru orkugeirinn og sjávarútvegurinn," segir Eggert.

Eggert telur að hlutverk markaðarins hafi breyst mikið undanfarin ár. „Íslenski hlutabréfamarkaðurinn á síðustu árum hefur ekki verið fjármögnunarvettvangur til að sækja sér áhættufjármagn. Allar þessar nýskráningar hafa falið í sér sölu á þegar útgefnu hlutafé og svo virðist áhugi einkafjárfesta, sem eiga hin og þessi fyrirtæki sem gætu farið á hlutabréfamarkað, mjög takmarkaður. Nýskráningar



Síminn er nýjasta félagið á markaði en félagið var tekið til viðskipta á Aðallista Kauphallarinnar þann 15. október. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Markaðsvirði hlutabréfa Aðalmarkaðar og First North




* Staðan tekin 16. október 2015



**Íslenski hlutabréfamarkaðurinn á síðustu árum hefur ekki verið fjármögnunarvettvangur til að sækja sér áhættufjármagn. Allar þessar nýskráningar hafa falið í sér sölu á þegar útgefnu hlutafé og svo virðist áhugi einkafyrirtækja, sem eiga hin og þessi fyrirtæki sem gætu farið á hlutabréfamarkað, mjög takmarkaður.**

Eggert Þór Aðalsteinsson, sérfræðingur í eignastýringu Virðingar

# FA leggur til að tollar á mat lækki um helming

Félag atvinnurekenda leggur til að tollar á innfluttum búvörum verði lækkaðir um helming og tollvernd fyrir svína- og alifuglakjöt verði afnumin að fullu. Einnig er lagt til að tollar á vörur eins og geitaost, andakjöt, franskar kartöflur og pasta, sem ekki keppa við innlenda framleiðslu, verði afnumdir að fullu. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu FA, Matartollar: Verndarstefna eða samkeppni og valfrelsi neytenda?

FA fagnar þeim skrefum sem þegar hafa verið stigin og áformuð eru á næstunni en hvetur til þess að maturinn sé ekki undanskilinn í umræðunni um tollalækkanir. Tillögur FA eru í samræmi við tillögur sem framkvæmdastjórn Samráðsvettvangs um aukna hagsæld lagði fram 2013.

Í skýrslunni eru færð rök fyrir því að stjórnvöld hafi hunsað tillögur stofnana, nefnda og starfshópa á þeirra eigin vegum um að draga úr eða afnema tollvernd á búvörum. Það er mat FA að skömmtunarkerfi í innflutningi á mat, svokallað tollkvótakerfi, hafi í för með sér margvíslegar samkeppnishindranir og óhagræði, jafnt fyrir neytendur sem innflutningsfyrirtæki. Við aukinn innflutning eykst neytendaábati þar sem innlent vöruúrval verði meira og verðlag lækki í ljósi aukinnar samkeppni.

FA færir einnig rök fyrir tillögum sínum með því að vísa til þess að innlend framleiðsla búvara anni ekki eftirspurn svína- og alifuglakjötsframleiðslu á innanlandsmarkaði og því síður framleiðslu nautakjöts. – sg

**Félag atvinnurekenda vill auka innflutning á matvörum. FA vill lækka tolla á innfluttum búvörum um helming. Auk þess að afnema að fullu tollvernd fyrir svína- og alifuglakjöt og innfluttar vörur sem ekki keppa við innlenda framleiðslu, svo sem geitaost, andakjöt, franskar kartöflur og pasta.**



Félag atvinnurekenda vill afnema tolla af ákveðnum




**1.000**
ma. kr. markaðurinn í dag

**500**
ma. kr + virði Össurar, Marels og Icelandair Group

**3.800**
ma. kr. virði markaðarins á hápunkti í júlí 2007

undanfarin ár hafa allt verið eignir sem kröfuhafar og bankar hafa verið að losa, til dæmis þegar Framtakssjóður seldi í N1 og Fjarskiptum og Arion banki seldi hluti í Símanum, HB Granda, Reitum og Eik. Áður fyrr var hlutabréfamarkaðurinn notaður sem tæki til að sækja sér nýtt hlutafé, eins og gerðist í m.a. tilfelli Bakkavarar Group, Kaupþings, Össurar og Marels,“ segir Eggert að lokum.

Áhugvert verður að fylgjast með því hvort þessi þróun muni halda áfram, hins vegar er víst að það mun koma tími þar sem bankarnir og slitabúin hafa selt alla sína hluti, þá breytist ef til vill hlutverk markaðarins aftur.



matvörum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hrun á húsnæðisverði hættulegra en hlutabréfabóla

Hrun á kínverskum fasteignamarkaði hefði mun alvarlegri afleiðingar en sú verðlækkun sem hefur átt sér stað á kínverskum hlutabréfamarkaði. Þetta sagði Peter Westaway, yfirhagfræðingur og forstöðumaður fjárfestinga hjá Vanguard í Evrópu, á fundi VÍB um fjárfestingar eftir afnám hafta.

Westaway benti á að um helmingur af auði Kínverja væri bundinn við húsnæði en aðeins níu prósent við hlutabréf.

Hrun á fasteignamarkaðnum hefði gífurlegar afleiðingar fyrir heimshagkerfið. Muni fasteignaverð lækka jafn mikið og gerðist árið 2009 í Bandaríkjunum gæti hagvöxtur í Kína orðið neikvæður. Westaway telur þó ekki að svo skörp verðlækkun verði raunin þótt einhverjar verðlækkanir muni eiga sér stað. Kínverski seðlabankinn hafi enn svigrúm til að lækka stýrivexti og blása þannig frekara lífi í kínverska hagkerfið.

> **Helmingur af auði Kínverja er bundinn við húsnæði en aðeins 9 prósent við hlutabréf.**

Þá benti hann á að útflutningur til Kína væri lítill hluti af heildarútflutningi Evrópuríkja. Til að mynda fari innan við tíu prósent af útflutningi Þjóðverja til Kína.

Hægari vöxtur í kínverska hagkerfinu hafi þó mikil áhrif á ríki sem treysta á útflutning á hrávörum enda hafi Kína haft gífurlega þörf fyrir hrávörur vegna þeirrar uppbyggingar sem átt hafi sér stað þar. – ih


Peter Westaway sagði hrávöruútflytjendur þá sem tapa mestu á minni hagvexti í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Stærstu hjólreiðamerkin farin að sýna

Stærstu hjólreiðaframleiðendur heims hafa sett sig í samband við frumkvöðlafyrirtækið Lauf Forks með áhuga á samstarfi. Takist að selja þeim lagið farið að skila hagnaði að sögn stofnendanna. Þeir segja það hafa verið mun meiri vinnu en þeir hafi gert sér grein fyrir í upphafi að selja

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is

Það er gaman að líta yfir farinn veg og sjá hvað þetta er komið langt. Ef þú ferð inn í hjólabúð í Suður-Afríku þá þekkir fólk þar merkið," segir Benedikt Skúlason sem stofnaði nýsköpunarfyrirtækið Lauf Forks árið 2011 með æskuvini sínum, Guðberg Björnssyni. Fyrirtækið framleiðir nýja og byltingarkennda tegund hjólreiðagaffla, sem er sá hluti hjólsins sem gengur niður úr stýrinu og niður í framhjólið.

Þó við fyrstu sýn láti slík framleiðsla ekki mikið yfir sér er hjólreiðabransinn stór, veltir fleiri milljörðum á ári og lítil sneið af kökunni getur gefið mikið í aðra hönd.

Markaðurinn settist niður með þremur af fjórum starfsmönnum Lauf Forks, þeim Benedikt, Guðberg og Bergi Benediktssyni, framleiðslustjóra fyrirtækisins.

Benedikt, sem þá var starfsmaður Össurar, segir að Guðberg hafi litist vel á hugmyndina þegar hann kynnti hana fyrir honum um áramótin 2010 til 2011. „Honum leist vel á konseptið og við ákváðum að prófa að keyra þetta aðeins áfram og gera prótótýpu," segir Benedikt.

Benedikt fékk frumherjastyrk frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands vorið 2011 til að þróa verkefnið frekar og í kjölfarið var Lauf Forks stofnað. „Sumarið 2011 gerðum við svo fyrstu frumgerðina, sex kílóa hlunk sem sannaði konseptið," segir hann.

En hver er galdurinn á bak við hjólreiðagaffla Lauf forks?

„Þetta er létt, sterkara og endingarbetra en aðrir demparar. „Það er enginn annar demparagaffall sem tekur þessi litlu högg," segir Benedikt.

Þeir hafa hingað til helst einbeitt sér að því að framleiða gaffla fyrir fjallahjól en nú vinna þeir að því að þróa þriðju vöru sína, sem er ætluð fyrir blöndu götuhjóls og fjallahjóls. „Við erum að stækka markhópinn. Við erum að finna alltaf betur og betur hvar okkar styrkleikar liggja," segir Benedikt.

### Orðið þekkt merki í hjólaheiminum

Hver gaffall kostar 990 dollara erlendis, um 124 þúsund krónur. Þeir segja það ekki kostnað sem viðskiptavinir þeirra setja fyrir sig. Ódýrustu hjólin sem gafflarnir fara á kosta á milli 400 og 500 þúsund krónur en mörg hver kosta þau vel yfir milljón krónur. „Oft er það þannig að demparinn er fjórðungur af verðinu og eftir því sem hjólið er dýrara verður þetta minni partur af kostnaðinum," segir Guðberg. Frá því fyrstu gafflarnir fóru í sölu í ágúst í fyrra hefur Lauf Forks selt um tvö þúsund stykki og hafa tekjurnar numið um 100 milljónum króna. Fyrirtækið þurfi hins vegar að selja fimm til tíu þúsund gaffla á ári til þess að það skili hagnaði.

Þeir benda á að merkið sé orðið vel þekkt í hjólreiðaheiminum þrátt fyrir ungan aldur fyrirtækisins. „Við erum að selja þetta nánast alls staðar á byggðu bóli, segir Benedikt, en fyrirtækið er komið með dreifingaraðila í 19 löndum. „Það eru eiginlega engir lykilmarkaðir eftir. Það eru einhverjir af hinum sterku mörkuðum þar sem við erum aðeins að skoða dreifingaraðila en ekki á mörgum," segir hann.

„Þú getur farið núna inn í hjólabúð í London eða Madríd og spurt um þetta og þá þekkja þetta allir. Ef menn vita eitthvað um hjólreiðar þá vita menn hvað þetta er," segir Benedikt.



Benedikt Skúlason, Guðberg Björnsson og Bergur Benediktsson eru meirihluti starfsmanna Lauf Forks. Á myndinni má sjá gaffal frá Lauf Forks sem er sérhannaður fyrir svokölluð Fat Bike-fjallahjól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ekki lengur skrýtnir á hjóli



Strákarnir segjast sjá mikinn mun á hjólreiðamenningunni „Hún hefur blómstrað síðan þá, hvort sem það er okkur að þakka eða ekki. Þetta er búið að vaxa á öllum stigum samgöngu-, keppnis- og fjallahjólreiðar," segir Bergur.

„Borgin er búin að gera svo mikið og leggja stíga út um allt. Maður er ekki lengur skrítinn þegar maður er að hjóla. Núna er kominn almennilegur fatnaður, það eru ekki allir bara í öryggisvestum," segir Guðberg.

„Það er rosa breyting á hugarfari og aðstöðu," bætir Benedikt við.

Drengirnir segjast alltaf hafa verið með hálfgerða hjóladellu og fermingarpeningarnir þeirra hafi að mestu farið í ný hjól. „Maður tók smá pásu í kringum bílprófið. Það er venjan að þá sjást menn ekki á hjóli næstu fimm árin og svo byrja menn að hjóla aftur. Við Guðberg vorum að eyða öllu okkar sparifé í hjól þegar við vorum 13-14 ára. Setja nýja kompónenta, nýjar bremsur og gaffla," segir Benedikt.

> Núna eru nokkrir boltar sem eru á lofti með virkilega stór merki sem gætu verið að selja þúsund stykki í einni sölu. Það er næsti áfangi.

**900**

milljónir króna er heildarvirði Lauf Forks miðað við síðustu hlutafjáraukningu.

### Lykillinn að selja stóru merkjunum

Þeir telja ekki að kúnnahópurinn muni breytast með nýja gafflinum. Benedikt segir markhóp þeirra einna helst samanstanda af skrifstofumönnum á milli þrítugs og fimmtugs með hjóladellu. „Þetta er alltaf kúnnahópurinn sem við viljum miða að. Við viljum komast dýpra inn í þetta. Lykillinn er að komast inn í hjólamerki þannig að þau bjóði upp á gaffalinn sem staðalbúnað á hjólunum sínum," segir Benedikt.

„Núna eru nokkrir boltar sem eru á lofti með virkilega stór merki sem gætu verið að selja þúsund stykki í einni sölu. Það er næsti áfangi," bætir hann við. Gangi það eftir muni fleiri fylgja í kjölfarið og fyrirtækið ætti að vera orðið sjálfbært og skila hagnaði að þeirra sögn.

„Við erum komnir mjög langt á veg. Frá því að vera litlir með nýja vöru yfir í að vera raunhæfur valkostur," segir Benedikt.

„Það er alveg að gerast núna. Við erum að fá fyrirspurnir frá hjólafyrirtækjunum um að gera svona gaffal fyrir svona hjólastell," bætir Guðberg við.

„Eitt af þremur stærstu hjólafyrirtækjum bransans, með veltu upp á milljarða dollara, setti sig í samband við okkur að fyrra bragði vegna hjóls sem þeir voru að prófa," segir Benedikt.

„Auðvitað er markmiðið að komast sem fyrst í stöðugan rekstur. Það er svona næsta skref."

### Hugsa ekki um að verða ríkir

Félagið hefur hingað til verið fjármagnað með nýju hlutafé. Það fékk 50 milljónir króna í aukið hlutafé sumarið 2013 og lauk svo 190 milljóna króna hlutafjárútboði með aðstoð H.F. Verðbréfa sumarið 2014. Það ár var félagið rekið með 137 milljóna króna tapi ári enda hóf það ekki sölu á fyrstu reiðhjólagöfflum sínum fyrr en á síðari hluta ársins og hafði því engar tekjur fram að því.

Þriðju stóru hlutafjáraukningunni lauk nú í sumar og var hún upp á 107 milljónir króna. Í henni seldu þeir þeim sem áttu fyrir hlutabréf í félaginu tæplega tólf prósenta hlut til viðbótar. Miðað við það verð sem fékkst í þeirri hlutafjáraukningu er félagið í heild metið á tæplega 900 milljónir króna. Benedikt á eftir hlutafjáraukninguna tæplega 35 prósenta hlut í Lauf Forks sem metinn er um 313 milljónir. Þá á Guðberg 12,5 prósenta hlut sem metinn er á 112 milljónir króna. Aðspurðir hvort þeir séu orðnir ríkir segjast þeir lítið hugsa um það. „Það er bara eitthvað þegar það er eitthvað. Þetta eru bara einhverjar tölur á blaði. Maður er ekkert að spá í því," segir Guðberg.

„Auðvitað eru ágætis líkur á að

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## MAGNAÐ SJÓNARSPIL

**Fjöldi dýrategunda flyst búferlum milli þjóðgarðanna Serengeti í Tansaníu og Masai Mara í Kenýa. Fjöldi ferðamanna fylgist árlega með því sem margir kalla eitt af undrum veraldar.**
**Síða 2**

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari>
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

AFSLÁTTARDAGAR
-20% Söfnunar- stell - glös - hnífapör
iittala
-15%
Mikið úrval af fallegum vörum á tilboði.
Allt að 50% afsláttur.
ERUM EINGÖNGU Á LAUGAVEGI 178
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími. 568 9955



2 FYRIR 1
af Texas-ostborgurum með frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo. Klipptu miðann út og taktu hann með þér. Gildir til 15.12.2015.
Texasborgarar.is
s: 517-3130

# HREINDÝRABORGARI Í JÓLABÚNINGNUM

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Hreindýraborgari í hátíðarbúningi er jólaborgari Texasborgara og sá fyrsti fer á grillið í hádeginu í dag.*

Þetta er safarík villibráð í girnilegri útfærslu og kostar ekki nema 1.490 krónur," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður um hreindýraborgarann sem er jólaborgarinn á Texasborgurum við Grandagarð. „Við höfum boðið upp á hreindýraborgara þegar líður á haustið og fram að jólum alveg síðan við opnuðum. Þessi borgari varð strax svo vinsæll að hann hefur haldist nánast óbreyttur milli ára."

Hreindýraborgarinn er stór eins og allir Texasborgarar, eða 140 grömm. „Það er alltaf tilhlökkunarefni að steikja fyrsta hreindýraborgarann," segir Magnús Ingi. „Við berum hann fram í hamborgarabrauði með trönuberjarjómaosti, grænmeti og djúpsteiktum laukstráum – og franskar fylgja að sjálfsögðu með."



Magnús Ingi hefur verið duglegur að standa fyrir alls kyns uppákomum í gegnum tíðina. Texasborgarar hafa komið sér upp góðu hljóðkerfi og listamönnum úr öllum áttum býðst nú að troða þar upp á fimmtudagskvöldum. „Hugmyndin er sú að bjóða upp á vettvang fyrir hljómsveitir, trúbadora, uppistandara, ljóðskáld, rithöfunda og aðra sem vilja koma sjálfum sér og sínu efni á framfæri, án þess að þurfa að leigja sér aðstöðu," segir Magnús Ingi. „Útfærslan og fyrirkomulagið fer eftir samkomulagi og það er líka hægt að leigja staðinn með hljóðkerfinu aðra daga vikunnar, líka fyrir einkasamkvæmi og við getum þá séð um veitingar ef óskað er."

Áhugasamir geta haft samband við Magnús Inga í síma 696-5900 eða með tölvupósti, magnusingi@gmail.com.

Allt um Texasborgara er að finna á texasborgarar.is og líf og fjör er á Facebook-síðunni.

**KÁTT Í BÆ** „Það er alltaf tilhlökkunarefni að steikja fyrsta hreindýraborgarann," segir Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður á Texasborgurum. MYND/GVA

PRO•STAMINUS
ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN
Pissar þú oft á nóttunni?
Er bunan orðin kraftlítil?
PRO•STAMINUS fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða

Frábær flensufæla
Styrktu ónæmiskerfið fyrir komandi vetur!
20% afsláttur
Immune Support+
Inniheldur: A-, C- og D-vítamín, sínk, kopar, selen, hvítlauk, beta-glucans og elderberry.
Immune Support+ hlaut The Natural and Organic Awards 2010 Best New VMS product.
Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og verslanir

STÖÐ 3 +ENDALAUST TAL +1 GB Í GSM 1.990 kr. til 1. nóvember*
FÁÐU STÖÐ 3 Á BETRA VERÐI Í HAUST
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is
365
*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 1. nóvember halda þessum kjörum í eitt ár.

365.is
Sími 1817
365
FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI
Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT á 365.is
SKEMMTIPAKKINN
9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429












**GRIMM VERÖLD** Rándýr fylgja dýrunum eftir á leiðangri þeirra og sum sleppa ekki. MYNDIR/GETTY

# MAGNAÐ SJÓNARSPIL NÁTTÚRUNNAR

**BÚFERLAFLUTNINGAR** *Fjöldi dýrategunda flyst nú búferlum milli þjóðgarðanna Serengeti í Tansaníu og Masai Mara í Kenýa. Fjöldi ferðamanna fylgist árlega með því sem margir kalla eitt af undrum veraldar.*

Masai Mara-þjóðgarðurinn í suðvestur Kenýa er einn stórkostlegasti áfangastaður álfunnar og viðkomustaður fjölmargra ferðamanna ár hvert. Þessa dagana eiga sér stað í þjóðgarðinum árlegir búferlaflutningar fjölda dýrategunda sem þykir eitt magnaðasta sjónarspil sem náttúran býður upp á. Aðsókn ferðamanna er því mikil á þessum árstíma til að horfa á það sem margir kalla réttilega eitt af undrum veraldar.

Búferlaflutningar dýranna, sem eiga sér enga hliðstæðu í heiminum, hefjast um mitt sumar í Serengeti-þjóðgarðinum sem er í Tansaníu og færast yfir í Masai Mara-þjóðgarðinn á fersk beitilönd eftir regntímann. Þaðan snúa svo dýrin til baka til Serengeti-þjóðgarðsins.

Um tvær milljónir dýra flytja þannig búferlum árlega á þessum árstíma og er langstærstur hluti þeirra gnýir auk antilópa, sebrahesta, buffalóa og fjölda annarra dýra af af ýmsum stærðum. Á meðan dýrin flytja búferlum fylgjast hungruð rándýr á borð við ljón og hýenur vel með ferðum þeirra í von um góðan bita.

Atgangur buffalóanna þykir sérstaklega magnað sjónarspil en dýrin safnast saman í stórar hjarðir, allt upp í 1.500 dýr, og ryðja sér leið yfir árnar með miklum bægslagangi þar sem sebrahestar slást oft með í för. Buffalóarnir eru engin smásmíði en þeir vega allt að 850 kíló og geta náð allt að 1,7 metra hæð. Ekki þykir skynsamlegt að ónáða þá að óþörfu enda geta dýrin verið stórhættuleg, sérstaklega þegar þau eru ein á ferð.

Maasai Mara-þjóðgarðurinn var settur á fót árið 1961 og þekur 1.500 km landsvæði. Garðurinn er m.a. heimkynni „stóru dýranna fimm“; ljóna, hlébarða, afríkufílsins, buffalósins og svarta nashyrningsins. Þar lifa einnig um 470 tegundir fugla, þar af 60 tegundir ránfugla.



**STERKUR** Buffalóinn getur verið stórhættulegur en eignast þó vini.



**FJÖLBREYTNI** Fjölbreytni og fegurð dýranna er mikil.



**SAMTAKA** Sebrahestarnir hvíla sig í hitanum og kæla sig við ána.

# SÓFAR & STÓLAR

MIÐVIKUDAGUR 21. OKTÓBER 2015

**Kynningarblað** Húsgagnahöllin, IKEA, Línan og Penninn





„Við bjóðum upp á sófa í öllum stærðum og gerðum fyrir öll heimili,“ segir Valgeir Ólafsson, verslunarstjóri Húsgagnahallarinnar. MYND/GVA

# Gæðahúsgögn í hálfa öld

**Í hálfa öld hefur Húsgagnahöllin selt gæðahúsgögn á góðu verði til landsmanna. Verslunin býður upp á sérstaklega gott úrval af sófum í ýmsum stærðum og verðflokkum auk þess að bjóða upp á fjölbreytt úrval stóla fyrir ólík rými heimilisins.**

Húsgagnahöllin fagnar 50 ára afmæli í ár en verslunin hefur alla tíð verið þekkt fyrir mikið og gott úrval af gæðahönnun á góðu verði. Eftir að nýir eigendur tóku við versluninni fyrir þremur árum hefur hún bæði verið stækkuð auk þess sem úrvalið hefur verið aukið enn frekar að sögn Valgeirs Ólafssonar, verslunarstjóra Húsgagnahallarinnar. „Það er búið að vera mikill uppgangur hjá okkur undanfarin tvö, þrjú ár enda hefur vöruúrvalið aldrei verið meira. Við erum með flestar vörur okkar í mörgum verðflokkum þannig að hér ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Við leggjum mikla áherslu á góða upplifun viðskiptavinarins enda er verslunin síbreytileg; við fáum fullt af nýjum vörum vikulega og erum stöðugt að endurhanna verslunarrýmið þannig að það er alltaf skemmtilegt að kíkja í heimsókn til okkar.“

Húsgagnahöllin hefur í hálfa öld boðið upp á sérstaklega gott úrval af sófum og það hefur ekkert breyst að sögn Valgeirs. „Við bjóðum upp á sófa í öllum stærðum og gerðum fyrir öll heimili, þar með talið gott úrval hornsófa, stakra sófa, tungusófa og svefnsófa. Þarfir fólks eru ólíkar; á meðan suma vantar stórt og mikið sófasett í stofuna eru aðrir að leita að litlum og nettum í sjónvarpsholið. Fjölmargir litir og áklæði eru í boði og verðflokkarnir eru líka ólíkir sem skemmir sannarlega ekki fyrir en við seljum sófa frá 60.000 krónum upp í rúma milljón.“

### Musteri hægindastóla á Íslandi

Í Húsgagnahöllinni er einnig að finna eitt mesta úrval landsins af hægindastólum. „Við erum virkilega stolt af úrvali okkar í hægindastólum en þar er að sjálfsögðu að finna Lazyboy sem við köllum kónginn í Höllinni sem fer fremstur meðal jafningja. Við áætlum að það séu rúmlega þrjátíu þúsund Lazboy-stólar inni á íslenskum heimilum. Einnig er að finna hjá okkur mikið af skandinavískri hönnun en þar eru stólarnir nettari og alla jafnan með skammeli. Við höfum lagt mikið kapp á breitt úrval vandaðra hægindastóla og erum því með eins konar musteri hægindastólanna á Íslandi.“

### Fegra heimilið

Auk hefðbundinna húsgagna býður Húsgagnahöllin upp á mikið úrval af alls konar smávöru. „Við höfum lengi lagt mikla áherslu á gott úrval smávara enda eiga þær oft stóran þátt í að ramma inn heimilið og gera það enn fallegra. Þar má nefna vörur á borð við kertastjaka, vasa, spegla, skálar, ilmkerti og margt fleira.“ Meðal þekktra merkja í þessum flokki nefnir Valgeir danska merkið Broste Copenhagen, Iittala frá Finnlandi sem flestir Íslendingar þekkja mjög vel, Eva Solo, IVV, Vidivi og Ralph Lauren en Húsagagnahöllin er eina verslunin hér á landi sem býður upp vörur frá þeim. „Einnig má nefna vörumerkið Speedtsberg sem býður upp á spennandi árstíðabundnar vörur, t.d. í kringum jól, páska og sumarið. Úrvalið er svo sannarlega fjölbreytt og í ólíkum verðflokkum og ekki hægt að telja allar vörur hér upp. Fólk verður bara að kíkja í heimsókn til okkar enda er sjón sögu ríkari.“

Nánari upplýsingar um vörur Húsgagnahallarinnar má finna á www.husgagnahollin.is en þar er einnig öflug netverslun.




**Reykjavík** Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** **Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Hönnun sem stenst tímans tönn

Fatahönnuðurinn Andrea Magnúsdóttir á tvo uppáhaldsstóla sem hún fékk að gjöf frá tengdaföður sínum fyrir allnokkrum árum. Hún lét bólstra þá upp á nýtt og falla þeir vel að nútímalegu heimili hennar. Stólarnir eiga heiðurssess við arininn.

Stólarnir sem eru af gerðinni Thonet S411 voru hannaðir 1932. „Þeir voru brúnir þegar við fengum þá en við létum bólstra þá svarta. Þeir eru svolítið sixties-legir en ég er voða hrifin af því, segir Andrea Magnúsdóttir, sem rekur tískuvöruverslunina Andreu á Strandgötu í Hafnarfirði.

Stólarnir eru á besta stað í stofunni, til hliðar við arininn og er að sögn Andreu gott að sitja í þeim og ylja sér á kvöldin.“ „Annars finnur þú mig frekar við borðstofuborðið en í leti í stofunni. Ég er lítið fyrir að horfa á sjónvarp en á mér þó einhverja uppáhaldsþætti og þegar ég læt það eftir mér að leggjast upp í sófa með teppi er það auðvitað mjög notalegt.“

Aðspurð segist Andrea aðhyllast fremur mínímalískan stíl. „Ég er ekki mikið fyrir liti í húsgögnum og öðrum innanstokksmunum. Arinninn er til að mynda dökkgrár, sófinn grár og stólarnir svartir. Það er frekar að ég poppi upp með því að setja lit í teppi og púða.“

Andrea segist hafa mjög gaman af hvers kyns hönnun og leggur mikinn metnað í að hafa heimilið fallegt. „Ég er einmitt í þann mund að byrja með smá heimilislínu í Andreu og verð með bæði sófateppi og púða fyrir jól. Teppin, sem eru úr íslenskri ull, eru flest svarthvít en eitt er í lit á öðrum endanum. Það er því hægt að brjóta það saman og hafa svarthvítt eða í lit, allt eftir smekk hvers og eins. Púðarnir eru úr leðri og merktir Andreu.

Andrea hélt upp á sex ára afmæli verslunarinnar fyrir skemmstu. „Það er gaman að vera búin að slíta barnsskónum og vera komin með fullorðinstennur. Næst á dagskrá er að taka inn jólalínuna og svo langar mig að opna aðra verslun í Reykjavík.



Andrea er í þann mund að byrja með heimilislínu í samnefndri verslun sinni en hingað til hefur hún aðallega selt fatnað.



Thonet S411-stólarnir, sem Andrea lét bólstra upp á nýtt fyrir nokkrum árum, eru í miklu uppáhaldi. MYND/STEFÁN




## Dekk nýtast víða

Sófar og stólar eru framleiddir úr ýmsum óhefðbundnum hráefnum á borð við bækur, trébretti og gras. Eitt óvenjulegt hráefni til húsgagnagerðar er gamlir endurunnir hjólbarðar en þeir eru í ríkari mæli nýttir til framleiðslu ýmissa vara um allan heim. Fyrirtækið Retyred Furniture frá Nýja-Sjálandi er eitt þeirra fyrirtækja sem framleitt hefur húsgögn á borð við sófa, stóla og borð um nokkurra ára skeið en fyrirtækið nýtir einungis notaða hjólbarða. Fyrir vikið er hvert húsgagn handunnið. Framleiðsla fyrirtækisins fer fram í Indónesíu þar sem staðbundin þekking handverksmanna er nýtt. Vinsælustu vörur fyrirtækisins eru litlir sófar, stakir stólar og borð en vörulínan er mjög fjölbreytt. Flest húsgagna Retyred Furniture eru þó ætluð til notkunar utandyra og þarfnast því ekki viðhalds með sama hætti og útihúsgögn úr viði eins og flestir eru með á heimilum sínum.





Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365 .is. 512 5429
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.



STOCKHOLM-leðursófinn er úr mjúku hágæðaleðri sem verður fallegra með hverju árinu.

# Þar sem best er að slaka á

**Nú er runninn upp sá tími ársins sem býður upp á kertaljós og notalegar stundir heima við. Það er yndislegt að koma sér vel fyrir undir teppi með góða bók eða yfir góðu sjónvarpsefni, og þá eru þægindin mikilvæg. Sófinn leikur þar auðvitað aðalhlutverk og þegar staðið er frammi fyrir því að velja sér sófa og stóla er að mörgu að huga til þess að valið uppfylli allar þarfir. Í IKEA fæst fjölbreytt úrval af sófum og hægindastólum, bæði heilum sófum og einingum sem hægt er að raða saman eins og hentar.**

„Það er auðvitað mjög misjafnt hverju fólk sækist eftir þegar velja á sófa fyrir heimilið. Sumir eru að leita að sófasetti til að hafa í betri stofunni þar sem ekki er setið daglega. Þá eru kröfurnar aðrar en þegar verið er að kaupa sjónvarpssófa fyrir alla fjölskylduna," segir Aldís Axelsdóttir, sölustjóri hjá IKEA. „Svo hafa flestir ákveðnar hugmyndir um útlit sem við viljum uppfylla líka hvort sem það er litur, efni í áklæði eða stíll." Aldís segir að úrvalið bjóði upp á ýmsa möguleika á að sérsníða sófa að heimilinu, bæði hvað pláss og notagildi varðar.

### Einingar sem má sníða að heimilinu

„NORSBORG er til dæmis ný lína sem er sérstaklega þægilegt að sérsníða að hverjum og einum. Það er hægt að hafa tungusófa eða hornsófa og raða saman eins mörgum – og fáum – einingum og þörf er á. Sætisdýptin er mikil og þetta eru því frábærir fjölskyldusófar," segir Aldís. Hún segir SÖDERHAMN-línuna svipaða að því leyti að hún er sett saman úr rúmgóðum einingum sem raða má saman að vild. „Línan er líka hönnuð með það í huga að ferlið frá þróun til förgunar sé sem sjálfbærast. Teygjanlegt efni í botninum á sessunum skapar fjöðrun sem eykur þægindin og lengir líftíma sófans."

Aldís segir STOCKSUND-línuna einnig skemmtilega. „Hún er með endingargóðum pokagormum, og sérstaklega breiðum sætum sem gerir sófann dýpri og þægilegri. Línan er í sígildum stíl og áklæðið er hægt að taka af og þvo," segir Aldís og bætir við að sú sé

**Smekkur fólks er auðvitað misjafn og við viljum því bjóða úrval sem höfðar til sem flestra.**

raunin með marga af tausófunum, og einnig sé hægt að kaupa nýtt áklæði á suma þeirra. „Það er auðvitað mun hagkvæmari leið að kaupa nýtt áklæði á grindina þegar þörf er á endurnýjun, og það er alltaf gaman að breyta til."

Fyrir þá sem vilja leðursófa er úrvalið einnig fjölbreytt og verðið sérstaklega gott. Aldís segir flesta leðursófana nú hannaða þannig að þeir séu úr gegnlituðu gæðaleðri á slitflötum og sérmeðhöndluðu efni sem hafi sömu áferð og leður þar sem minna mæðir á þeim. Þannig megi nýta leðrið mun betur og halda verðinu lágu. „Þar má nefna LANDSKRONA, KIVIK, TIMSFORS og SKOGABY. Svo eigum við auðvitað líka sófa úr 100 prósent gæðaleðri sem er sérstaklega mjúkt og verður bara fallegra með aldrinum, t.d. STOCKHOLM-sófann sem hefur verið mjög vinsæll, en hann fæst einnig með tauáklæði."

Vel þekktir heimilisvinir eins og til dæmis KLIPPAN standa auðvitað enn fyrir sínu að sögn Aldísar og þar felist nýjungarnar í áklæðunum. „Smekkur fólks er auðvitað misjafn og við viljum því bjóða úrval sem höfðar til sem flestra. Fjölbreyttir sófarnir okkar eiga það sameiginlegt að vera vandaðir og svo spillir verðið heldur ekki fyrir," segir Aldís.



SÖDERHAMN er settur saman úr einingum þannig að hægt er að sérsníða hann að heimilinu. Svo er auðvelt að breyta til.



LANDSKRONA er stílhreinn sófi sem sómir sér vel hvar sem er á heimilinu.



KIVIK-línan fæst bæði með tau- og leðuráklæði. Tauáklæðið er hægt að þvo í þvottavél.



STOCKSUND-línan er í sígildum stíl með fallegu áklæði úr slitsterkri bómullar- og pólýesterblöndu með fallegum bryddingum og plíseringum.



NORSBORG-einingasófi sem fæst í nokkrum litum og býður upp á endalausa möguleika. Þetta er frábær fjölskyldusófi.

# 20% kynningartilboð

## VELDU STÆRÐINA SEM PASSAR FYRIR ÞIG

Stressless




**Stressless®** stólarnir fást í þremur stærðum, S-lítill, M-miðlungs og S-stór. Þú getur fengið stól sem passar fullkomlega fyrir þig. Skoðaðu fleiri Stressless® stóla á Ilva.is/stressless. Með yfir 40 ára þróun er það engin furða að Stressless® getur lofað einstökum þægindum. Leyndarmálið er einfaldlega það að Stressless® stóllinn lagar sig að þér – ekki öfugt.



Stressless®
Skyline-hægindastóll og skemill (M)
(sérpöntun)
Nú **359.840** kr.

**31.366**
kr./á mánuði í 12 mánuði

**Stressless® Skyline-hægindastóll** með Paloma leðri, 359.900 kr. Kynningarverð 287.920 kr. Skemill 89.900 kr. Kynningarverð 71.920 kr. Stólinn er hægt að fá í miðstærð, einnig er hægt að velja á milli mismunandi áklæða og lita.



Stressless®
Reno-hægindastóll og skemill (M)
(sérpöntun)
Nú **343.840** kr.

**29.986**
kr./á mánuði í 12 mánuði

**Stressless® Reno-hægindastóll** með Batic leðri. 349.900 kr. Kynningarverð 279.920 kr. Fótskemill. 79.900 kr. Kynningarverð 63.920 kr. Stólinn er hægt að fá í þremur stærðum, einnig er hægt að velja á milli mismunandi áklæða og lita í nokkrum verðflokkum.



Stressless®
Metro-hægindastóll og skemill (M)
Nú **295.840** kr.

**25.846**
kr./á mánuði í 12 mánuði

**Stressless® Metro-hægindastóll** með Paloma leðri. 299.900 kr. Kynningarverð 239.920 kr. Fótskemill. 69.900 kr. Kynningarverð 55.920 kr. Stólinn er hægt að fá í miðstærð, einnig er hægt að velja á milli mismunandi áklæða og lita.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

# Upplifðu leyndarmálið um persónuleg þægindi

1. Mótaður svæðaskiptur Pólýuretan svampur sem tryggir hámarks þægindi. Rifflurnar í svampinum móta sig fullkomlega að líkamanum og anda betur, á sama tíma lengir svampurinn líftíma stólsins.
2. Sætið sjálft og lögun Pólýuretan svampsins stuðla að réttri mýkt.
3. Fyrsta flokks mjúkar Polýester trefjar veita aukin þægindi og gefa stólnum nútímanlegt og fallegt útlit.
4. Sveigjanlegar fjaðrir á stálramma gefa einstaka fjöðrun.
5. Plus™-kerfið tryggir réttan stuðning við háls og mjóbak. Kerfið er innbyggt á báðum hliðum fyrir hámarks virkni og líftíma.
6. Ekta leður eða textíll.
7. Einstök hönnun, þú velur þann stól sem hentar þinni stærð og líkamsþyngd.
8. 2-punkta fótur veitir einstakan stöðugleika sem hægt er að snúa í 360°.
9. Fótur úr svartlökkuðum krossvið. Fætur er hægt að fá í nokkrum mismunandii litum.




Made in Norway

10 ÁRA ÁBYRGÐ
Á INNRI VÉLRÆNUM HLUTUM

## Plus™-kerfið tryggir réttan stuðning við háls og mjóbak



**Þú stillir virkni sleðans fyrir hvern og einn með því að snúa Stressless® hnappinum.** Sætið og bakið færist sjálfkrafa til að gefa þann stuðning sem hentar líkama þínum.



**Stressless® Plus™-kerfið stillir hnakkastuðninginn sjálfkrafa.** Þú getur lesið, horft á sjónvarpið eða náð augnsambandi við þann sem þú talar við, jafnvel þegar þú liggur útaf.



**Stuðningur við mjóbakið fylgir hnakkastuðningnum.** Þú færð réttan stuðning hvort sem þú situr með stólbakið í uppréttri stöðu eða útafliggjandi.

**VEXTIR**

**0%**

**BORGAÐU SMÁTT OG SMÁTT**

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

VISA MasterCard

Stressless®
Consul-hægindastóll (M)
og skemill

Nú **179.840 kr.**



**15.841**
kr./á mánuði í 12 mánuði

**Stressless® Consul-hægindastóll** með Batic leðri. 189.900 kr. Kynningarverð 151.920 kr. Fótskemill. 34.900 kr. Kynningarverð 27.920 kr. Stólinn er hægt að fá í þremur stærðum, einnig er hægt að velja á milli mismunandi áklæða og lita.

Stressless®
Ambassador-hægindastóll (L)
og skemill

Nú **187.840 kr.**



**16.531**
kr./á mánuði í 12 mánuði

**Stressless® Ambassador-hægindastóll** með Batic black leðri. 199.900 kr. Kynningarverð 159.920 kr. Fótskemill. 34.900 kr. Kynningarverð 27.920 kr. Stólinn er hægt að fá í þremur stærðum, einnig er hægt að velja á milli mismunandi áklæða og lita.

# Setið og slakað á með stæl

Sófahönnun er í miklum blóma ef skoðaðar eru alþjóðlegar hönnunarsíður á netinu. Fjölbreytileikinn er mikill, allt frá klassískri hönnun upp í hugmyndaríkar útfærslur í þrívídd. Hér gefur að líta nokkra sófa sem kynntir voru á þessu ári.



### Í anda Ninu Simone

Spænska húsgagnafyrirtækið Missana hefur sett á markað Simone-sófann sem hannaður er af hönnunarstúdíóinu Estudio Sputnik. Sófinn líkist píanói og er nefndur eftir hinni frægu djass- og blússöngkonu Ninu Simone. Tónlist leikur stórt hlutverk í hönnunarferli Sputnik. Hönnunarteymið hlustar alltaf á tónlist við vinnu sína og í þetta sinn var það píanótónlist og djass Ninu Simone sem varð fyrir valinu.



### Margnota sófi

Danski hönnuðurinn Anne Boysen hannaði Toward Sofa fyrir danska húsgagnafyrirtækið Erik Jørgensen. Sófinn er margnota, en hann getur bæði þjónað sem klassískur sófi, hægindastóll eða legubekkur. Húsgagnið er samansett úr hálfum egglaga formum sem hægt er að færa til eftir því sem þarf.



### Legið í þrívídd

Þrívíddarfrumherjinn Janne Kyttanen bjó til sófann Sofa So Good með aðstoð þrívíddarprentara. Kyttanen notaði 2,5 lítra af trjákvoðu í sófann sem er 1,5 metrar að lengd, vegur aðeins 2,5 kíló en getur haldið uppi hundrað kílóum.

Kyttanen starfar hjá tæknifyrirtækinu 3D Systems. Hann notaði tölvutæknina til að hanna möskva sem hægt var að móta sæti í. Möskvinn er hannaður til að vera eins sterkur og mögulegt er og líkir að sumu leyti eftir náttúrufyrirbrigðum eins og kóngulóarvef og púpu silkiormsins.



### Fyrir smærri rými

Talsverð eftirspurn er eftir fyrirferðarlitlum sófum nú til dags enda búa miðborgarbúar víða um heim í mun minna húsnæði en áður þekktist. Til að bregðast við þessum breytingum hefur danski hönnuðurinn Simon Legald bætt tveggja sæta sófa við Era-línu sína fyrir Normann Copenhagen. Era-sófi Legalds er lengd útgáfa af hægindastól úr sömu línu. Línan ber merki hinnar fúnksjónalísku stefnu fjórða og fimmta áratugarins.



### Dýna með stæl

Matrizia heitir sófi eftir Ron Arad sem hann hannaði fyrir Moroso. Hugmyndin að sófanum vaknaði þegar Arad sá ónýta dýnu sem skilin hafði verið eftir á götuhorni í New York.



### Eitt stykki svampur

Ron Arad hannaði Glider-sófann fyrir ítalska húsgagnafyrirtækið Moroso. Sófinn er skorinn til úr einu svampstykki sem komið er fyrir utan á stálgrind. Sófinn var til sýnis á hönnunarvikunni í Mílanó nýlega.

## *Sófinn hvarf í myrkur miðalda*

Saga bólstraðra hæginda teygir sig aftur til ársins 2000 fyrir Krist. Faraóar Egyptalands settust helst ekki á annað. Forríkir fyrirmenni Rómaveldis vildu líka eitthvað mjúkt til að velta sér á meðan þau röðuðu í sig vínberjum og kruðeríi. Sauðsvartur almúginn þurfti reyndar að sætta sig við steinbekki undir botninn.

Við fall Rómaveldis hvarf um leið allur lúxus í miðaldamyrkur og bólstraður sófi sást ekki aftur undir rassi fyrr en þúsund árum síðar. Evrópskir húsgagnasmiðir fóru að bólstra húsgögn á sautjándu öld, þegar húsakostur Evrópubúa fór almennt að halda vatni. Til að byrja með voru húsgögn bólstruð með hrosshári, heyi og jafnvel þurrum mosa og voru meira fyrir augað en þægindin. Á nítjándu öld fóru húsgagnasmiðir að tengja útlit og notagildi og til urðu sófar nógu djúpir til að nýtast einnig sem svefnbekkir. Smám saman urðu mjúkir sófar ódýrari og á færi almennings að eignast þá.

Með iðnbyltingunni flæddu inn á markaðinn ódýr efni til bólstrunar og saumavélar runnu af færiböndum. Þar með varð sófi að almennu húsgagni sem tilheyrði hverju heimili. Tuttugustu aldar hönnuðir eins og Le Corbusier og Eames-hjónin byltu einnig hönnun sófa og með örri þróun í textílframleiðslu og tækniþróun NASA á svampi voru hönnun og framleiðslu sófa nánast engin takmörk sett.

**heimild.www.sofasofa.co.uk**



# Heimsþekkt hönnun í Pennanum

Tímalausa hönnun heimsþekktra hönnuða er að finna í húsgagnaverslun Pennans í Skeifunni. Húsgagnabirgjar Pennans verja miklu fjármagni í vöruþróun. Því er sífellt hægt að bjóða upp á nýjungar í takt við þarfir markaðarins.

Við leggjum mikið upp úr þjónustu við viðskiptavini okkar og seljum eingöngu gæðavörur," segir Guðni Jónsson, framkvæmdastjóri húsgagnasviðs Pennans. Penninn býður hágæða húsgögn heimsþekktra hönnuða í glæsilegum sýningarsal í Skeifunni en meðal þeirra má nefna hönnuðina Hella Jongerius, Lina Obregón og Carolina Galan.

## Polder

„Polder-sófinn eftir textílhönnuðinn Hella Jongerius kom fyrst á markaðinn árið 2005. Nú, tíu árum síðar, hefur hönnuðurinn í samstarfi við Vitra kynnt nýja útgáfu af sófanum byggða á sama grunni en með nýjum áherslum," segir Guðni. „Línur nýja sófans eru mýkri og þægindi höfð að leiðarljósi. Bríkin sem einkenndi upprunalega sófann hefur vikið fyrir þykkari sætis- og bakpúðum. Eins og áður er megináhersla lögð á óvenjulegt form sófans og samspil lita og áferðar áklæðis en Hella hefur sérhannað áklæðin á sófann og valið saman litapallettu fyrir hvern. Nýi Polder-sófinn fæst í gulum, grænum, bláum og rauðum litum."

## THEA

„Thea-sófinn frá MDF Italia er samstarfsverkefni vöruhönnuðarins Lina Obregón og fatahönnuðarins Carolina Galan. Sófinn einkennist af stílhreinni hönnun og var virðing fyrir ítölsku handverki og hefðum í húsgagnaframleiðslu auk áherslu á notkun áklæða í hæsta gæðaflokki höfð að leiðarljósi við hönnun hans," útskýrir Guðni. „Thea er raðsófi sem samanstendur af sex einingum með baki og/eða örmum sem hægt er að raða saman eftir óskum viðskiptavinarins. Skemlar í tveimur stærðum og útfærslum fást einnig auk sex fylgihluta. Þannig er hægt að sérsníða sófann að þörfum flestra hvort sem um er að ræða stór eða lítil rými. Kantsaum og líningar er hægt að fá í þremur mismunandi litum auk fjölda lita og áklæða sem gerir það að verkum að hver sófi verður einstakur."

## Fylgihlutir með THEA

Höfuðpúði: Fáanlegur í sama áklæði og sófinn. Stærð: 67x74 sm. Efni: formaður svampur. Hægt að taka áklæði af.

Laus púði f. bakstuðning: Stærð: 65x25 sm. Fóðraður m. gæsadúni. Hægt að taka áklæði af.

Laus púði, ferkantaður: Stærð: 50x50 sm. Fóðraður m. gæsadúni. Hægt að taka áklæði af.

Ábreiða: Ábreiðan er lögð yfir sófabakið og er með sama áklæði og sófinn á annarri hlið en á hinni hliðinni má velja úr úrvali hör-, silki- og ullaráklæða. Þannig má breyta yfirbragði sófans með því einu að snúa ábreiðunni við. Ábreiðan er stungin að hluta. Stærð: 64x131sm.

Teppi: Teppið má nota á hefðbundinn hátt, en líka er hægt að brjóta það saman og festa við bakið og nýtist þá sem höfuðpúði. Teppið má fá í úrvali hör- og ullaráklæða. Stærð: 140x189 sm.

Fráleggsbakki: Fráleggsbakkinn fæst í tveimur stærðum: 25x80 sm og 25x94,6 sm. Litir: matt hvítt eða grafítgrátt.



„Hella hefur sérhannað áklæðin á sófann og valið saman litapallettu fyrir hvern. Nýi Polder-sófinn fæst í gulum, grænum, bláum og rauðum litum."



**Thea-sófi Hönnun** Lina Obregón og Carolina Galan **Framleiðandi** MDF Italia



**Polder-sófi Hönnun** Hella Jongerius, 2015 **Framleiðandi** Vitra



Thea er raðsófi sem samanstendur af sex einingum með baki og/eða örmum sem hægt er að raða saman eftir óskum viðskiptavinarins.



Teppið er hægt að brjóta saman, festa við bakið og nýtist það þá sem höfuðpúði.

# Fleiri láta sérframleiða sófa

Í Línunni fást sófar frá sænska framleiðandanum Furninova sem er leiðandi á sínu sviði og selur sófa um alla Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu. Línan á að baki tuttugu ára farsælt samstarf við Furninova sem leggur ríka áherslu á að framleiða sófa fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir á samkeppnishæfu verði. Sófana er hægt að sérpanta og þannig laga útlitið að óskum hvers og eins.

Furninova býður upp á eitt besta úrval áklæða og leðurs sem þekkist á markaðnum. Viðskiptavinir geta sérpantað sófana og valið úr ótal áklæðum en Furninova afhendir um 250.000 sérframleidda sófa til viðskiptavina vítt og breitt um heim á ári hverju.

„Við eigum jafnan vinsælustu sófana á lager og getum afhent þá samdægurs. Það hefur hins vegar færst í vöxt að viðskiptavinir setji saman sinn eigin sófa með því að velja úr því mikla úrvali sem framleiðandinn býður upp á. Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar faglega þjónustu og aðstoðum þá við að finna áklæði eða leður sem hentar þörfum hvers og eins,“ segir Hrund Kristjánsdóttir, eigandi Línunnar, og tekur fram að það kosti ekkert aukalega að sérpanta sófa.

Auk hefðbundinna sófa er Línan með einingasófa sem er hægt að byggja upp í sófa af ýmsum stærðum og gerðum. Möguleikarnir eru fjölmargir og er til dæmis hægt að velja sætafjölda, mismunandi arma og viðar- eða krómfætur. „Eins er hægt að velja mismunandi innvols í sessur sem hefur áhrif á mýktina,“ útskýrir Hrund en sófarnir eru teiknaðir upp í þrívíddarteikniforriti svo viðskiptavinir átti sig betur á útkomunni.

**Nú er rétti tíminn til að sérpanta draumasófann fyrir þá sem vilja fá afhent fyrir jól.**

Aðspurð segir Hrund algengan biðtíma eftir sérframleiddum sófa vera átta vikur en í sumum tilvikum getur hann verið skemmri eða lengri. „Nú er því rétti tíminn til að panta draumasófann fyrir þá sem vilja fá afhent fyrir jól.“

Áhugasömum er bent á að kynna sér úrvalið á linan.is. Verslunin er til húsa að Bæjarlind 14-16.



Að sögn Hrundar hefur færst í vöxt að viðskiptavinir setji saman sinn eigin sófa. MYND/STEFÁN



Það kostar ekkert aukalega að sérpanta sófa.

**Möguleikarnir eru fjölmargir og er til dæmis hægt að velja sætafjölda, mismunandi arma og viðar- eða krómfætur.**



Í Línunni fást stólar í miklu úrvali.



Vinsælustu sófarnir eru jafnan til á lager.

Stofnað 1974
**Bílamarkaðurinn**



TOYOTA Land cruiser 120 lx. Árgerð 2004, ekinn 239 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. skoðar skipti Rnr.232583. Bílamarkaðurinn S:567-1800



ISUZU D max crew cab. Árgerð 2006, ekinn 84 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. skoðar skipti Rnr.107822. Bílamarkaðurinn S:567-1800



JEEP Grand cherokee laredo 4x4. Árgerð 2007, ekinn 95 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. tilboð 1990 þús Rnr.232562.Bílamarkaðurinn S:567-1800



NISSAN Qashqai. Árgerð 2009, ekinn 93 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.232632. Bílamarkaðurinn S:567-1800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**




**bilfang.is**
**S. 567 2000**



Renault Kangoo Extra, árg. 3/2012, dísel, ek. 97 þ.km., þakgrind, bluetooth fyrir síma, bakkskynjarar o.fl. Verð 1.480 þús. Sími 567-2000.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**100 bílar.is** bílasala



VW Golf R-Line, 5/2015, ek 33 þús km, bensín, sjsk, lúga, 17 tommu felgur, flottur bíll, ásett verð 3890 þús, er á staðnum raðnr 220323.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Mazda 6 S 3,0 V6 árg '07 ek. ca 102þús leður lúga Bose hljómkerfi xenon ljós 18" felgur ný vetrardekk 6 þrepa skipting, fallegur og vel hirtur bíll Ásett verð 1.990.000 þús Uppl. í s. 659 7909 Gunnar

## 250-499 þús.



Hyundai Getz, árg. 2003, beinsk., bensín, ek. 136þús, nýsk. og í góðu standi. Verð 450þús S. 867-9302



**7 MANNA - SJÁLFSKIPTUR**
OPEL ZAFIRA-A COMFORT ÁRG 2001 ek.205 þús, sjálfskiptur, 7 manna, ný tímareim ofl ásett verð 500 þús TILBOÐ 390 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

## 500-999 þús.



**STATION - TOPP EINTAK!**
FORD FOCUS TREND STATION árg '05 ek.125 þús, bsk, sk.16 ný kúpling, búið að skipta um tímareim, topp eintak hér á ferð og lýtur vel út, ásett verð 990 þús TILBOÐ 890 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni s.841 8955

## Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Lyftarar




## Bátar



Til sölu skemmtibátur/ strandveiðibátur Tilboð óskast í þenna bát,vagninn fylgir. uppl. 820-5181

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**ÁRATUGA REYNSLA**
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**LÍF OG LITIR**
Málningar og múrþjónusta, getum bætt við okkur verkefnum. S: 8679196 og 7784709

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
Alhliða málningarþjónusta. Afsláttur f. eldri borgara. Sími 776-0000

**LÍF OG LITIR**
Málningar og múrþjónusta, getum bætt við okkur verkefnum. S: 8679196 og 7784709

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@ flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD** fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- álklæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is




Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss, uppslátt og fl. Áratuga reynsla. S. 867 7753

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## til sölu

**Tækjamiðlun - Sala - Innflutningur**





**Kubota KX61-3**
Árgerð 2007 - 2.600 kg
3.694 vinnust.
**2.900.000** án vsk.



**Man 35.390 8x4**
Árgerð 2005
207.353 km
**5.950.000** án vsk.



**Volvo FH16 520**
Árgerð 1999
832.379 km
**2.900.000** án vsk.



**Scania R480**
Árgerð 2007
251.076 km
**7.950.000** án vsk.



**Man14.284**
Árgerð 2000
405.176 km
**1.850.000** án vsk.

Vinnuvélar

Vinnuvélar- tækjamiðlun ehf er systurfyrirtæki Jötunn Véla og sérhæfir sig í sölu, miðlun og innflutningi vinnuvéla og vörubíla. Markmiðið er að vera leiðandi söluaðili notaðra vinnuvéla og vörubíla á Íslandi með fagmennsku og vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

**Vantar fleiri vinnuvélar og vörubíla á söluskrá og á staðinn.**

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

## fasteignir



**Reynsla mín er okkar beggja hagur**
**S. 695 4500**
Íris Hall
Löggiltur fasteignasali
irishall@landmark.is
LANDMARK FASTEIGNASALA

# áhuga

vöruna getur fyrirtækið fé-gaffalinn til framleiðenda.

**Það er enginn að fara að gera okkur greiða. Þeir taka þetta bara inn af því að það er eftirspurn frá markaðnum**

# 2.000

**hjólreiðagafflar hafa selst hjá Lauf Forks á því rúma ári sem fyrirtækið hefur verið með þá í sölu.**

þetta verði ansi mikils virði og raungerist á endanum en hvenær, hvernig og hvort það verður veit maður ekki. Svo eru alltaf einhverjar prósentlíkur á að þetta einhvern veginn gangi ekki upp,“ segir Benedikt.

Þeir segja erlend hjólreiðamerki hafa sýnt áhuga á að kaupa fyrirtækið í upphafi. Nýlega hafi takmarkaðar þreifingar átt sér stað. „Þetta er ekki orðið eins mikils virði fyrir þeim og þetta er fyrir okkur. En eftir tíu mánuði, þegar næsta vara kemur, þá kannski snýst það við,“ segir Benedikt.

**Hræðast ekki að vera í minnihluta**

Eftir síðustu hlutafjáraukningu eiga Guðberg og Benedikt samanlagt um 47,5 prósenta hlut í félaginu og eru því orðnir minnihlutaeigendur í félaginu. Þeir segjast þó ekki óttast það enda séu hluthafarnir margir sem eigi hver um sig lítinn hlut og hafi skilning á starfsemi fyrirtækisins. „Ef þeir sameinast gegn okkur þá erum við virkilega að gera eitthvað rangt,“ segir Benedikt.

Félagið hefur heimild frá hluthöfum til að auka hlutafé sitt um 143 milljónir króna til viðbótar. „Við ætlum að bíða með að auka hlutaféð meira, vonandi þurfum við ekki að auka það frekar,“ segir Benedikt.

**Enginn í þessu til að gera greiða**

Þeir segjast hafa þurft að hafa fyrir hverjum áfanga á leiðinni. „Maður hélt alltaf að maður þyrfti bara að vera með flotta vöru sem hefði tæknilega augljósa kosti og myndi bara sjálf komast inn á markaðinn. En maður þarf að senda þrjátíu þúsund tölvupósta á hina og þessa vörustjóra hjá hinum og þessum fyrirtækjum. Þeir eru náttúrulega bara uppteknir í sinni vinnu. Þeirra verkefni er ekki að koma okkur á framfæri. Þeir eru bara að hugsa um hvað hentar þeim. Þannig að maður þarf rosa tröppugang,“ segir verkfræðingurinn Benedikt.

Þeir hafi fyrst þurft að selja þeim allra nýjungagjörnustu gaffalinn, sem kaupi hann til að vera frumlegir. „Þá fær maður inn næsta hluta markaðarins, þá sem eru kannski aðeins minna nýjungagjarnir en dálítið til í nýja hluti, svo förum við inn í litlu hjólreiðamerkin og þau kynna þetta betur og svo kannski koma miðlungs hjólreiðamerkin,“ segir hann.

„Það er enginn að fara að gera okkur greiða. Þeir taka þetta bara inn af því að það er eftirspurn frá markaðnum. Það er enginn sem einbeitir sér að því að búa til eftirspurn eftir Lauf-göfflum af því að þetta er svo góður gaffall. Við þurfum fyrst að sanna að hann sé góður og svo koma hinir inn og selja hann því það er markaður fyrir hann.“



Hér prófar Bergur Benediktsson framleiðslustjóri gaffla fyrirtækisins. Miklu skipti að þeir endist enda sé fimm ára ábyrgð á þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Landsliðsmenn hluthafar



Samkvæmt því sem fram kom í ársreikningi ársins 2014 var Tryggingamiðstöðin þriðji stærsti hluthafi félagsins á eftir Benedikt og Guðbergi með sex prósenta hlut. Þá átti P126 ehf., fjárfestingafélags Einars Sveinssonar, 1,89 prósenta hlut í félaginu. Athygli vekur að á meðal hluthafa Lauf Forks eru Ragnar Sigurðsson og Emil Hallfreðsson, leikmenn íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu. Þá á Róbert Gunnarsson, línumaður handboltalandsliðsins, einnig hlut í félaginu. Fjöldi íslenskra og erlendra hjólreiðaáhugamanna auk vina og fjölskyldumeðlima er einnig meðal hluthafa.




SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON



## Fenginn til að stýra Íshestum

Skarphéðinn B. Steinarsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Íshesta. Skarphéðinn hefur víðtæka reynslu af ferðaþjónustu og stjórnun fyrirtækja. Hann var síðast hjá Ferðaskrifstofu Íslands. Frá árinu 2013 hefur Skarphéðinn rekið eigin ferðaþjónustu í Stykkishólmi.

Íshestar voru stofnaðir árið 1982 og býður fyrirtækið upp á dagsferðir frá hestamiðstöð sinni í Hafnarfirði ásamt lengri ferðum um allt land. Þá reka Íshestar ferðaskrifstofu sem sérhæfir sig í menningar- og heilsuferðaþjónustu ásamt hvata- og gönguferðum. „Það er gríðarlega spennandi að ganga til liðs við Íshesta, fyrirtæki sem byggir á yfir 30 ára grunni, á tímum mikils uppgangs í ferðaþjónustunni á Íslandi," segir Skarphéðinn. **– jhh**

ÁSLAUG THELMA EINARSDÓTTIR



## Til liðs við Orku náttúrunnar

Áslaug Thelma Einarsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður markaðs- og kynningarmála hjá Orku náttúrunnar, sem er nýtt starf hjá ON. Áslaug hefur mikla reynslu í markaðs- og kynningarmálum sem og orkumálum. Hún var meðal annars forstöðumaður upplýsinga- og kynningarmála hjá Icelandair Group, og verkefnisstjóri hjá Canadian Geothermal Energy Association. **– sg**




**Árni Stefán Jónsson stendur í ströngu þessa dagana.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fyrsta verkfall SFR í 31 ár

**Árni Stefán Jónsson hefur verið formaður SFR frá 2006. Hann á að baki þriggja áratuga reynslu af verkalýðsstarfi. Hann segir kjarabaráttuna vera yfirvegaðri nú en hún var á árum áður. Hann lætur senn af störfum.**

## SVIPMYNDIN

### ÁRNI STEFÁN JÓNSSON

Það hefur mikið mætt á Árna Stefáni Jónssyni, formanni SFR, stéttarfélags í almannaþjónustu, síðustu daga. Félagsmenn hafa verið í verkfalli að undanförnu og Árni Stefán setið langa samningafundi dögum saman. Árni er þó ýmsu vanur, enda hefur hann verið þátttakandi í stéttarfélagsbaráttunni um áratugaskeið. Hann kom úr námi 1981 og byrjaði þá að vinna í meðferðarbransanum og varð trúnaðarmaður. Hann tók síðan sæti í samninganefnd SFR árið 1987 og starfaði einnig með BSRB. Hann varð síðan framkvæmdastjóri SFR eftir stjórnarskipti árið 1990. Sextán árum seinna var hann kjörinn formaður félagsins.

Árni Stefán nam rafvirkjun og varð formaður Félags nema í rafmagnsiðn og síðar varaformaður Iðnnemasambands Íslands. Síðar flutti hann til Svíþjóðar og tók phil. cand.-próf í félags- og uppeldisfræðum.

Árni Stefán segir að starfsemi SFR hafi undið mikið upp á sig frá því að hann tók fyrst þátt í starfinu. „Við erum að veita miklu meiri þjónustu til félagsmanna í gegnum alls konar sjóði og við höfum sett upp mjög sterkt starfsmenntunarbatterí og eyddum miklum tíma í að taka utan um það," segir Árni Stefán. Þetta starf hafi verið unnið í tólf ár, sé mjög sterkt og unnið í góðri samvinnu við fjármálaráðuneytið Árni Stefán segir að margt varðandi kjaramálin hafi breyst. Áður hafi verið unninn einn miðlægur kjarasamningur en nú séu unnir stofnanasamningar fyrir hverja stofnun. „Það hefur kallað á miklu meiri vinnu við að ganga frá málum."

> **Ég hef í gegnum árin verið mikill skokkari og svo lagðist ég í hestamennsku. Ég hef eytt tíma þar en vildi gjarnan sinna hestamennskunni meira en ég hef gert.**

Þá hefur fjölgað í félaginu undanfarið. „Það varð sprenging í ríkisstarfsmönnum 2002-2007 og við erum komin upp í 5.500 þó að málefni fatlaðra hafi verið færð til sveitarfélaganna. Áður vorum við á bilinu 2.500 til 3.000."

Árni Stefán segir að kjarabaráttan sé yfirvegaðri en hún var á árum áður. „Menn tala meira saman og tala öðruvísi saman og eru lausnamiðaðri heldur en hitt. Dæmin sýna það enda hafa félagsmenn í SFR ekki farið í verkfall síðan 1984, eða í 31 ár."

Hjá SFR er útskiptaregla og menn mega ekki gegna starfi formanns lengur en í tólf ár. Árni segir sinn tíma koma 2017. „Ég er á leiðinni út, en líka kominn á þann aldur." Hann segist eiga tímafrekar og skemmtilegar tómstundir sem hann getur lagt meiri rækt við þegar hann hættir. „Ég hef í gegnum árin verið mikill skokkari og svo lagðist ég í hestamennsku. Ég hef eytt tíma þar en vildi gjarnan sinna hestamennskunni meira en ég hef gert," segir Árni Stefán. **jonhakon@frettabladid.is**

# Telja að tæknibólan sem ríki í Kísildal gæti verið byrjuð að springa

Nýlegar tilkynningar um hópuppsagnir gætu verið fyrstu viðvörunarmerkin um það að tæknibólan sé að byrja að springa að mati pistlahöfundar hjá Business Insider.

Á undanförnum mánuðum hefur fjöldi tilkynninga um hópuppsagnir borist frá stærstu tæknifyrirtækjum heims. Meðal fyrirtækja sem hafa tilkynnt um þetta eru Twitter, Microsoft og Snapchat. Í síðustu viku bárust fregnir af því að Flipagram væri að segja upp fimmtungi starfsmanna sinna, Zomato á Indlandi væri að segja upp 300 starfsmönnum, flestum í Bandaríkjunum, Snapchat hefði sagt upp tólf starfsmönnum og að Twitter væri að segja upp 336 starfsmönnum.

Ástæður uppsagnanna undanfarna mánuði eru eins fjölbreyttar og fyrirtækin eru mörg. Hins vegar vekur það athygli að um er að ræða bæði ung fyrirtæki og reynslumikil, eldri fyrirtæki. Þessar fregnir berast eftir fjölda tilkynninga undanfarna mánuði um fjármögnun tæknifyrirtækja sem nema milljörðum króna.




**Uber er metið á rúmlega 6.000 milljarða en á ekki einn einasta bíl.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Pistlahöfundur Business Insider veltir upp spurningunni um það hvort uppsagnirnar séu heilbrigðismerki þar sem fyrirtæki eru að taka meðvitaða ákvörðun um að takmarka umsvif sín og skera niður kostnað, eða hvort þetta séu fyrstu varúðarmerki þess að markaðurinn sé að breytast.

Sú staðreynd að tæknibóla ríki í Kísildalnum hefur verið höfð á orði í nokkurn tíma og telja margir að það sé einungis tímaspursmál hvenær hún springur. Tæknifyrirtæki hafa verulega sótt í sig veðrið eftir alheimskreppuna. Ef litið er á lista yfir verðmætustu vörumerki heims skipa tæknifyrirtæki sex af tíu toppsætunum, þeirra á meðal eru Apple, Google, og Microsoft. Tæknifyrirtækin eru mörg mjög verðmæt en eina raunverulega verðmæti þeirra er hugvitið. Airbnb, sem er stærsta hótelkeðja heims, á til að mynda engin hótel, og Uber er ein stærsta leigubílaþjónusta heims en á enga bíla. Airbnb er metið á 25 milljarða dollara, jafnvirði 3.100 milljarða íslenskra króna, og Uber er metið á tvöfalt meira. Verðmætið hefur rokið upp undanfarin ár og því er talið að einn daginn muni bólan springa.

Tíminn verður að leiða í ljós hvort og þá hvenær. **– sg**

Póst dreifing

Við látum það berast



# ÞÚ NÆRÐ TIL FJÖLDANS MEÐ OKKUR

**FJÖLPÓSTUR** er sterkur og áhrifaríkur auglýsingamiðill sem skilar ítarlegri upplýsingum til neytenda en hefðbundnar auglýsingar.

**61% LANDSMANNA LESA FJÖLPÓST
22% AF ÞEIM KAUPA AUGLÝSTA VÖRU EÐA ÞJÓNUSTU**




„Ég hef verið í viðskiptum við Póstdreifingu í árabil og alltaf fengið fyrsta flokks þjónustu.“

Guðbjartur Finnbjörnsson
Ritstjóri Lifandi vísinda

**VIÐ GETUM AÐSTOÐAÐ VIÐ AÐ NÁ ÁRANGRI**

**VIÐ DREIFUM INN Á 80.000 HEIMILI SEX DAGA VIKUNNAR**

www.postdreifing.is

Stjórnmál



**Katrín Jakobsdóttir**
formaður Vinstri grænna

# Spurning um skynsemi

Það eru ýmis jákvæð teikn á lofti í íslensku efnahagslífi, fyrst og fremst vegna aukinna umsvifa í ferðaþjónustu. Hins vegar er full ástæða til að sýna varúð og gæta þess að við missum ekki tökin á uppganginum. Núverandi ríkisstjórn tók við ágætu búi af þeirri síðustu og þegar árin sjö frá hruni eru skoðuð í samhengi má sjá að hér hefur undraverður árangur náðst í ríkisfjármálum og efnahagsmálum. Enn eru stór viðfangsefni fram undan, til dæmis hvernig bregðast skal við velgengni og vexti. Staðreyndin er sú að núverandi ríkisstjórn var snögg að forgangsraða í þágu hinna efnameiri. Það var gert með því að afnema auðlegðarskatt, lækka veiðigjöld, afnema orkuskatt. Síðan var ráðist í að lækka tekjuskatt í milliþrepi og nú er stefnt að því að fækka skattþrepum úr þremur í tvö. Á sama tíma var virðisaukaskattur hækkaður á mat og menningu.

Öll þessi skref miða að því að lækka skattbyrði á hina efnameiri en um leið var skattbyrðin heldur aukin á hina efnaminni. Og þetta er ein af orsökum þess að átök á vinnumarkaði hafa verið harðari nú á undanförnum misserum en mörg ár á undan. Almenningur í landinu sér að þróun efnahagsmála er í rétta átt en líka að aðgerðir stjórnvalda snúast ekki um að velgengnin dreifist með réttlátum hætti.

Almenningur í landinu sér líka ýmis dæmi þar sem útvaldir hópar njóta sérkjara. Nærtækt er að nefna sölu hlutabréfa í Símanum þar sem Arion-banki bauð þá hluti fáum útvöldum aðilum á sérkjörum, mun hagstæðari en bjóðast almenningi. Þetta er önnur ástæða þess að venjulegt fólk krefst kjarabóta og neitar að sitja uppi með svartapéturinn þegar öðrum eru afhent tromp á silfurfati.

Það ætti að vera forgangsmál íslenskra stjórnvalda að tryggja réttlátar leikreglur og gagnsæi í fjármálakerfinu, tryggja jöfnuð og rétta hlut hinna tekjulægri í öllum sínum aðgerðum. Þar erum við á rangri leið eins og sést á tölum um auðsöfnun hinna ríkustu, ríkasta eina prósentið á fjórðung alls auðs á Íslandi. Jöfnuður er ekki einungis réttlætismál, hann skapar líka aukna hagsæld eins og komið hefur fram í nýjum skýrslum OECD um tengsl hagsældar og jafnaðar. Þetta snýst ekki einungis um hugmyndafræði og réttlæti, heldur líka skynsemi.

**Öll þessi skref miða að því að lækka skattbyrði á hina efnameiri en um leið var skattbyrðin heldur aukin á hina efnaminni.**

## Sykursala í Pakistan



Pakistan er í hópi stærstu sykurframleiðenda í heiminum og skiptir sykurframleiðslan gríðarlegu máli fyrir atvinnulíf í landinu. Sykurreyr vex á um það bil 1,1 milljón hektara lands. Þessir bændur seldu sykur við vegarkant í Peshawar í Pakistan á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Þróunaraðstoð verði minni, en landamærin opnari



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Í síðustu viku fékk Angus Deaton, prófessor við Princeton-háskólann, Nóbelsverðlaunin í hagfræði meðal annars „fyrir greiningu hans á neyslu, fátækt og velferð“.

Angus Deaton hefur lagt gjörva hönd á að þróa tæki, eða öllu heldur gögn, fyrir hagfræðinga til að greina hagþróun í þróunarlöndum eins og Indlandi, en hann hefur einnig gefið raunhæf ráð um hvað sé rétt að gera, og hvað ekki, varðandi þróunaraðstoð.

Kjarninn í skoðun Deatons á hjálparstarfi ríkisstjórna er að þótt þróunaraðstoð kunni að hjálpa til við að leysa tiltekið vandamál þá styðji hún engu að síður fyrst og fremst stefnu stjórnvalda í þróunarlöndunum. Þannig koma í sumum Afríkuríkjum næstum 100% allra ríkistekna úr fjárhagsaðstoð vestrænna ríkja. Deaton telur þetta afar vafasamt þar sem það hjálpi einræðisstjórnum að halda völdum og geri ríkisstjórnir í þriðja heiminum ónæmar fyrir þörfum og kröfum heimamanna. Með öðrum orðum: Helstu rök Deatons eru að þróunaraðstoð grafi undan lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum, til dæmis í Afríku. Ef manni er bara afhent ölmusa frá stjórnvöldum á Íslandi, af hverju ætti maður þá að reyna að taka upp betri stefnu fyrir íbúa lands síns?

Svo Angus Deaton er mjög vantrúaður á þróunaraðstoð, ekki af því að hún virki ekki, heldur vegna þess að hún hefur verulega neikvæðar afleiðingar, hún grefur undan lýðræðislegum og móttækilegum stjórnvöldum og þess vegna hefur þróunaraðstoð almennt tilhneigingu til að auka dugleysi og sóun ríkisstjórna og gerir afar lítið til að hjálpa því fólki sem er í neyð.

Vantrú Deatons á þróunaraðstoð hefur jafnvel fengið hann til að styðja, að hluta til að minnsta kosti, þá hugmynd að það væri betra að gefa fátækum peningana beint án milligöngu ríkisins.

Jafnáhugaverð er sú staðreynd að Angus Deaton sér innflutning fólks sem mun mikilvægari drifkraft fyrir þróun en þróunaraðstoð. Þannig skrifar hann í bók sinni frá 2013, The Great Escape: Health, Wealth, and the Origins of Inequality:

„Áhrif búferlaflutninga til að draga úr fátækt eru mun meiri en frjálsrar verslunar. Fólk sem nær að flytja frá fátækum löndum til ríkra landa hefur það betra en heima og peningasendingar hjálpa fjölskyldunum sem heima eru. Slíkar peningasendingar hafa allt önnur áhrif en þróunaraðstoð, og þær geta eflt viðtakendurna til að gera meiri kröfur til ríkisstjórnar sinnar og þannig bætt stjórnarhætti frekar en að grafa undan þeim.“

Með öðrum orðum: Ef við viljum raunverulega hjálpa fólkinu í þróunarríkjunum ættum við í þróuðu ríkjunum að opna landamæri okkar fyrir fleiri innflytjendum. Það kæmi okkur til góða og það kæmi íbúum þróunarlandanna til góða, og það myndi gera mun betur en þróunaraðstoðin.

Þetta kann að virðast róttækt, en staðreyndin er sú að æ fleiri hagfræðingar, þar á meðal ég, eru sammála þessu sjónarmiði. Annar mikilsmetinn talsmaður afstöðunnar um „þróun með flutningum fólks“ er bandaríski þróunarhagfræðingurinn Michael Clemens sem hefur haldið því fram að við gætum tvöfaldað verga landsframleiðslu á heimsvísu ef við afnæmum allar hindranir á fólksflutningum í heiminum.

Þetta mun auðvitað ekki gerast, en verk Angusar Deaton sýna að við þurfum að gerbreyta því hvernig við hugsum okkur þróunaraðstoð sérstaklega. Þótt við eyðum gríðarlegum upphæðum í þróunaraðstoð – í hinum besta tilgangi – náum við ekki þeim árangri sem við gætum vonast eftir. Að því marki sem við viljum veita þróunaraðstoð ættum við að stefna að því að gefa beint til hinna örsnauðu í þróunarríkjunum og leyfa þeim fátæku að flytja til þróuðu ríkjanna.

# Óréttlæti virðisaukaskatts laganna

Hin hliðin



**Brynhildur S. Björnsdóttir**
stjórnarformaður

Miðað við fjölda mála sem hafa komið upp undanfarið þá virðist sem Ríkisskattstjóri sé nú í átaki við að innheimta virðisaukaskattsskuldir í gegnum þriðja aðila. Árið 2010 var gerð breyting á 16. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt sem gerir það að verkum að krefja má þriðja aðila um virðisaukaskatt aftur í tímann, sem hann hefur innskattað í góðri trú frá rekstraraðila sem var með lokað virðisaukaskattsnúmer þegar viðskiptin áttu sér stað.

Á mannamáli þýðir þetta að heiðarlegt fyrirtæki sem telur sig vera að skipta við heiðarlegan rekstraraðila, móttekur reikning með virðisaukaskattsnúmeri og innskattar virðisaukann í góðri trú. Jafnvel yfir lengri tíma. Nokkrum árum seinna á hann á hættu að þurfa að endurgreiða virðisaukann – af því aðilinn sem hann skipti við falsaði reikninga og lét sem hann væri að innheimta útskatt fyrir ríkissjóð. Fyrir utan að þurfa að endurgreiða virðisaukann sem óheiðarlegi rekstraraðilinn þóttist vera að innheimta – þarf heiðarlegi rekstraraðilinn (sem braut ekkert af sér) að greiða háa dráttarvexti aftur í tímann.

Breytir þá engu þótt heiðarlegi rekstraraðilinn hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni með því að senda inn verktakamiða ár hvert, með greinargóðum upplýsingum um viðskiptin. Maður skyldi halda að eftirlitsskylda Ríkisskattstjóra væri það sterk að þegar hann fær upplýsingarnar á silfurfati – skuli viðkomandi vera stoppaður af. Ekki síst til að lágmarka skaða heiðarlega rekstraraðilans sem heldur jafnvel áfram að skipta við hann í góðri trú.

En nei. Það er ekki þannig. Þriðji aðilinn ber alla eftirlitsskylduna, skaðann og sektina.

Það þarf vart að reifa það hér hversu röng skilaboð þetta eru og óréttlát við rekstraraðila sem stunda heiðarleg viðskipti. Hér er þriðji aðilinn látinn bera ábyrgð á öðrum aðila sem gerðist brotlegur við lögin. Brotlegi aðilinn myndar hins vegar enga skuld. Eins ótrúlegt og það virðist!

Þetta er því miður ekki eina dæmið um óskiljanleg lög er varða atvinnulífið. Þau lýsa því svo vel að þeir sem semja og samþykkja lögin hafa oft litla sem enga reynslu af því að reka fyrirtæki. En þá er það líka okkar að segja stans. Hingað og ekki lengra. Krefjumst lagabreytinga og rekstrarumhverfis sem refsar þeim sem fremja brotin!




**Kostir þess að leigja.**

Þú greiðir fasta upphæð á mánuði í þrjú ár og því er ekki þörf að leggja út fyrir öllum kostnaði í einu. Kostnaður við hvern starfsmann verður þekktur og ábyrgð er á búnaðinum út samningstímann. Að samningstíma loknum er mögulegt að endurnýja búnaðinn.

**Settu saman pakka sem hentar þér.**
Nánar á www.ok.is/eigduleigdu – sala@ok.is

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 21. október 2015

FTSE 100
6.345,13 -7,20
(-0,11%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Á hálum ís

**Áhugavert var** að horfa á viðtöl við lögmennina Kristínu Edwald og Brynjar Níelsson á Stöð 2.

**Þau ræddu** dómsniðurstöður Hæstaréttar í svokölluðum hrunmálum, nú síðast í Ímonmálinu. Þar voru þrír fyrrverandi stjórnendur Landsbankans dæmdir til langrar fangelsisvistar, þrátt fyrir að héraðsdómur hefði áður sýknað þá.

**Lögmennirnir voru** sammála um að vinnubrögð Hæstaréttar í hrunmálum væru gagnrýniverð. Svo virtist sem minni sönnunarkröfur væru gerðar til ákæruvaldsins í þeim málum en öðrum, engu líkara en að sönnunarbyrðinni hefði verið snúið frá því aldagamla viðmiði að sakaðir menn teldust saklausir uns sekt er sönnuð.

**Kristín nefndi** Ímonmálið. Þar hefðu stjórnendur farið að lánareglum bankans en þó verið sakfelldir á grundvelli „óskráðra regla“. Þar væri rétturinn að brjóta gegn öðru lögmáli, að þessu sinni um skýrleika refsiheimilda, en í því felst að fólk eigi kost á að kynna sér þær reglur sem gilda hverju sinni.

**Brynjar nefndi** Al-Thani-málið, en þar bjó Hæstiréttur til nýjan dóm, og byggði niðurstöðu sína í engu á héraðsdómi í sama máli. Það hefði orðið til þess að sakborningar hefðu í raun ekki hlotið áheyrn á tveimur dómstigum eins og reglur um áfrýjun eigi að tryggja.

**Bæði voru sammála** um að Hæstiréttur væri á hættulegri braut, og litlar líkur væru á að dómsúrlausnir sem þessar stæðust tímans tönn.

**Létu þau að því liggja** að það væri viðleitni réttarins til að sefa reiði almennings sem réði för frekar en gildandi lög.

**Þau ræddu skipun** Hæstaréttardómara. Bæði lýstu þau ánægju með skipan Karls Axelssonar, einkum vegna reynslu hans úr lögmennsku og af viðskiptalífinu, en slíkri þekkingu hefði hingað til verið áfátt.

**Stutt skoðun** á bakgrunni dómara á vefsíðu réttarins bendir til að þarna hitti þau naglann á höfuðið. Í Hæstarétti situr einsleitt fólk með sams konar bakgrunn (og af sama kyni).

**Þar virðist vera** bæði skortur á alþjóðlegri reynslu og praktískri reynslu úr viðskiptalífinu.

**Er nema von** að furðulegar úrlausnir geri vart við sig þegar viðfangsefnið er jafn framandi og viðskiptalífið virðist hæstaréttardómurunum? Nema náttúrulega að tilgangurinn sé að sefa reiði almennings.

## 2,5

**PRÓSENTA MARKI EKKI NÁÐ**

Hagdeild Landsbankans spáir því að verðbólga í október fari í tvö prósent, en hún var 1,9 prósent í mánuðinum á undan. Greining Íslandsbanka spáir óbreyttri verðbólgu. IFS greining spáir því aftur á móti að verðbólga í október fari niður í 1,6 prósent. Verbólga skýrist helst af hækkun húsnæðisverðs.

## 0,1%

**HÆKKUN Á Á VÍSITÖLU BYGGINGARKOSTNAÐAR**

Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað um 0,1 prósent sl. mánuð. Hækkunina má aðallega rekja til 0,3 prósenta hækkunar vinnuliðar milli mánaða vegna nýsamþykktra kjarasamninga málmiðnaðarmanna. Síðasta árið hefur vísitala byggingarkostnaðar hækkað um 6,1 prósent.

**20.10.2015**

**Þetta minnir um margt á stöðuna 2004-2005 þegar Seðlabankinn hækkaði vexti til að sporna gegn aukinni þenslu og verðbólgu. Á sama tíma leiddi aukin samkeppni á íbúðalánamarkaði hins vegar til þess að langtímavextir fóru lækkandi. Þá var það Íbúðalánasjóður sem keppti við viðskiptabankana en í dag eru það lífeyrissjóðirnir.**



Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.





FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar
að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

**ÓSKUM EFTIR ÖMMULEGRI ÍBÚÐ TIL LEIGU FYRIR KVIKMYNDATÖKU VEGNA AUGLÝSINGAR.**
Tökur munu standa yfir í einn dag á tímabilinu 26 til 28 okt.

Áhugasamir hafi samband í síma 897-5642

## Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA - VERSLUN EÐA ÞJÓNUSTA**
400 fm verslunarrými á jarðhæð.

Gluggar sem snúa að götu.

Innkeyrsludyr.

70 fm rými sem hentar fyrir verslun eða þjónustu. Stórir gluggar að götu.
**S. 897 9743**

**Á ANNARI HÆÐ Í NETHYL 2B**
eru mjög glæsilegar skrifstofur fyrir einyrkja og fámenn fyrirtæki. Herbergin eru frá 20-28m2 með sameign eða 11-17m2 herbergin sjálf. Verð frá 43.000.- með vsk. Allt innifalið s.s internet aðgangur að fundarherbergi ofl.

Í Nethyl 2a eru um 80m2 rými, verð kr. 130.000.- með vsk, aðgangur að fundarherbergi fylgir.
**Upplýsingar hjá gunnar@ibt.is eða í 664-6550**

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HÁRGREIÐSLUSTOFA Í PÓSTNÚMERI 104 AUGLÝSIR EFTIR VÖNU FÓLKI Í STÓLALEIGU.**
Um er að ræða mjög fallega stofu á mjög góðum stað í bænum. Aðeins útskrifað fólk kemur til greina.

**Nánari upplýsingar fást með því að senda ferilskrá á póstfangið: harsnyrting@gmail.com**

**K BAR**
óskar eftir metnaðarfullum og drífandi kokki til að keyra vaktir í eldhúsi. Umsóknir sendist á kbar@kbar.is

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager og í útkeyrslu. Umsóknir sendist á einar@solning.is.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Makaskipti? Swinging? Þríhyrningasr? Cuckold? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Allar upplýsingar hér: Makaskipti.eu

**ÍSLENDINGAR.EU**
Ertu í makaleit? Langar þig á stefnumót? Ertu með frjálslynda hugsun? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Líttu við! Islendingar.eu

Skyndikynni á símatorgi. 100% leynd. RaudaTorgid.is

## til sölu

**BARNAFATAVERSLUN**
Til sölu í einni stærstu verslunarmiðstöð landsins. Eigin innflutningur á vinsælum barnafatnaði. Frábær staðsetning.
Uppl. gefur Óskar í síma 773-4700
Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe
SAFT


# fasteignir

**HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA**
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Norðurbakki 19B - Hafnarfjörður
**2ja herb. – Bílageymsla – Íbúð 304**




Opið hús í dag milli kl. 17.30 - 18.
Sérlega glæsileg 82,9 fm tveggja herb. íbúð á þriðju hæð í vönduðu lyftuhúsi. Íbúðin er öll hin glæsilegasta, vandaðar eikar innréttingar frá GKS, gólfhiti. Stæði í vandaðri bílageymslu. **Verð 32,8 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## Smiðjuvegur
**200 Kópavogur**

**Til sölu**
gott 391,5 fm iðnarhúsnæði við Smiðjuveg

Þrjár innkeyrsluhurðir og gönguhurð

Mjög gott bílaplan fyrir framan húsnæðið

Möguleiki á að kaupa verslunar-rekstur sem er í húsnæðinu


Bókaðu skoðun
**Svan G. Guðlaugsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala og nemi til löggildingar fasteignasala
sími: 697 9300
svan@miklaborg.is


Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
löggiltur fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -









**Kristján Baldursson hdl.**
hdl. löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040 • kristjan@trausti.is


**Smári Jónsson**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna- fyrirtækja og skipasölu.
S: 864-1362 • smari@trausti.is

## ASPARFELL 12
**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAGINN 21. OKTÓBER KL. 17:30-18:00**
Rúmgóð tveggja herbergja endaíbúð með sérinngangi af svölum. Íbúðin er 72,5 fm. og bílskúr 18,6 fm., alls 91.1 fm. Húsvörður sér um allan almennan rekstur hússins. Nýleg eldhúsinnrétting og gólfefni. Stutt í alla almenna þjónustu svo sem sund, skóla og verslanir. **Ásett verð 24,9 millj.**

TRAUSTI fasteignasala
Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## OPIN HÚS Í DAG

**Víðigrund 53 – Kópavogi.**
**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög fallegt, bjart og mikið endurnýjað 231,0 fm. einbýlishús á afar eftirsóttum stað við Fossvogsdalinn. Fjölskylduhús með 5 svefnherbergjum, opnu eldhúsi, rúmgóðri stofu og unglingasvítu á neðri hæð hússins með sérinngangi en möguleiki er að breyta neðri hæðinni í aukaíbúð. Innréttingar eru allar sérlega vandaðar, flest allar sérsmíðaðar úr eik og háglans hvítt. Gólfefni hússins er að mestu parket en flísar á votrýmum. Stutt er í skóla, leikskóla og íþróttasvæði. **Verð 79,9 millj. Verið velkomin.**

**Andrésbrunnur 17 - 4ra herbergja.**
**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg 119,1 fm. íbúð á 2. hæð ásamt sér stæði í lokaðri bílageymslu sem er innangengt í (aðeins fyrir 3 bíla) í lyftuhúsi. Fallegar eikarinnréttingar eru í allri íbúðinni. Stór stofa með útgengi á rúmgóðar svalir til suðurs. Þvottaherbergi og geymsla innan íbúðar. Geymslan er notuð sem herbergi í dag. **Verð 36,5 millj. Íbúð merkt 0201. Verið velkomin.**

## Merkisatburðir

**1819** Jón Þorláksson, skáld og prestur á Bægisá, deyr. Hann er þekktastur fyrir þýðingu á Paradísarmissi Miltons.
**1933** Þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram um afnám bannlaganna. 15.866 eru á móti banni en 11.625 með því. Áfengisbann er síðan afnumið 1. febrúar 1935.
**1997** Söngur Eltons John um Díönu prinsessu slær heimsmet í sölu. Alls hafa 33 milljónir eintaka verið seldar.




✝

Okkar ástkæri sonur, faðir og afi,

**Rúnar Haukur Ingimarsson**

Snægili 5, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri
þann 14. október.
Jarðarförin fer fram frá Glerárkirkju
föstudaginn 23. október kl. 10.30.

**Unnur Óskarsdóttir, Telma Glóey,**
**Rebekka Unnur og Áróra Kristín.**



✝

Ástkær móðir okkar og amma,

**Guðrún Osvaldsdóttir**

fulltrúi hjá Ríkisskattstjóra,

verður jarðsungin frá
Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn
23. október kl. 11.

**Sigurður Ingi Sigurðsson**
**Jóhanna Guðrún Sigurðardóttir**
**Guðrún Helga Guðbjartsdóttir**
**Þórdís Gyða Guðbjartsdóttir**
**Herdís Rut Guðbjartsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigríður Helga Aðalsteinsdóttir**

Böðvarsgötu 9,
Borgarnesi,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju
föstudaginn 23. október næstkomandi og hefst athöfnin
kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á
Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Sigurður, Bjarni Kristinn og Unnsteinn Þorsteinssynir og fjölskyldur þeirra.**



✝

Faðir okkar, afi, langafi og langalangafi,

**Jónas G. Ólafsson**

frá Stykkishólmi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í
Kópavogi síðastliðinn föstudag. Útför
hans fer fram föstudaginn 23. október frá
Kópavogskirkju kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á
að láta hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð njóta þess.

**Valgerður Jónasdóttir** **Örn Gíslason**
**Ólína J. Jónasdóttir** **Páll A. Andrésson**
**Jónas Jónasson** **Alda Harðardóttir**
**afa-, langafa- og langalangafabörn.**



✝

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigríður Helgadóttir**

Dvalarheimilinu Grund,
Hringbraut 50
(áður Fannborg 3, Kópavogi),

lést á Litlu Grund, föstudaginn 16. október. Útförin fer
fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 23. október kl. 13.

**Inga Engilberts** **Gísli Krogh**
**Bryndís Krogh Gísladóttir** **Haraldur Hilmar Heimisson**
**Heimir Krogh Haraldsson**
**Sverrir Krogh Haraldsson**




Ásdís María Viðarsdóttir er ef til vill best þekkt fyrir flutning sinn á laginu Amor í söngvakeppni sjónvarpsins í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Það geta allir sem vilja verið hetjur í karókí

**Ásdís María og Alexander bjóða öllum landsmönnum í karókí á morgun. Karókíkvöldið hefst klukkan níu á Prikinu og Ásdís María segir alla velkomna.**

„Mig langar að bjóða landsmönnum í karókí á morgun vegna þess að maður verður að gera eitthvað annað á þessu landi en að fara í bíó og fá sér Vesturbæjarís,“ segir Ásdís María Viðarsdóttir söngkona, sem stendur fyrir karókíkvöldi á Prikinu annað kvöld frá klukkan níu.

Ásamt Ásdísi stýrir viðburðinum Alexander Sigurður Sigfússon. „Karókí er bara snilld – það er svo fáránlega gaman í söngtryllingi og við Alexander hvetjum sem flesta til að mæta,“ heldur Ásdís María áfram. Sjálf hefur Ásdís átt nokkurri velgengni að fagna sem söngkona, meðal annars með flutningi lagsins Amor í Söngvakeppni sjónvarpsins í fyrra. Auk þess hefur Ásdís María troðið upp reglulega ásamt Margeiri Steinari Ingólfssyni, betur þekktum sem DJ Margeir, meðal annars á tónlistarhátíðinni Parklife í Manchester og á tónleikum á toppi Esjunnar.

Karókíkvöldið var haldið hátíðlegt í fyrsta sinn á Prikinu fyrir nokkrum vikum og mætingin var mjög góð, að sögn Ásdísar. „Við stefnum að því að gera þetta að reglulegum viðburði. Við erum að búast við margmenni aftur og erum að sjá að fólk finnur sig í þessu. Það sem er svo æðislegt við karókí er að allir geta verið hetjur á meðan á söngnum stendur!“

**Það sem er svo æðislegt við karókí er að allir geta verið hetjur á meðan á söngnum stendur.**

En þurfa menn að syngja vel til að taka þátt? „Nei, alls ekki. Einu reglurnar eru að vanda lagavalið og hafa gaman af,“ segir Ásdís að lokum. **olof@365.is**




✝

Elsku maðurinn minn, pabbi okkar,
tengdapabbi, afi og langafi,

**Baldur Jónasson**

Dvergabakka 16, Reykjavík,
áður bóndi að Klungurbrekku,
Skógarströnd,

lést í faðmi fjölskyldunnar á krabbameinsdeild
Landspítalans í Reykjavík að kvöldi föstudagsins
16. október. Jarðsett verður í kyrrþey að ósk hins látna.

**Brynhildur (Hulda) Sigtryggsdóttir**
**Guðrún Lára Baldursdóttir**
**Inga Fjóla Baldursdóttir** **Óskar Jósef Óskarsson**
**Kristjana S. Pálsdóttir** **Sigurður Pétur Harðarson**
**afabörn og langafabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og vináttu
við andlát og útför elskulegrar móður
okkar, tengdamóður, ömmu
og langömmu,

**Sólveigar Aðalbjörnsdóttur**

Selási 5, Egilsstöðum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hlymsdala,
heimahjúkrunar á Egilsstöðum og Ægisgrundar á Hrafnistu
í Hafnarfirði fyrir aðstoð, umönnun og kærleika.

**Una Þóra Steinþórsdóttir** **Bessi Gíslason**
**Ólafur Steinþórsson** **Sjöfn Sigbjörnsdóttir**
**Einar Birgir Steinþórsson** **Rannveig Traustadóttir**
**Aðalsteinn Steinþórsson** **Birna Stefnisdóttir**
**Magnús Már Steinþórsson** **Elsa Hartmannsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**




# FLEIRI HORFA Á FRÉTTIR **STÖÐVAR 2** EN **RÚV**

Síðustu vikurnar hafa fleiri horft á sjónvarpsfréttir **Stöðvar 2** en **RÚV**.* Við þökkum traustið og ætlum að halda áfram að gera okkar besta við að flytja landsmönnum vandaðar fréttir af innlendum og erlendum vettvangi. **Takk fyrir okkur.**

365.is | Sími 1817

365

*Rafrænar ljósvakamælingar Gallup, vikur 37–41 2015. Síðustu tvær vikur (40–41) hafa fleiri í aldurshópnum 12–80 ára horft á fréttir Stöðvar 2. Síðustu fimm vikur (37–41) hafa fleiri í aldurshópnum 12–54 ára horft á fréttir Stöðvar 2. Miðað er við meðaláhorf á hverja mínútu dagskrárliðar.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Í dag mun norðanátt leika um landið og kólnar þá í veðri hjá okkur. Sólríkt verður sunnan- og vestanlands, en íbúar á Norður- og Austurlandi mega búast við ýmist slydduéljum eða skúrum. Hiti verður allt að 7 stigum og þá hlýjast á Suðurlandi, en væntanlega mun frysta víða að næturlagi.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | 0° |
| 6 | 8 | 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 3° | -1° |
| 4 | 5 | 9 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | 2° |
| 15 | 5 | 12 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 5° | -1° |
| 10 | 12 | 15 |

## Þrautir

### Krossgáta



**LÁRÉTT**
2. eyja
6. Í röð
8. stroff
9. suss
11. tveir eins
12. súla
14. skýli
16. í röð
17. runa
18. mjög
20. fyrir hönd
21. krafs

**LÓÐRÉTT**
1. höfuð
3. frá
4. hrörnun
5. sigað
7. vinsæll
10. ákæra
13. lík
15. sjá eftir
16. ris
19. kusk

**LÁRÉTT:** 2. java, 6. aá, 8. fit, 9. uss, 11. tt, 12. stöng, 14. skáli, 16. þæ, 17. röð, 18. all, 20. pr, 21. klór.
**LÓÐRÉTT:** 1. haus, 3. af, 4. vitglöp, 5. att, 7. ástsæll, 10. sök, 13. nár, 15. iðra, 16. þak, 19. ló.

### Skák Gunnar Björnsson



Schusterowitsch átti leik gegn Koz í Saratow árið 1990.

**Svartur á leik**

**1. ... Hd2+! 2. Kxb3 Hxb2+!** Hvítur gaf enda óverjandi mát. Afar mikið verður um að vera í skáklífi landans næstu helgi og fara ein þrjú mót fram.

**www.skak.is** EM taflfélaga






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 7 | 9 | 8 | | | 2 | 6 |
| 6 | | 9 | 5 | | | | 4 | |
| 8 | | 2 | 7 | 6 | | 5 | | |
| | | | | | 9 | | 3 | 8 |
| 2 | 6 | | | | 1 | | 7 | 4 |
| 3 | | 4 | | | 6 | | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | | | 5 | 7 | 6 | |
| | 5 | | 2 | | | 3 | 1 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | | 9 | | 4 | | | |
| 3 | | | 2 | | 6 | 8 | | 4 |
| | | 9 | | | | | 5 | |
| 8 | 9 | 3 | | 6 | | | | |
| | 4 | | | | 5 | | | |
| | | | 4 | 2 | | | 6 | |
| | | | | | 1 | | | 6 |
| 1 | 5 | | 3 | | | | | |
| | 3 | | | 8 | 9 | 5 | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 8 | | 2 | |
| 1 | | | | | | | 6 | |
| | | | 1 | | | | | 7 |
| 7 | | | 4 | 6 | | | 9 | 3 |
| 8 | | | | | | | | |
| | 6 | | | 9 | | | | 2 |
| | 1 | 8 | 3 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | 5 | |
| | | 3 | | | 1 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Casa dolce casa®
FLÍSAR
FYRIR FAGURKERA
ÍTÖLSK HÖNNUN Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# MENNING

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT




STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR
SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.

RÝMUM TIL FYRIR NÝJA TÍMA

VEGNA BREYTINGA Á VERSLUN OKKAR Í FAXAFENI BJÓÐUM VIÐ SÝNINGAREINTÖK OG ELDRI GERÐIR AF ÝMSUM VÖRUM MEÐ 20–50% AFSLÆTTI.

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ



Betra BAK
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

## Rakarinn gæti verið betri

**ÓPERA**
**Rakarinn frá Sevilla**

**Rossini**
Íslenska óperan í Hörpu laugardaginn 17. október.
★★★☆☆



Beethoven hafði lítið álit á Rossini. Hann kallaði hann illmenni. Honum fannst hann yfirborðskenndur þó hann viðurkenndi að hann hefði hæfileika til að semja ljúfar og áheyrilegar laglínur. Óperan Rakarinn frá Sevilla var ekki merkileg að hans mati. Gagnrýni hans var á þessa leið: „Rossini hefði orðið mikið tónskáld ef kennarinn hans hefði rassskellt hann með reglulegu millibili.“

Rakarinn er gamanópera sem fjallar um tilraunir greifa nokkurs til að ná ástum ungrar konu, Rosinu að nafni. Hann nýtur hjálpar rakarans Figaro, sem öllu reddar, og saman berjast þeir gegn slóttugum tónlistarkennara, Don Basilio, og lækninum Bartolo. Sá síðarnefndi vill giftast Rosinu, sem er skjólstæðingur hans. Þetta er svo sem ekki merkilegur kveðskapur, og Beethoven hafði rétt fyrir sér að tónlistin er það ekki heldur. Engu að síður skartar óperan áheyrilegum melódíum og kraftmiklum hápunktum. Söguþráðurinn er léttur, og það má hafa gaman af honum.

Til þess að óperan virki þarf húmorinn að vera í forgrunni. Leikstjórinn Ágústa Skúladóttir kreisti sannarlega fram skondna tilburði hjá söngvurunum. En það dugði skammt. Því miður voru tvær þjónustustúlkur í bakgrunni partur af leikmyndinni allan tímann, þær fettu sig og brettu í alls konar undarlegum stellingum á meðan þær voru að skúra eða þurrka af. Þetta átti auðvitað að vera fyndið en varð snemma leiðigjarnt og býsna truflandi. Þarna hefði þurft alvöru dans, alvöru dansara.

Leikmyndin sjálf, sem var eftir Steffen Aarfing, var líka óspennandi. Hún var eins og risastórt dúkkuhús. Maður varð fljótt þreyttur að horfa á hana. Í mótsögn við hana voru fremur íburðarmiklir búningar Maríu Th. Ólafsdóttur. En á óvart kom að þeir voru engan veginn í stíl við auglýsingaplakat sýningarinnar, sem sýnir rakara í nútímajakkafötum. Búningarnir á sýningunni voru frá fyrri tíð, og ekki nándar nærri eins smart og auglýsingin gaf til kynna. Þeir hefðu mátt vera meira sexí.

Söngvararnir sjálfir stóðu sig samt flestir með mikilli prýði. Rakarinn var leikinn af Oddi Arnþóri Jónssyni, en hann sló eftirminnilega í gegn í Don Carlo í fyrra. Frammistaða hans olli ekki vonbrigðum nú. Óhætt er að segja að hann hafi átt sýninguna, hann var hreint út sagt magnaður. Röddin var dásamlega jöfn á öllum sviðum, hún var kraftmikil og fókuseruð; stöðug, en umfram allt unaðslega fögur.

Leikurinn hjá Oddi var hins vegar dálítið stífur. Sennilega hentar honum ekki svona gamanhlutverk. Hann á betur heima í dramatískari rullu.

Gissur Páll Gissurarson var í hlutverki greifans, og söng fallega, einstaklega músíkalskt. Sumir efri tónarnir voru örlítið flöktandi, hver svo sem ástæðan var. En hann lék skemmtilega, því verður ekki neitað.

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir var síðri. Hún er svo sannarlega flott listakona sem hefur gert ótal margt aðdáunarvert. En hér virtist hún ekki vera á réttum stað. Leikur hennar var sannfærandi en rödd hennar barst ekki nægilega vel í samanburði við hina söngvarana.

Viðar Gunnarsson var fyndinn sem Don Basilio, en söngurinn var nokkuð flatur. Bjarni Thor Kristinsson var aftur á móti fínn í hlutverki Bartolos. Það sópaði að honum. Valgerður Guðnadóttir og Ágúst Ólafsson voru líka glæsileg í minni hlutverkum.

Karlakór óperunnar skilaði sínu hlutverki með sóma og söng fagurlega. Hljómsveitin undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar var jafnframt frábær, þar var allt á sínum stað. Hver einasta nóta var hrein. Sambandið á milli hljóðfæraleikara og söngvara var með ágætum. Spilamennskan og heildarsöngurinn var fjörlegur og glettinn, akkúrat eins og Rossini á að hljóma. Það var bara ekki nóg. Sýnilegi hlutinn í óperu skiptir gríðarlegu máli líka og hann var einfaldlega ekki ásættanlegur hér.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Söngvararnir voru flestir góðir, hljóðfæraleikurinn framúrskarandi. En sýningin í heild einkenndist af aulahúmor og leikmyndin var pínleg áhorfs.

## Hugarflug og agaður stíll

Sigurður Skúlason leikari og skáld stendur í kvöld kl. 20 fyrir Gyrðisvöku í Hannesarholti. Sigurður hefur sett saman og hyggst flytja um klukkustundar langa dagskrá úr verkum Gyrðis Elíassonar skálds, rithöfundar og þýðanda. „Þetta er nú að eigin frumkvæði sem ég er að standa í þessu en Gyrðir er minn uppáhalds núlifandi íslenski höfundur. Það er nú hvatinn á bak við þetta.

Málið með Gyrði er að hann er fyrst og fremst skáld af guðs náð. Hann hefur þvílík yfirburða tök á ritlistinni og hans skáldaæð er svo víðfeðm og botnlaus. Hann sameinar það að hafa að því er virðist takmarkalaust hugarflug og svo mjög agaðan stíl sem er alveg ótrúlega sterk blanda.

Það er í rauninni merkilegt að skoða höfundarverk Gyrðis og hversu stórt og fjölbreytilegt það er í ljósi þess að hann er ekki nema fimmtíu og fjögurra ára. Þegar maður fer að kynna sér verk Gyrðis þá áttar maður sig líka fljótlega á því að hann er búinn að lesa alveg gríðarlega mikið. Í framhaldi af því þá er eðlilegt að skoða framlag Gyrðis til íslenskra bókmennta og menningar út frá þýðendaverkinu, þar sem er að finna ljóð, smásögur og skáldsögur, en þar er allt svo vel unnið og vandað. Í þýðingaverkinu er hann að leita uppi verk sem eru ekki endilega efst á vinsældalistum í heiminum en eru engu að síður frábær verk. En það er í raun fyrst og fremst öll þessi vandaða vinna, í þýðingum jafnt sem skáldskap, sem höfðar til mín og eflaust hans lesenda almennt.“



Sigurður Skúlason stendur fyrir Gyrðisvöku í Hannesarholti í kvöld.

> **EN ÞAÐ ER Í RAUN FYRST OG FREMST ÖLL ÞESSI VANDAÐA VINNA, Í ÞÝÐINGUM JAFNT SEM SKÁLDSKAP, SEM HÖFÐAR TIL MÍN.**

Sigurður ætlar að leggja í að flytja dagskrána einn og sjálfur og það er af mörgu að taka. „Ég játa að það var ekkert auðvelt að velja inn í dagskrána en það var líka afskaplega skemmtileg vinna. Ég reyni að hafa þetta fjölbreytt og mun koma víða við. Það verða þarna ljóð, smásögur, smáprósar, brot úr lengri sögum og svo aðeins að tæpt á þýðingunum.

Málið er að maður þarf aðeins að ganga inn í frásagnarstíl Gyrðis og þá kynnist maður mörgum hliðum á þessum verkum. Hann hefur svo mögnuð tök á efni og stíl að stundum er þetta svona eins konar leiðsla sem maður líður inn í en það er líka að finna sársauka og gleði í verkum Gyrðis. Málið er að njóta.“

magnus@frettabladid.is

# Jón Kalman og Sigurjón Bergþór lesa upp og spjalla

Rithöfundarnir Jón Kalman Stefánsson og Sigurjón Bergþór Daðason spjalla um nýútkomnar bækur sínar við Höllu Þórlaugu Óskarsdóttur í Gunnarshúsi annað kvöld, fimmtudag, auk þess að lesa kafla úr þeim.

Jón Kalman gefur út hjá Bjarti skáldsöguna Eitthvað á stærð við alheiminn, sem er framhald á Fiskarnir hafa enga fætur sem kom út árið 2013. Lýkur þar ættarsögunni sem teygir sig frá Norðfirði forðum til Keflavíkur dagsins í dag, með viðkomu á Miðnesheiðinni.

**» Fiskarnir hafa enga fætur kom nýlega út á frönsku og hefur nú verið tilnefnd til tvennra virtra bókmenntaverðlauna í Frakklandi, Prix Médicis og Prix Femina.**

Hendingskast heitir skáldsaga Sigurjóns Bergþórs, það er hans fyrsta bók og kemur út hjá bókaútgáfunni Veröld. Í henni er sagt frá óvæntum atburðum sem koma róti á líf sögupersónanna.

Þetta er annað höfundakvöld haustsins í Gunnarshúsi, húsi Rithöfundasambands Íslands að Dyngjuvegi 8. Það hefst klukkan 20, annað kvöld. Allir eru velkomnir á þennan menningarviðburð meðan stólar leyfa.

Aðgangseyrir er 1.000 krónur og veitingar eru innifaldar.

Hægt verður að kaupa hinar nýju bækur á sérstöku kynningarverði og fá þær áritaðar af höfundunum ef áhugi er fyrir. **– gun**



**Jón Kalman lýkur ættarsögu í nýju bókinni** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON



**Unnur Birna, Una Dóra, Sigurður Helgi og Guðmundur.**

## Dægurperlur millistríðsáranna

Una Dóra Þorbjörnsdóttir sópran og Guðmundur Davíðsson tenór flytja nokkrar ástsælar dægurperlur millistríðsáranna í Digraneskirkju í Kópavogi í kvöld klukkan 20. Á efnisskránni er allt frá létt-klassískum óperettuvölsum úr Kátu ekkjunni og Meyjaskemmunni til heimsþekktra dægurslagara á borð við La vie en rose, Ramona og We'll Meet Again. Öll eiga lögin það sameiginlegt að fjalla um ástina og yfirskriftin er Ég man þig.

Söngvurunum til aðstoðar eru Unnur Birna Björnsdóttir fiðluleikari og Sigurður Helgi Oddsson píanóleikari sem kynnir dagskrána og rifjar upp ýmsar sögur tengdar lögunum.

Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

## Þú og ég féll í kramið

Stuttmyndin Þú og ég eftir Ásu Helgu Hjörleifsdóttur var valin besta íslenska myndin á alþjóðlegu stuttmyndahátíðinni Northern Wave sem fór fram á Grundarfirði. En króatíska stuttmyndin The Chicken eftir Unu Gunjak var í efsta sæti á alþjóðlega vísu og Dim the Lights með Creep ásamt Sia #EmbraceYourself eftir Kitty Von-Somtime var valið besta tónlistarmyndbandið.

Verðlaunagripir voru gerðir úr hrauni og leðri, hannaðir af Lavaland. **– gun**



**Ása Helga Hjörleifsdóttir stendur á bak við Þú og ég.**







# Nurofen Apelsin

Íbúprófen mixtúra fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 12 ára

- Hitalækkandi
- Verkjastillandi
- Bólgueyðandi

**Sýnt hefur verið fram á að Nurofen apelsin slær á hitann eftir aðeins 15 mínútur og áhrifanna gætir í allt að 8 klukkustundir**

## Fæst án lyfseðils í apótekum

Nurofen Apelsin 40 mg/ml mixtúra, dreifa. **Inniheldur** Íbúprófen. Til skammtímameðferðar gegn vægum til miðlungi alvarlegum verkjum eða hita. **Skammtar og lyfjagjöf:** Til inntöku. Dagsskammtur af Nurofen er 20-30 mg/kg líkamsþyngdar tekin inn í 3-4 aðskildum skömmtum á u.þ.b. 6 til 8 klst. fresti. Mælt er með því að sjúklingar sem eru viðkvæmir í maga taki Nurofen með mat. Ekki ráðlagt fyrir börn yngri en 6 mánaða eða undir 8 kg. Aðeins til skammtímanotkunar. Leita skal til læknis ef einkenni versna. Ef lyfið er notað án lyfseðils og einkenni barnsins eru viðvarandi í meira en 3 daga skal leita til læknis. Lágmarka má aukaverkanir með því að nota lægsta virka skammt í eins stuttan tíma og hægt er til að meðhöndla einkenni. **Ekki má taka lyfið ef þú:** Hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni, bólgueyðandi gigtarlyfjum, hveiti eða einhverju innihaldsefnanna, sögu um berkjukrampa, astma, nefslímubólgu eða ofsakláða í tengslum við inntöku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja, sögu um blæðingar eða rof í meltingarvegi í tengslum við fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum, virk sár, eða sögu um endurtekin sár/blæðingar í maga, virka blæðingu í heila eða annars staðar, alvarlega lifrarbilun, alvarlega nýrnabilun, alvarlega hjartabilun, storkuvandamál, óútskýrðar truflanir á blóðmyndun svo sem blóðflagnafæð, ert á síðasta þriðjungi meðgöngu, tekur önnur bólgueyðandi gigtarlyf eða meira en 75 mg af acetýlsalicýlsýru daglega, ert með hlaupabólu, hefur nýlega gengist undir stóra skurðaðgerð, hefur ofþornað. **Gæta skal sérstakrar varúðar og ræða við lækni eða lyfjafræðing ef þú ert með, hefur einhvern tíman fengið eða átt hættu á að fá:** Bandvefssjúkdóm, þarmasjúkdóm, hjarta og/eða æðasjúkdóm, skerta nýrnastarfsemi, lifrarsjúkdóm, óþol fyrir sykrum eða ef þú tekur önnur lyf. Regluleg notkun verkjalyfja getur leitt til varanlegra truflana á nýrnastarfsemi. Andþyngsli geta komið fyrir ef barnið hefur astma, langvinnt nefrennsli, sepa í nefi eða ofnæmissjúkdóma. Örsjaldan hefur verið greint frá alvarlegum viðbrögðum í húð í tengslum við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja. Hætta skal notkun Nurofen Apelsin strax við fyrstu merki um útbrot á húð, sár á slímhúðum eða önnur einkenni ofnæmisviðbragða. Lyf svo sem Nurofen Apelsin geta tengst aukinni hættu á hjartaáfalli eða heilaslagi. Ekki nota meira en ráðlagðan skammt og ekki lengur en ráðlagt er. Ef blæðing eða sár koma fram í meltingarvegi ætti að hætta meðferð strax. Hættan á blæðingum, sáramyndun eða rofi í meltingarvegi eykst við notkun stærri skammta af bólgueyðandi gigtarlyfjum, hjá sjúklingum með sögu um sár í meltingarvegi, einkum ef þeim hafa fylgt blæðingar eða rof og hjá öldruðum. Lyfið getur dulið einkenni sýkinga og hita. Sjúklingar með sögu um aukaverkanir í meltingarfærum, sérstaklega aldraðir, ættu að hafa samband við lækni án tafar og greina frá öllum óvenjulegum einkennum frá meltingarvegi. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn+ – lægra verð







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| CRIMSON PEAK | 8, 10:30 |
| PAN 3D ÍSL | 5:30 |
| ÞRESTIR | 5:50 |
| KLOVN FOREVER | 8, 10:30 |
| EVEREST 3D | 5:30, 8 |
| SICARIO | 10:10 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| PAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 |
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| LEGEND | KL. 8 - 10:40 |
| BLACK MASS | KL. 9 - 10:10 |
| BLACK MASS VIP | KL. 5:20 - 10:40 |
| EVEREST 3D | KL. 8 - 10:40 |
| EVEREST 2D | KL. 6 |
| EVEREST 2D VIP | KL. 8 |
| VACATION | KL. 8 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| PAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 |
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| CRIMSON PEAK | KL. 8 - 10:30 |
| LEGEND | KL. 10:30 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 5:30 |
| CRIMSON PEAK | KL. 8 - 10:40 |
| LEGEND | KL. 8 - 10:35 |
| BLACK MASS | KL. 10:30 |
| THE INTERN | KL. 5:20 |
| EVEREST 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:20 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| OTELLO ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 |
| PAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| LEGEND | KL. 10:40 |
| BLACK MASS | KL. 8 - 10:30 |
| THE INTERN | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| ÞRESTIR | KL. 8 |
| THE WALK 3D | KL. 10:10 |
| CRIMSON PEAK | KL. 10:30 |





# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

## 21. OKTÓBER 2015

### Tónlist

**Hvað?** Skáldið og biskupsdóttirin
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Sópransöngkonan og tónskáldið Alexandra Chernyshova fagnar útgáfu nótnabókar sinnar. Í henni má finna 14 lög úr óperu Alexöndru, Skáldið og biskupsdóttirin. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Högni Egilsson
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Nýheimar, Höfn í Hornafirði
Högni Egilsson leikur á Höfn í Hornafirði í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Geislar ásamt Axel Flóvent
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel
Hljómsveitin Geislar spilar á tónleikum á Kexi hosteli í kvöld. Auk hljómsveitarinnar spilar tónlistarmaðurinn Axel Flóvent. Aðgangur ókeypis.



**Högni spilar á Höfn í Hornafirði í kvöld.**

**Hvað?** Múlinn Jazzklúbbur: Heimstónlistarkvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Matthías Stefánsson fiðluleikari leikur ásamt tríói ungverska sígaunaópusa og tangóa. Balkanhljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans og tríóið leika svo tyrknesk, grísk og búlgörsk lög. Tríó Matthíasar Stefánssonar skipa auk Matthíasar þeir Gunnar Hilmarsson á gítar og Leifur Gunnarsson á bassa. Skuggamyndir frá Býsans skipa klarinettuleikarinn Haukur Gröndal, Ásgeir J. Ásgeirsson á tamboura, bouzouki, saz baglama, Þorgrímur Jónsson á bassa og Erik Quick á slagverk. Miðaverð frá 2.000 krónum.

**Hvað?** Dj Jesús
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Big Lebowski Bar

**Hvað?** Heiða Eiríksdóttir, David John Hull og Aidan Bartley
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Fjölþjóðleg trúbadoraþrenna á Café Rosenberg í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.




**Back to the Future-myndirnar verða sýndar í Bíói Paradís í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Skúli mennski
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stofan
Tónlistarmaðurinn Skúli mennski spilar ásamt hljómsveit á kaffihúsinu Stofunni í kvöld. Frítt inn.

**Hvað?** Dj Steindór Jónsson
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn

### Uppákomur

**Hvað?** Hvað gerir Stúdentaráð?
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Háskólatorg
Stúdentaráð H.Í. í samstarfi við FS kynnir starf sitt og svarar spurningum áhugasamra á Háskólatorgi.

**Hvað?** Back To The Future 10/21/2015
**Hvenær?** 16.29
**Hvar?** Bíó Paradís
Í tilefni þess að í dag eru þrjátíu ár síðan fyrsta Back to the Future-myndin var frumsýnd og í dag er dagurinn sem Marty McFly flaug á silfurlituðum Delorean til framtíðar mun Bíó Paradís sýna allar myndirnar í röð. Einnig mun Sævar Helgi Bragason, ritstjóri Stjörnufræðivefsins, halda fyrirlestur um tímaflakk, Ásgeir Ingólfsson les úr ljóðabók sinni Framtíðin. Miðaverð á myndirnar þrjár saman er 3.000 krónur.

**Hvað?** Gyrðisvaka
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Leikarinn Sigurður Skúlason flytur dagskrá sem hann hefur unnið upp úr höfundarverki rithöfundarins Gyrðis Elíassonar og mun bregða upp nokkrum dæmum úr fjölbreytilegri og margslunginni skáldskaparlist höfundarins. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Heimspekikaffi – Myndin af Guði
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gerðuberg
Rithöfundurinn og heimspekingurinn Gunnar Hersveinn spáir í ímynd guðanna fyrr og nú í heimspekikaffi. Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarkona segir frá endurskoðun sinni á helgimyndum. Allir velkomnir.

### Málþing

**Hvað?** Málfundur um geðheilbrigðismál
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Heimdallur, Háaleitisbraut 1
Frummælendur eru Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra og Auður Axelsdóttir, forstöðukona Hugarafls. Að erindum loknum hefjast umræður þar sem Kristján Þór, Auður og aðrir gestir svara spurningum úr sal. Fundurinn er öllum opinn.

**Hvað?** Kynleg kennsla
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Hallveigarstaðir
Samnorrænt málþing um kynjafræðikennslu í framhaldsskólum. Rætt verður um kynjafræðikennslu á framhaldsskólastigi, áskoranir og tækifæri, kennsluefni, kennsluaðferðir og framtíðarsýn. Málþingið og umræður fara fram á ensku. Aðgangur ókeypis

### Fundir

**Hvað?** Framfarafundur Pírata
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Höfuðstöðvar Pírata, Fiskislóð 1
Framkvæmdaráð Pírata boðar til framfarafundar. Allir velkomnir.


Ert þú með **verki**?

**Stoðkerfislausnir**

Henta þeim sem eru með verki eða önnur einkenni frá stoðkerfi, vilja læra á sjálfa sig og finna sín mörk í hreyfingu. Þátttakendur fara í einstaklingsviðtal til sjúkraþjálfara í upphafi.

8 vikna námskeið hefjast 26. og 27. október
2 x í viku: **Þri. og fim. kl. 17.30**
3 x í viku: **Mán., mið. og fös. kl. 15.00**
Framhaldsnámskeið: **Þri. og fim. kl. 16.30**



Þjálfarar: Arna Steinarsdóttir og Audrey Freyja Clarke sjúkraþjálfarar

HEILSUBORG
- Þín brú til betri heilsu

Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010




BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Back to the future ............ 18:00
Back to the future II ............ 20:30
Back to the future III ............ 22:30




STÖÐ 2 KYNNIR
Í SAMSTARFI VIÐ HLJÓÐX
Í HOFI AKUREYRI LAUGARDAGINN 31. OKTÓBER
BESTU LÖG BJÖRGVINS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON VERÐUR Á PERSÓNULEGUM NÓTUM
OG FLYTUR MÖRG AF SÍNUM BESTU LÖGUM ÁSAMT FRÁBÆRRI HLJÓMSVEIT
MIÐASALA Á MAK.IS

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




19:50
**SIGRÍÐUR ELVA Á FERÐ OG FLUGI**
Hinum megin við norðurpólinn, en þó í aðeins sjö tíma fjarlægð frá Keflavík, ráfa elgir um götur borgar þar sem sjóflugvélar eru hversdagslegur ferðamáti. Sigríður Elva skrapp til Anchorage í Alaska.

FRÁBÆR
**MIÐVIKUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

20:15
**COVERT AFFAIR**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.




21:00
**GREY'S ANATOMY**
Frábær þáttaröð um ungu og efnilegu læknana á Grey Sloan spítalanum en einkalíf þeirra er ekki alltaf í samræmi við hæfileika þeirra í starfi.



21:45
**BLINDSPOT**
Ung kona finnst á Times Square, algjörlega minnislaus og líkami hennar þakinn húðflúrum sem eru vísbendingar á glæpi sem þarf að leysa.



22:30
**BONES**
Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.




22:00
**AFTER EARTH**
Spennandi ævintýramynd frá 2013 með feðgunum Jaden Smith og Will Smith í aðalhlutverkum.



3 | 21:45
**LAST SHIP**
Hörkuspennandi þættir um áhöfn herskips sem fær það erfiða verkefni að hafa uppi á mótefni sem vinnur gegn alheimsfaraldri.




**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** 365.is


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Middle
**08.25** The Crazy Ones
**08.50** Friends with Better Lives
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.05** Heimsókn
**11.25** Sullivan & Son
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Nashville
**13.45** Nashville
**14.30** White Collar
**15.20** Restaurant Startup
**16.05** Big Time Rush
**16.30** Up All Night
**16.55** Raising Hope
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mindy Project Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástarlífinu. Mindy er ungur læknir á uppleið en rómantíkin flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér.
**19.50** Sigríður Elva á ferð og flugi
**20.15** Covert Affairs
**21.00** Grey's Anatomy
**21.45** Blindspot
**22.30** Bones 10
**23.15** Real Time with Bill Maher Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bill Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.
**00.15** NCIS
**01.00** The Blacklist
**01.45** The Player
**02.30** Stalker
**03.15** Green Hornet
**05.10** The Roomate

## SPORT

**07.20** Meistaradeildarmörkin
**07.55** Meistaradeildarmörkin
**08.30** Internazionale - Juventus
**10.10** Ítölsku mörkin
**10.40** Bayer Levekusen - Roma
**12.25** BATE - Barcelona
**14.10** Dinamo Kiev - Chelsea
**15.55** Arsenal - Bayern München
**17.40** Meistaradeildarmörkin
**18.15** Meistaradeildarkvöld
**18.40** CSKA Moskva - Man. Utd. BEINT
**20.45** Meistaradeildarmörkin
**21.30** PSG - Real Madrid
**23.20** Man. City - Sevilla
**01.10** Haukar - Snæfell

## SPORT 2

**12.35** Premier League Review
**13.30** Football League Show
**14.00** Swansea - Stoke
**15.40** Messan
**16.40** Premier League World
**17.10** Newcastle - Norwich
**18.50** Premier League Review
**19.45** Chelsea - Aston Villa
**21.35** Everton - Man. Utd.
**23.15** Tottenham - Liverpool

## GOLFSTÖÐIN

**08.40** PGA Tour
**11.40** Golfing World
**12.30** The Open Championship
**17.35** Inside the PGA Tour
**18.00** Golfing World
**18.50** PGA Tour
**21.50** PGA Tour - Highlights
**22.45** Golfing World

## STÖÐ 3

**18.40** Clipped
**19.05** Sullivan & Son
**19.30** Ground Floor
**19.55** 50 Ways to Kill Your Mammy
**20.40** Mayday: Disasters
**21.25** Last Ship
**22.10** The Originals
**22.55** The Last Man on Earth
**23.15** Sirens
**23.40** Flash
**00.25** Gotham
**01.10** Arrow
**01.50** Supernatural
**02.35** Ground Floor
**03.00** 50 Ways to Kill Your Mammy
**03.45** Mayday. Disasters
**04.30** Last Ship
**05.15** The Last Man on Earth
**05.35** The Originals
**06.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveins
**07.49** Rasmus Klumpur og félagar
**07.55** UKI
**08.00** Ævintýri Tinna
**08.23** Brunabílarnir
**08.47** Elías
**09.00** Skógardýrið Húgó
**09.25** Latibær
**09.47** Ævintýraferðin
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.45** Doddi litli og Eyrnastór
**10.55** Leyndarmál vísindanna
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveins
**11.49** Rasmus Klumpur og félagar
**11.55** UKI
**12.00** Ævintýri Tinna
**12.23** Brunabílarnir
**12.47** Elías
**13.00** Skógardýrið Húgó
**13.25** Latibær
**13.47** Ævintýraferðin
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.55** Leyndarmál vísindanna
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveins
**15.49** Rasmus Klumpur og félagar
**15.55** UKI
**16.00** Ævintýri Tinna
**16.23** Brunabílarnir
**16.47** Elías
**17.00** Skógardýrið Húgó
**17.25** Latibær
**17.47** Ævintýraferðin
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.45** Doddi litli og Eyrnastór
**18.55** Leyndarmál vísindanna
**19.00** Franklín

## GULLSTÖÐIN

**17.55** Two and a Half Men
**18.20** Friends
**18.45** New Girl
**19.05** Modern Family
**19.30** Beint frá býli
**20.15** Tekinn 2
**20.45** Chuck
**21.30** Klovn
**22.00** Cold Case
**22.45** Cold Feet
**23.35** Beint frá býli
**00.20** Tekinn 2
**00.45** Chuck
**01.30** Klovn
**01.55** Cold Case
**02.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**12.10** Tenure
**13.40** Drinking Buddies
**15.15** Inside Job
**17.05** Tenure
**18.35** Drinking Buddies
**20.10** Inside Job Heimildarmyndin Inside Job fjallar ítarlega um efnahagshrunið 2008 sem var versta niðursveifla í efnahagskerfi heimsins síðan í kreppunni miklu á þriðja áratug síðustu aldar. Myndin er unnin upp úr rannsóknum og viðtölum við aðila í lykilstöðum í fjármálaheiminum, stjórnmálum, fjölmiðlum og háskólasamfélaginu.
**22.00** After Earth
**23.40** 2 Days in New York Rómantísk gamanmynd frá 2012 með Chris Rock og Julie Delpy í aðalhlutverkum. Marion býr á Manhattan ásamt syni sínum og kærasta, Mingus. Lífið er notalegt þangað til skyldmenni Marion frá Frakklandi ákveða að heimsækja hana til New York.
**01.15** Don't Be Afraid of the Dark
**02.55** After Earth

## RÚV

**14.00** Aftur til framtíðar
**15.45** Frú Biggs
**16.50** Landinn
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Herkúles
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Vísindahorn Ævars
**18.30** Attenborough: Furðudýr í náttúrunni
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Tónahlaup
**20.45** Kiljan
**21.25** Höfuðstöðvarnar
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Tatler: Á bakvið tjöldin
**23.20** Aftur til framtíðar
**01.05** Kastljós
**01.35** Fréttir
**02.00** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.30** Cheers
**13.55** Dr. Phil
**14.35** Black-ish
**15.00** Jane the Virgin
**15.45** America's Next Top Model
**16.25** Solsidan
**16.45** Life in Pieces
**17.05** Grandfathered
**17.30** The Grinder
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Odd Mom Out
**20.15** Reign
**21.00** Code Black
**21.45** Quantico
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Madam Secretary
**00.35** Scandal
**01.20** How to Get Away
**02.05** Code Black
**02.50** Quantico
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


„Mávurinn er grimmilega fyndin sýning, gneistar af uppátækjum og ástríðu"
SJ - Fbl
„Langt er síðan ég hef séð á íslensku sviði jafn áreynslulausan en þó markvissan og flæðandi samleik"
M.K. Víðsjá
„Sviðsetning Yönu Ross er ferskur andvari inn í leikárið"
SJ - Fbl
„Mávurinn ber af, mun seint gleymast"
SJ - Fbl
„Þetta var sprengikvöld"
HA - Kastljós
„Áhrifamikil sýning, fyndin og ögrandi"
DK - Hugras.is
„Þetta er nútímaleikrit og dúndursýning"
SA - tmm.is
„Galdurinn - það sem gerir þessa brjáluðu sýningu og djörfu tilraun að svona vel heppnuðu leikhúskvöldi - er ósýnilegur í loftinu milli leikaranna á sviðinu og milli orðanna sem dr. Tsjékhov setti á blað"
ÞT - Morgunblaðið
Pantaðu ljúffengar veitingar sem bíða þín fyrir sýningu eða í hléi.
veitingar@borgarleikhus.is
MÁVURINN
EINRÓMA LOF
EKKI MISSA AF DÚNDUR LEIKHÚSUPPLIFUN
TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI!
MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS
Borgarleikhúsið









# Framtíðin er hér

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is

Í dag, 21. október 2015, er dagurinn sem Marty McFly skall á framtíðinni. Aðdáendur um allan heim hafa beðið lengi, eða síðan 1989. Fréttablaðið tók snúning á nokkrum dyggum aðdáendum af þessu tilefni.

## ÚTSKÝRIR TÍMAFLAKK Í TILEFNI DAGSINS



Ég ætla að útskýra tímaflakk frá aðeins raunsærra sjónarhorni en gert er í myndunum, svo sem hvernig náttúran leyfir okkur að flakka og það geri ég með erindi í Bíói Paradís í dag," segir Sævar Helgi Bragason, ritstjóri Stjörnufræðivefsins.

„Með því að nota afstæðiskenningu Einsteins, og í grófum dráttum virkar það þannig að eftir því sem þú ferð hraðar, og ferðast eins nálægt ljóshraða og hægt er þá líður tíminn hægar á jörðinni. Marty fer þrjátíu ár fram í tímann, og til að hann gæti það, þá þyrfti hann að fara á ljóshraða í eitt ár," útskýrir Sævar og nær útilokar ferðalög til fortíðar. „Það er mikið meira vesen." Sævar segist dýrka myndirnar, og horfa á þær allar að minnsta kosti einu sinni á ári. „Ég kann þær nánast utan að." Ætlar hann sannarlega að halda upp á daginn, og fyrir utan að halda erindið, þá muni hann snúa buxunum öfugt, líkt og gert var ráð fyrir að menn gerðu þennan dag árið 2015 í myndinni. Spurður hvað honum þyki verst að ekki hafi ræst samkvæmt spám höfunda myndanna minnist hann á pitsustækkarann líkt og Björn, en segist nokk sama um hover-brettin. „En ég er ofboðslega ánægður með að spáin um fljúgandi bíla rættist ekki, það hefði orðið stórhættulegt og óheppilegt fyrir mig sem hef gaman af að skoða himingeima."

## DOC HEFÐI ORÐIÐ MJÖG VONSVIKINN



Við ætlum að vera sex, vinirnir, og byrja snemma seinni partinn að horfa svo við náum öllum myndunum. Það kom ekki annað til greina hjá mér en að taka mér frí frá vinnunni, en ég ætla að reyna að útbúa nokkra þeirra rétta sem voru á boðstólum á Café 80's í mynd númer tvö," segir Ben Green, eldheitur aðdáandi myndanna. „Það hefur verið lengi á dagskránni að gera eitthvað svona, en þó sagt í gríni oft. Það var ekki fyrr en í síðustu viku sem við fórum að átta okkur á að þessi dagsetning væri í alvörunni bara að skella á. Þá förum við að plana þetta af alvöru," útskýrir Ben. Hann hefur verið aðdáandi frá blautu barnsbeini. „Mamma og pabbi tóku þetta upp fyrir okkur bræðurna úr sjónvarpinu og við horfðum endalaust á þessar VHS-upptökur. Ég held að þarna hafi ást mín á vísindaskáldskap kviknað," útskýrir Ben. Segir hann stærstu vonbrigði ársins 2015 sennilega vera þau að ekki séu hér fljúgandi bílar og svifbrettin hvergi sjáanleg. „Þó held ég að Doc hefði orðið ansi vonsvikinn með okkur, að nota enn þá bensín á bílana okkar en ekki rusl eins og hann hafði undirbúið," bendir Ben á og skýtur að: „Jú, ætli ég sé ekki líka frekar vonsvikinn með að sjálfreimandi skór séu ekki í gangi árið 2015."

## Hvað rættist?

- Þráðlausir tölvuleikir eru staðreynd árið 2015.
- 3D bíósýningar og endalausar framhaldsmyndir. Þótt Jaws 19 hafi ekki enn dúndrast á hvíta tjaldið höfum við samt séð sjö Fast and the Furious og fleira í þeim dúr.
- Spjaldtölvur. Þó að þær hafi verið nokkuð klunnalegri en iPadar nútímans, þá verður þessi spá að kallast skratti góð.
- Vídeóspjall, eða það sem við köllum að Skype-a eða Facetime-a.
- Risaflatskjáir.
- Gleraugu þar sem samskiptin fara fram og hægt er að horfa á sjónvarpið. Og félagsleg einangrun í beinu framhaldi fyrir tilstilli tækninnar. Hér árið 2015 höfum við Google-gleraugun.
- Möguleikinn á að horfa á margar stöðvar í einu á risaflatskjá. Beint í mark.

## Hvað rættist ekki?

- Bílarnir okkar fljúga ekki, enn þá.
- Pitsustækkandi ofninn er ekki heldur til, því miður.
- Tvö hálsbindi í einu eru ekki samfélagslega samþykkt.
- Faxtækin eru ekki skilvirkasti samskiptamátinn.
- Sjálfreimandi skór eru ekki partur af daglegu lífi 2015-mannsins.
- Lögfræðingastéttin er enn á meðal vor.

## VÁ, ÞETTA ER FRAMTÍÐIN



Ég setti þessa dagsetningu inn í símann minn fyrir tveimur árum og stillti á áminningu, svo er bara allt í einu komið að þessu," segir Kristrún Eyjólfsdóttir leikmyndahönnuður. Sjálf lærði Kristrún leikmyndahönnun hjá Lawrence G. Paull í American Film Institute og segir hún það sannarlega hafa verið skemmtilegt í ljósi aðdáunar hennar á myndunum frá því hún var stelpa. „Þegar maður er tólf, þrettán ára og horfir á þessar myndir þá kviknar á ímyndunaraflinu. Hvað ef? Hverju myndi maður sjálfur breyta með svona tímavél? Að horfa á þessar myndir gerir það að verkum að þú ert ekki bara að horfa, heldur hugsa ógeðslega mikið á sama tíma. Auðvitað bjóst maður við að þetta yrði svona eins og í myndunum, ég meina, maður átti vasadiskó og svo átti maður geislaspilara, og þá hugsaði maður „vá framtíðin er að koma og hún verður sko svona"," segir Kristrún og bætir við að hún muni sannarlega reyna að horfa á allar myndirnar í dag, annað sé eiginlega ekki hægt.

## FAGNAR Á SLAGINU KLUKKAN 16.29



Þetta er hugmynd sem ég fékk fyrir ári, en ég er mjög mikill aðdáandi myndanna. Ég og fleiri höfum beðið mjög lengi eftir að dagsetningin kæmi loks," segir Ólafur Halldór Ólafsson, eða Óli Dóri, rekstrarstjóri hjá Bíói Paradís sem stendur fyrir fögnuði þar á bæ í dag. Hefjast hátíðarhöld á slaginu 16.29, en það var þá sem Marty McFly lenti í framtíðinni.

Sjálfur er hann mikill aðdáandi og því spennandi dagur fram undan í vinnunni. „Ég veit að hingað munu margir koma í búningum, ég geri ráð fyrir að ekki verði þverfótað fyrir Marty-um," segir Óli Dóri og skellir upp úr. Segir Óli að bíóinu verði breytt í anda framtíðarsýnar höfunda myndanna, og verði meðal annars boðið upp á rétti innblásna af matseðli Café 80's og hægt verði að spila sömu tölvuleiki og þeir gera í myndinni. Óli Dóri segir skemmtanagildi myndanna svo margslungið, en það sé sérlega gaman að horfa á það sem höfundarnir spáðu um. „Þeir sáu 3D-tæknina fyrir og nítjándu Jaws-myndina, sem þó varð ekki að veruleika. Þeir sáu ekki netið fyrir kannski, en sáu samt að dagblöðin myndu að einhverju leyti taka á sig aðra mynd, og þessir hlutir eru merkilegir út af fyrir sig."

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


VERA
50%
AFSLÁTTUR
VERA
DÖMU ÚLPA
24.995 KR.
ÁÐUR ~~49.990 KR.~~
FACTORY STORE
NÝBÝLAVEGI 6 | 200 KÓPAVOGI | 412-5869
ZO•ON ICELAND
KRINGLUNNI | 103 REYKJAVÍK | 412-5864
ZO•ON
ICELAND


FJARÐARKAUP OG
MIÐASALA HEFST
MARÍA ÓLAFS
GUNNI ÞÓRÐAR
EYÞÓR INGI
EIVØR
SALKA SÓL
Jóla
Við kom
jólin
STÓRSVEIT JÓLAGESTA UNDIR
REYKJAVIK SESSION ORCHESTRA UNDIR STJÓRN ROLANDS HARTWELL · REYKJAVÍK GOSPEL COMPANY
BARNAKÓR KÁRSNESSKÓLA UNDIR STJÓRN ÞÓRUNNAR BJÖRNSDÓTTUR · DANSARAR ÚR DANSSKÓ
Skráðu þig fyrir miðnætti!
Jólastjarnan 2015
Söngkeppni fyrir 16 ára og yngri. Sigurvegarinn kemur fram á Jólagestum Björgvins.
Skráningarfrestur til miðnættis í kvöld á www.visir.is/jolastjarnan.
Fylgstu með á Stöð 2.
Cola Stofnað 1968
FK FJARÐARKAUP
MIÐASALA FER FRAM Á



GÓA KYNNA MEÐ STOLTI
Á MORGUN KL. 10!
EGILL ÓLAFS
AXEL FLÓVENT
DÍSELLA
GISSUR PÁLL
ÁGÚSTA EVA
12. desember
í Höllinni
gestir
Björgvins
2015
Sérstakur gestur!
Amira Willighagen
úr Holland's Got Talent
um með
til þín!
STJÓRN ÞÓRIS BALDURSSONAR
UNDIR STJÓRN ÓSKARS EINARSSONAR · KARLAKÓRINN ÞRESTIR UNDIR STJÓRN JÓNS KRISTINS CORTEZ
LA SIGURÐAR HÁKONARSONAR HANDRIT BJÖRN G. BJÖRNSSON LEIKSTJÓRN GUNNAR HELGASON
Hvaða lag viltu heyra?
Taktu þátt í að velja lögin fyrir jólagestina.
Ef þín tillaga verður fyrir valinu áttu möguleika á að vinna miða á tónleikana.
Fylgstu með á Bylgjunni og skráðu þig til leiks á Bylgjan.is.
Veldu lagið þitt!
TIX.IS OG Í SÍMA 551 3800
sena

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Kolbeins Tuma Daðasonar



# Klikkuð körfukvöld

Barátta sjónvarpsstöðvanna er hörð á föstudagskvöldum þar sem félagarnir Gísli Marteinn og Logi Bergmann bjóða þekktum Íslendingum í sófana sína og reyna að keppa við raunveruleikaþáttinn The Voice á Skjá einum. Sjálfur er ég hvorki aðdáandi raunveruleikaþátta né spjallþátta og átti þar til síðastliðinn föstudag ekki von á því að föstudagskvöld yrðu sjónvarpskvöld.

Körfuboltakvöld á Stöð 2 Sport eru farin í loftið. Þættirnir verða fastur liður á föstudagskvöldum í vetur og munu einnig lauma sér inn á mánudagskvöldum allt eftir því hvenær leikir fara fram. Karla- og kvennaboltinn fá umfjöllun þótt það sé ekkert leyndarmál að karlaboltinn fær meiri athygli.

Ég hef lengi vitað að þátturinn væri í smíðum en var alls ekkert sannfærður um að það væri markaður fyrir hann. Stöð 2 Sport er áskriftarstöð og ef áhuginn er ekki nægur þá er ekki forsenda fyrir þættinum enda framleiðslukostnaður heilmikill. Sömuleiðis var ég ekkert sannfærður um að stórvinur minn, Kjartan Atli Kjartansson, væri maðurinn í stjórnandasætið. Taldi svo málglaðan og fróðan mann passa í sérfræðingasætið. Svo má lengi deila um hvaða menn passi best í stól sérfræðinga og á því hafði ég auðvitað líka skoðun.

Eftir tvo þætti er ég orðinn stuðningsmaður númer eitt. Kjartan Atli fer á kostum og sérfræðingarnir sömuleiðis. Þátturinn er ekki eftirlíking af Pepsi-mörkunum heldur hefur sína sérstöðu og er að mörgu leyti frumlegur. Gríðarleg undirbúningsvinna fer í hvern þátt og þar stýrir skútunni Garðar Örn Arnarson. Ef Körfuboltakvöld er ekki komið til að vera í sjónvarpi þá er eitthvað mikið að. Betri þáttur um íslenskan körfubolta verður í það minnsta ekki gerður.




Krabbameinsfélagið
KAUPTU BLEIKU SLAUFUNA
BLEIKASLAUFAN.IS
#BLEIKASLAUFAN
BLEIKA SLAUFAN



KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, bókunargjald (999 kr.) og töskugjald ekki innifalið.